FRÉTTABLAÐIÐ
7. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 9. JANÚAR 2019



Uppsjávartogarinn Víkingur AK liggur nú í Reykjavíkurhöfn og bíður fregna frá leitarskipum Hafrannsóknastofnunar fyrir norðan land um að loðnan sé fundin. Á meðan nýta skipverjar tímann til að gera allt klárt um borð í skipinu sem er annar tveggja uppsjávartogara í eigu HB Granda. Víkingur er 3.672 brúttótonn, smíðaður í Tyrklandi 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# SA býður afturvirkni með skilmálum

**Framkvæmdastjóri SA segir samtökin reiðubúin að fallast á kröfu um afturvirkni samninga verði samið á skynsamlegum nótum fyrir mánaðamót. Verkalýðshreyfingin hefur lagt mikla áherslu á afturvirknina. Deiluaðilar funda öðru sinni hjá ríkissáttasemjara í dag.**

**KJARAMÁL** „Til þess að liðka fyrir viðræðum og lausn geta Samtök atvinnulífsins fallist á að gildistaka kjarasamninga verði afturvirk frá 1. janúar 2019. Skilyrðið fyrir því er þó að samningar náist fyrir lok þessa mánaðar sem taki mið af svigrúmi atvinnulífsins til launahækkana. Þetta tilboð fellur auðvitað niður ef viðræðum verður slitið og boðað til verkfalla enda ber allt samfélagið kostnað af þeirri aðgerð,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA.

> Þetta tilboð fellur auðvitað niður ef viðræðum verður slitið og boðað til verkfalla.
>
> Halldór Benjamín Þorbergsson framkvæmdastjóri SA

Í dag fer fram annar samningafundur hjá ríkissáttasemjara í kjaradeilu SA við Eflingu, VR og Verkalýðsfélag Akraness. Fyrsti fundurinn fór fram milli jóla og nýárs en á þeim fundi var ríkissáttasemjari fyrst og fremst að kalla eftir upplýsingum frá deiluaðilum.

Meðal þess sem verkalýðshreyfingin hefur lagt mikla áherslu á er að samningar verði afturvirkir.

Halldór segir að krafan um afturvirkni sé ekki ný af nálinni og geti verið skynsamleg ef skynsamlegir samningar nást.

„Um þessi stóru efnisatriði eins og launahækkanir, samningstíma og afturvirkni er tekin ákvörðun í lok viðræðna.“

Hann segir kröfuna um afturvirkni byggja á norrænni fyrirmynd þar sem stéttarfélög skilgreini það sem eitt af sínum mikilvægustu hlutverkum að gera kjarasamninga sem raski ekki samkeppnisstöðu meginatvinnugreinanna. **– sar**

## Býður Borgun til sölu á ný

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki hefur ákveðið að hefja að nýju söluferli á 63,5 prósenta hlut bankans í Borgun. Corestar Partners, ráðgjafi Íslandsbanka, vinnur nú að fjárfestakynningu sem gert er ráð fyrir að verði send á fjárfesta í janúar, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Bankinn réð Corestar Partners í september 2016 til ráðgjafar við að móta framtíðarstefnu um hlut sinn í Borgun. Söluferlinu var hins vegar sjálfhætt eftir að FME gerði í febrúar 2017 alvarlegar athugasemdir við eftirlit Borgunar með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Tvö stærstu kortafyrirtæki landsins verða því til sölu á árinu en Arion banki réð nýverið fjárfestingarbankann Citi sem ráðgjafa við sölu á Valitor. **– hae, kij / sjá Markaðinn**

## Fjárfesting í Siggi's skyr skilaði sér meira en hundraðfalt til baka

**VIÐSKIPTI** Fyrirtækið The Icelandic Milk and Skyr Corporation, sem var stofnað af Sigurði Kjartani Hilmarssyni 2006 og var í um 75 prósenta eigu Sigurðar, ættingja hans, vina og annarra sem þeim tengjast, var selt til mjólkurrisans Lactalis fyrir að lágmarki 370 milljónir dala í janúar 2018. Það jafngildir um 40 milljörðum króna á þáverandi gengi.

Fram kemur í nýlegu uppgjöri svissneska mjólkurframleiðandans Emmi Group að félagið hafi bókfært hjá sér hagnað upp á 80,9 milljónir dala við sölu á öllum 22 prósenta hlut sínum í skyrfyrirtækinu.



Ekki liggur fyrir hvert virði eignarhlutarins var í bókum Emmi Group fyrir söluna til Lactalis en ljóst er að sú fjárhæð var óveruleg.

Þeir sem lögðu fyrirtæki Sigurðar til fé margfölduðu því fjárfestingu sína, jafnvel þannig að hún skilaði sér meira en hundraðfalt til baka.

Ingimundur Sveinsson arkitekt og fjölskylda voru á meðal stærstu hluthafa The Icelandic Milk and Skyr Corporation með um fimmtungshlut, samkvæmt heimildum Markaðarins, og fengu þau því um það bil átta milljarða í sinn hlut við söluna. Félag í eigu fjölskyldunnar, Eldhrímnir, setti fjármuni í fyrirtækið á árunum 2006, 2008 og 2013 og var hlutur félagsins metinn á kostnaðarverði, aðeins 51 milljón króna, í bókum þess í lok árs 2017. **– hae, kij / sjá Markaðinn**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Aukin aðkoma almennings að ákvarðanatöku um umhverfismál. 11

**SPORT** Ísland mun senda ungt og spennandi lið til leiks á HM. 14

**MENNING** Listabræðurnir Sveinbjörn I. Baldvinsson og Tryggvi M. Baldvinsson leggja saman. 20

**LÍFIÐ** Allt um lífsins brauð og hvernig það er best. 24



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● LANDVERND 50 ÁRA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
Allt að 60% afsláttur
Stórafsláttur af völdum úrum og skartgripum
MICHELSEN ÚRSMIÐIR
Laugavegi 15 og Kringlunni - michelsen.is

## Veður




Suðvestan 18-25 m/s á norðanverðu landinu, hvassast á Ströndum og Tröllaskaga, en mun hægari syðra. Rigning á vestanverðu landinu, en þurrt að kalla eystra. Styttir upp og kólnar á Vestfjörðum seint í kvöld.
SJÁ SÍÐU 18



**Frá mótmælafundi gegn framkvæmdunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Skyndifriða Víkurgarð

**SKIPULAGSMÁL** Minjastofnun hefur ákveðið að skyndifriða þann hluta Víkurgarðs sem er innan byggingarreits Lindarvatns á Landssímareit.

Áður hafði stofnunin lagt til við Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra að garðurinn eins og hann er skilgreindur í lóðauppdrætti og í daglegu tali er kallaður Fógetagarður yrði friðlýstur. Féllst ráðherrann á það.

Sú friðlýsing nær ekki til framkvæmdasvæðis fyrirhugaðs hótels. Minjastofnun telur hins vegar nauðsynlegt að stækka friðlýsingarsvæðið þar sem ekki hafi fengist ásættanleg niðurstaða í viðræðum við framkvæmdaraðila um inngang hótelsins. Leggst stofnunin alfarið gegn því að Víkurgarður verði notaður sem aðkomusvæði hótelsins.

Skyndifriðunin tók gildi í gær og getur varað í allt að sex vikur. Á meðan hún varir eru allar framkvæmdir á svæðinu óheimilar. Það kemur í hlut ráðherra að ákveða hvort friðlýsa skuli þennan hluta Víkurgarðs að fenginni tillögu Minjastofnunar. Miklar deilur hafa staðið um fyrirhugaða hótelbyggingu en aðila greinir á um hvort framkvæmdir nái inn í sjálfan kirkjugarðinn.

Andstæðingar hótelbyggingarinnar benda á að í austurhluta garðsins hafi verið grafin upp bein árið 2016 og 20 kistur með heillegum beinagrindum fluttar á brott. **– sar**

## Myndataka í Gróttu



**Þessir ferðamenn voru hinir kátustu þegar ljósmyndari Fréttablaðsins rakst á þá á göngu við Gróttu. Börnunum var stillt upp til myndatöku en var greinilega nokkuð kalt. Á síðasta ári voru brottfarir erlendra ferðamanna frá Keflavíkurflugvelli um 2,3 milljónir talsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Nýtt líf jólatrjáa.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Jólatrjám hent í sænsk veiðivötn

**SVÍÞJÓÐ** Í sveitarfélaginu Eda í Svíþjóð er jólatrjám sem íbúarnir hafa flutt á endurvinnslustöðvar að loknu hátíðahaldi komið fyrir í veiðivötnum í sveitarfélaginu. Á vef sænska ríkissjónvarpsins tekur Daniel Nilsson verkefnisstjóri fram að á jólatrjánum sé mikið barr og litlar greinar sem hrogn og svil festist vel á. Þar með fjölgi fiskum í vötnunum.

Söfnun grenitrjánna er liður í verkefni sem styrkt er af Evrópusambandinu. Markmiðið er að auka ferðamennsku tengda veiðum. **– ibs**

# Eldisfyrirtæki klagar prest til kirkjunnar

**Forsvarsmenn Fiskeldis Austfjarða kvörtuðu í fyrra til þjóðkirkjunnar undan framgöngu Gunnlaugs Stefánssonar, sóknarprests í Heydölum. Hefur barist gegn sjókvíaeldi en á sjálfur hagsmuna að gæta í laxveiðihlunnindum í Breiðdalsá.**

**FISKELDI** Forsvarsmenn Fiskeldis Austfjarða hf. hafa sent þjóðkirkjunni kvörtun vegna framgöngu Gunnlaugs Stefánssonar, sóknarprests og ábúanda í Heydölum.

Gunnlaugur hefur haft sig mikið í frammi í baráttunni gegn sjókvíaeldi á Austfjörðum, meðal annars sem formaður Veiðifélags Breiðdæla. En hann á einnig hagsmuna að gæta sem sóknarprestur sem nýtur hlunninda af prestsjörðinni Heydölum. Hagsmuna af veiði á villtum laxi á svæðinu sem hann hefur lýst yfir opinberlega að hann telji sjókvíaeldi stofna í voða.

Prestssetrinu í Heydölum fylgja nefnilega væn hlunnindi sem renna beint í vasa sóknarprests. Bæði af æðardúni og veiði í Breiðdalsá. Samkvæmt fasteignaskrá er hlutur Heydala í Breiðdalsá rúm 16 prósent og metinn á rúmar 4,7 milljónir króna samanborið við 13,4 milljóna matsverð á æðarvarpinu.

Guðmundur Gíslason, forsvarsmaður Fiskeldis Austfjarða, vildi ekkert tjá sig um kvörtunina þegar eftir því var leitað. Erindi fyrirtækisins var tekið fyrir á fundi kirkjuráðs Þjóðkirkjunnar í síðasta mánuði.

Í fundargerð fundarins segir: „Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að óska eftir því við ábúandann, sóknarprestinn í Heydölum, að hann komi á næsta fund fjármálahópsins til að ræða um málefni prestssetursjarðarinnar Heydala."

Málið virðist á viðkvæmu stigi því Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, vildi heldur ekki tjá sig um kvörtunina á hendur sóknarprestinum fyrir austan. Segir Oddur að málið sé í ákveðnu ferli eins og komi fram í fundargerðinni og meðan það sé í vinnslu verði fjölmiðlum ekki veittur aðgangur að gögnum málsins heldur.

Sem dæmi um hitann í eldisdeilunum fyrir austan má nefna að aðalfundur Veiðifélags Breiðdæla, sem Gunnlaugur veitir formennsku, sendi síðastliðið sumar frá sér harðorða bókun þar sem laxeldi í opnum sjókvíum við strendur Íslands var harðlega mótmælt. Meðal ummæla sem þar féllu voru að Íslendingar væru að „láta norska eldisrisa hafa sig að féþúfu" og eldisiðja Fiskeldis Austfjarða í Berufirði væri „lögleysa, og trúverðugleiki stofnana, sem ábyrgð bera á útgáfu leyfa og eftirliti, er í molum og geta þær því tæpast talist marktækar".

Ekki náðist í Gunnlaug Stefánsson í gær, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.
mikael@frettabladid.is



**Guðmundur Gíslason, forsvarsmaður Fiskeldis Austfjarða, sem kvartaði undan sóknarprestinum til þjóðkirkjunnar vildi ekki tjá sig um málið.**



**Gunnlaugur Stefánsson, sóknarprestur í Heydölum.**



> "Námið hjá Promennt gagnast mér gríðarlega vel á nýjum starfsvettvangi enda mjög hagnýtt bókhaldsnám. Möguleiki á stað- og fjarnámi skipti mig mjög miklu þar sem ég var í fæðingarorlofi mestan hluta námstímans. Í kjölfar þessa skemmtilega og krefjandi náms sinni ég nú verkefnum aðal-bókara/fjármálastjóra í nýju starfi í ört vaxandi nýsköpunarfyrirtæki.
>
> **Ingunn Guðbrandsdóttir, fyrrverandi nemandi í Bókhaldi**




GERÐU ÞIG AÐ **VERÐMÆTARI STARFSMANNI**

# BÓKHALDS- OG SKRIFSTOFUNÁM

## BÓKHALD – GRUNNUR

Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur sem vilja vera sem mest sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst **28. janúar** • Morgun- og kvöldhópur • **23 skipti**

## BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

Sérlega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi en vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Einnig kjörinn undirbúningur fyrir námið Viðurkenndur bókari. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst **28. janúar** og **19. febrúar** • Morgun- og kvöldhópur • **25 skipti**

## AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

**NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF**

BÓKHALDSGREINAR
miðvikudaginn
**16. janúar kl. 18**

## FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Námið skiptist í fimm hluta:
- **Bókhald – grunnur**
- **Verkefnastjórnun með MindManager**
- **Bókaranám fyrir lengra komna**
- **Skattskil einstaklinga með rekstur**
- **Viðurkenndur bókari**

**Hefst 28. janúar** • **Lýkur í desember 2019**

## SKRIFSTOFUSKÓLI

**EINSTAKT VERÐ**

Mjög gagnleg námsbraut í samstarfi við Framvegis fyrir þá sem hafa áhuga á að ná frama með almennum skrifstofustörfum, styrkja kunnáttu sína eða nota sem grunn fyrir frekara nám.

Skrifstofuskólinn er ætlaður fólki sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki. Námsbrautin er styrkt af Fræðslusjóði og er þess vegna hægt að bjóða hana á ótrúlegu verði, eða **54.000 kr.** (pr. námsbraut) í stað 293.000 kr.

Hefst **6. febrúar** • Morgun- og kvöldhópur • **48 skipti**

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 184288

# Færri börn en fleiri eldri borgarar á Seltjarnarnesi frá aldamótum

**SELTJARNARNESBÆR** Íbúaþróun á Seltjarnarnesi á þessari öld er frábrugðin þróun nágrannasveitarfélaganna. Á meðan fjölgar í öllum sveitarfélögunum á svæðinu stendur Seltjarnarnes í stað hvað varðar íbúaþróun á tímabilinu.

Frá aldamótum fækkaði íbúum á Seltjarnarnesi til ársins 2013 þegar fjöldi íbúa náði lágmarki en hefur nú risið aftur og náð fyrra horfi.

Hins vegar, þegar skoðaðar eru breytingar á samsetningu íbúanna á Seltjarnarnesi kemur í ljós á þessu tímabili að börnum fækkar nokkuð sem og íbúum á svokölluðum barneignaraldri eða á aldrinum 25 til 45 ára. Að sama skapi fjölgar ellilífeyrisþegum nokkuð á tímabilinu.

> Við munum því sjá Seltjarnarnes stækka upp í um 5.000 manns.
>
> Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi



Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, segir skýringu þess að ekki hafi fjölgað í sveitarfélaginu á tímabilinu einfaldlega vera að land til nýbygginga í sveitarfélaginu sé að mestu upp urið á meðan önnur sveitarfélög eigi enn land til uppbyggingar. Af þeim sökum hafi hin sveitarfélögin stækkað en Seltjarnarnes ekki.

„Það hefur ekki verið mikið byggt á Seltjarnarnesi því við erum að miklu leyti búin með það land sem við getum byggt upp á,“ segir Ásgerður.

„Hins vegar erum við nú að sjá fram á að geta byggt upp á nýjum reit sem hefur verið skilgreint iðnaðarsvæði. Þar mun byggjast upp á næstu árum. Við munum því sjá Seltjarnarnes stækka upp í um 5.000 manns.“

Ásgerður segir að íbúar sveitarfélagsins séu ólíklegir til að flytjast burtu úr sveitarfélaginu sem sýni að þeir séu sáttir við þá þjónustu sem er veitt og að almenn sátt með búsetu skipti miklu máli. **– sa**




## Árborg að ná 10.000 íbúum

**ÁRBORG** Fjölgun íbúa í Árborg á síðustu árum hefur verið afar mikil en á síðustu fimm árum hefur íbúum fjölgað um 21 prósent. Á síðasta ári einu fjölgaði íbúum um nærri fimm hundruð og eru nú 9.486 talsins.

**21%**

**fólksfjölgun hefur orðið í Árborg á síðustu fimm árum.**

Sveitarfélög í nágrenni höfuðborgarsvæðisins hafa stækkað mun hraðar á síðustu árum en sveitarfélögin innan þess og er Árborg greinilega innan þess áhrifasvæðis miðað við fjölgun íbúa á svæðinu. Margir hafa leitað í ódýrara húsnæði og flutt úr borginni í nærliggjandi sveitarfélög.

Haldi fram sem horfir mun Árborg rjúfa tíu þúsund íbúa múrinn í lok árs eða á fyrri helmingi 2020. **– sa**

## Íbúum fækkar í Vesturbyggð

**VESTURBYGGÐ** Íbúum í Vesturbyggð fækkaði um 26 á síðasta ári og eru í fyrsta skipti frá 2014 komnir undir eitt þúsund íbúa. Íbúar voru í upphafi þessa árs 998 talsins samkvæmt Þjóðskrá.

Í byrjun 2017 voru íbúar í Vesturbyggð, þar sem Bíldudalur og Patreksfjörður eru stærstu byggðakjarnarnir, 1.030 og höfðu aldrei verið fleiri.

Mikil uppgangur hefur verið í Vesturbyggð síðasta áratuginn. að mestu vegna uppgangs fiskeldis. Á meðan minni sveitarfélög á Vestfjörðum hafa mátt búa við fólksfækkun á tímabilinu hefur staða Vesturbyggðar verið önnur. **– sa**

# Mosfellsbær stækkar mun örar en hin sveitarfélögin á svæðinu

**Íbúum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 2,6 prósent á síðasta ári. Mosfellsbær stækkar þrisvar sinnum hraðar en önnur sveitarfélög. Hafnfirðingum fjölgaði einungis um 1,3 prósent á sama tíma.**




**Á höfuðborgarsvæðinu hefur leið margra legið í Mosfellsbæ þar sem íbúum fjölgar ört.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**BYGGÐAÞRÓUN** Fjölgun íbúa í Hafnarfirði í fyrra var helmingi minni en meðalfjölgun í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Á meðan íbúum fjölgaði um 2,6% á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði Hafnfirðingum um 1,3 prósent.

Formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar segir lítið hafa verið byggt á árinu en kraftur verði í framkvæmdum á næstu árum.

Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði alls um nær sex þúsund á síðasta ári samkvæmt Þjóðskrá.

Fjölgunin í Mosfellsbæ er rúmlega þrefalt meiri en meðaltalið, þar fjölgaði um 8,6 prósent. Íbúum í Mosfellsbæ hefur undanfarið ár fjölgað mikið og er nú svo komið að um 11.500 manns búa í Mosfellsbæ.

Næststærsta sveitarfélag landsins, Kópavogur, heldur áfram að stækka. Þar fjölgar íbúum um 2,83 prósent og nágrannar þeirra í Garðabæ eru nú rúmlega 16 þúsund talsins og fjölgar um 3,7 prósent á árinu.



**Ágúst Bjarni Garðarsson stjórnmálafræðingur.**

Reykvíkingum fjölgar hins vegar ekki jafn ört. Fjölgar þar um 2.700 manns eða um 2,2 prósent.

Ágúst Bjarni Garðarsson, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar, segir lítið hafa verið byggt upp á síðkastið. Nokkrar ástæður séu fyrir því. Hins vegar muni færast líf í nýbyggingar í bænum á komandi misserum sem munu aftur setja kipp í íbúafjölgun í bænum. Einnig bendir hann á að svo gæti verið sem skipulagsvald sveitarfélaganna sé af miklum takmörkunum háð. Skipulagsvaldið sé meira í orði en á borði sveitarfélaganna.

„Sveitarfélögunum eru takmörk sett samkvæmt svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040. Einnig erum við að bíða eftir að stórar raflínur fari af mögulegum byggingarsvæðum okkar Hafnfirðinga, en færsla þeirra hefur verið á aðalskipulagi í mörg ár. Því er hægt að velta fyrir sér hvort skipulagsvaldið sé í raun hjá sveitarfélögunum hvað þetta varðar,“ segir Ágúst Bjarni.

Gangi hins vegar að óskum muni fjölga verulega í Hafnarfirði á kjörtímabilinu en jafnframt skynsamlega og á ákjósanlegum svæðum fyrir framtíðarþróun sveitarfélagsins.“

Íbúaþróun höfuðborgarsvæðisins frá aldamótum er afar mismunandi milli sveitarfélaga. Til að mynda hefur á þessum 19 árum íbúum Mosfellsbæjar fjölgað um 80 prósent og ber hann höfuð og herðar yfir önnur sveitarfélög á svæðinu. Garðabær hefur stækkað hlutfallslega næstmest eða um 67 prósent og Hafnarfjörður og Kópavogur um svipað hlutfall eða 58 prósent og 53,5 prósent á þessum tæpu tveimur áratugum.

Á þessum tíma hefur íbúum Reykjavíkurborgar fjölgað um 14,7 prósent og virðist borgin eiga í sams konar vandræðum og Akureyri með að vaxa á meðan nærsveitarfélögin í kringum borgina stækka mun hraðar. **sveinn@frettabladid.is**



Nýtt

ERT ÞÚ MEÐ HÁLSBÓLGU?

Strefen®

**Bólgueyðandi** og **verkjastillandi** munnúði við særindum í hálsi




Strefen 16,2 mg/ml munnholsúði, lausn inniheldur flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga úr einkennum bráðra hálssærinda hjá fullorðnum. Einn skammtur (3 úðaskammtar) aftast í hálsinn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, upp að hámarki 5 skammtar á 24 klst. tímabili. Ráðlagt er að nota lyfið að hámarki í þrjá daga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

lyfja.is

LYFJA – Lifið heil

# HEFUR ÞÚ PRÓFAÐ
# HOLTA KJÚKLINGABOLLUR?




Töfraðu fram ljúffenga máltíð á fáeinum mínútum.
Holta Kjúklingabollurnar eru frábær undirstaða
í ýmsa bragðgóða rétti fyrir fjölskylduna.

Holta
KJÚKLINGUR



**Úr göngunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Göngunum lokað vegna opnunarhátíðar

**SAMGÖNGUMÁL** Vaðlaheiðargöng verða formlega opnuð með viðhöfn næstkomandi laugardag. Boðið verður upp á viðamikla dagskrá allan daginn af því tilefni.

Formleg vígsla ganganna verður klukkan hálf fjögur á laugardag, Fnjóskadalsmegin. Þar mun stórsöngvarinn Friðrik Ómar syngja Vor í Vaglaskógi og Vandræðaskáld frumflytja lag um göngin og félagar í fornbíladeild Bílaklúbbs Akureyrar aka fyrstir í gegnum göngin.

Vegna takmarkaðs fjölda bílastæða við Vaðlaheiðargöng verður boðið upp á rútuferðir fram og til baka á hálftíma fresti yfir daginn.

Athygli manna hefur þó vakið sú staðreynd að á sjálfri opnunarhátíð Vaðlaheiðarganga, sem beðið hefur verið með óþreyju og framkvæmdin verið vægast sagt umdeild, verði göngin lokuð fyrir umferð frá klukkan 8 um morguninn til klukkan 18 um kvöldið.

Kostnaður við göngin nemur ríflega 17 milljörðum króna. – smj

## Snjór við Akrópólis



Ferðamenn við Akrópólis í Aþenu þurftu að klæða sig vel í gær en sjaldséður snjór féll í grísku höfuðborginni og féll skólahald víða niður. Mikið frost var í norðurhluta landsins sem truflaði samgöngur. Kuldamet var slegið þegar frostið náði 23 gráðum í borginni Florina. NORDICPHOTOS/GETTY

## Enskumælandi mega nú gefa blóð

**SVÍÞJÓÐ** Frá og með 16. janúar næstkomandi geta enskumælandi einstaklingar gefið blóð í blóðbankanum í Stokkhólmi.

Til að koma í veg fyrir misskilning hafa eingöngu þeir sem mæltir eru á sænska tungu fengið að gefa blóð, að því er segir á vef sænska ríkisútvarpsins.

Nú hafa starfsmenn blóðbankans fengið kennslu í læknisfræðilegum heitum á ensku auk þess sem eyðublöð hafa verið þýdd á ensku. Blóðgjafar verða eftir sem áður að framvísa sænskum persónuskilríkjum og vera með sænska kennitölu. – ibs

**Til þessa hafa aðeins þeir sem eru mæltir á sænska tungu fengið að gefa blóð í Svíþjóð.**




bænda FERÐIR

Dulúð Indlands

21. mars - 1. apríl Fararstjóri: Guðrún Bergmann

Í þessari ævintýraferð upplifum við undur Indlands, skoðum tignarlegar hallir og förum á fílsbak í þessu fjölmennasta lýðræðisríki heims. Í Delí skoðum við m.a. forsetahöllina og upplifum ævintýralegan markað í Gömlu Delí. Við skoðum Taj Mahal, eitt þekktasta grafhýsi í heimi og Varanasi eða Borgina eilífu sem er helgasti staður hindúa og ein elsta borg heims.

Allir velkomnir á kynningarfund 10. janúar kl. 20:00 hjá Bændaferðum í Síðumúla 2, 2. hæð.

Kynntu þér úrval ferða á baendaferdir.is

Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 Reykjavík


# Íslendingar á kafi í snjó í austurrísku Ölpunum

Íslendingur sem rekur skíðahótel í austurrísku Ölpunum man ekki meiri snjóþyngsli þar. Veit ekki til að Íslendingar hafi lent í vanda vegna snjóflóða, vel fari um sína íslensku gesti. Nokkrir hafa farist í Ölpunum í vikunni vegna snjóflóða.

**NÁTTÚRUHAMFARIR** Það væsir ekki um þá Íslendinga sem dvelja á skíðahóteli Þorgríms og Þuríðar í austurrísku Ölpunum en þar kyngir niður snjó sem aldrei fyrr.

Snjóflóðahætta er víða á skíðasvæðum í Ölpunum eftir mikla snjókomu um helgina og minnst fjórir skíðamenn hafa látist, þrír í snjóflóðum og einn sem varð undir tré sem féll vegna snjóþyngsla.

Fréttavefur BBC greindi frá því að björgunarfólk væri víða að leita að fólki á skíðasvæðum bæði í austurrísku og ítölsku Ölpunum, fjölda fjallvega hefði verið lokað og skíðafólk varað við.

„Það er nú meira í nágrenni við Tíról og eins á skíðasvæðinu í Obertauern sem er í um 25 kílómetra fjarlægð frá okkur, það er snjóflóðahætta þar,“ segir Þorgrímur Kristinsson, staðarhaldari á skíðahóteli Íslendinga í Speiereck-fjalli í Austurríki, sem er um það bil 100 kílómetra suður af Salzburg.

Þorgrímur segist fylgjast mjög vel með öllum aðstæðum á skíðasvæðunum og mögulegri snjóflóðahættu. „Það er engin snjóflóðahætta hér hjá okkur en ég hef eitthvað heyrt í fréttum um slys á fólki.

„Þau verða helst þegar fólk er að fara utanbrautar í svona aðstæðum sem er algjörlega bannað,“ segir hann og kveðst ekki muna eftir jafnmiklum snjó á svæðinu og ekkert lát virðist ætla að verða á ofankomunni.

„Það er spáð snjókomu hér allavega næstu fjóra dagana. En fjöllin hjá okkur eru hins vegar meira aflíðandi og ekki eins mikil klettafjöll eins og til dæmis í Tíról þannig að snjóflóðahætta er ekki eins mikil hjá okkur og þar.“



**Þorgrímur man ekki önnur eins snjóþyngsli við hótel sitt.** MYND/ÞORGRÍMUR

> **Fjöllin hjá okkur eru hins vegar meira aflíðandi og ekki eins mikil klettafjöll eins og til dæmis í Tíról þannig að snjóflóðahætta er ekki eins mikil.**
>
> Þorgrímur Kristinsson staðarhaldari

Aðspurður segist Þorgrímur ekki vita til þess að veðrið og snjóþyngslin á svæðinu hafi valdið Íslendingum vandræðum.

„Nei, ég veit ekki til þess og allir á hótelinu hjá mér eru fínir,“ segir hann. Langflestir hótelgesta hans eru Íslendingar.

„Það er góð stemning meðal Íslendinganna hjá okkur og frá næstu viku og alveg út febrúar verður alveg vitlaust að gera hjá okkur.“

Snjókoman truflar ekki skíðaiðkunina að sögn Þorgríms. Þó hafi skíðalyftum verið lokað um stundarsakir vegna fannkyngi.

„En í dag var þetta mjög fínt hjá okkur og frábært skíðafæri. En þetta er samt komið gott,“ segir Þorgrímur sem á því frekar að venjast að biðja um meiri snjó en óska þess að lát verði á ofankomu.

**adalheidur@frettabladid.is**

*Salatbar*
*alltaf ferskur*

# *Meira* fljótlegt



**Salatbar**

Alltaf ferskur

**1.799 kr/kg**

**Pasta og núðlur:**
- Pasta rautt
- Pasta hvítlauks
- Farfalle í spínatsósu
- Gnocchi í kryddolíu
- Pasta með basilpestó
- Núðlur í súrsætri

**Salat:**
- Kínakálsblanda
- Garðsalat
- Spínat
- Klettasalat

**Grænmeti og ávextir:**
- Salsa ferskt
- Maissalat
- Paprikublanda
- Gulrætur rifnar
- Núðlugrænmeti
- Kúrbítur í ediklegi
- Gulrótarmús
- Rauðlaukur saxaður
- Baunaspírusalat
- Rauðlaukur kryddaður
- Spergilkál
- Ananas
- Melónublanda
- Sæt kartöflumús
- Sætar kartöflur m/spírum
- Guacamole
- Döðlupestó

**Prótein:**
- Steikt beikon
- Kjúklingabaunir kryddaðar
- Krabbasalat
- Indverskur hummus
- Gúrku- og kjúklingabaunasalat
- Kjúklingabollur í indverskri sósu
- Kjúklingabollur í salsasósu
- Túnfiskur í vatni
- Kotasæla
- Egg soðin
- Olívumix í kryddolíu
- Brauðteningar
- Fetaostur

24

**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

**HAGKAUP** *Meira svona alla daga*

## Ekkert fékkst upp í kröfur

**VIÐSKIPTI** Ekkert fékkst upp í 137 milljóna króna kröfur í þrotabú BOS ehf., rekstrarfélags Argentínu steikhúss. Félagið var í eigu Björns Inga Hrafnssonar. Hann eignaðist Argentínu steikhús í byrjun október 2017, eins og Fréttablaðið greindi fyrst frá á þeim tíma, en aðeins sjö mánuðum síðar, 2. maí 2018, hafði Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðað félagið gjaldþrota eftir stormasamt tímabil undir stjórn Björns Inga.

Samkvæmt tilkynningu um skiptalok í Lögbirtingablaðinu námu lýstar kröfur 137.056.368 krónum. **– smj**



**Björn Ingi Hrafnsson.**

## Fjaðrárgljúfur í svaði og lokað

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fjaðrárgljúfri verður lokað frá og með deginum í dag.

„Veðurfar undanfarnar vikur, hlýindi og mikil rigningartíð, hefur orðið þess valdandi að göngustígur meðfram gljúfrinu liggur undir skemmdum og er illfær vegna aurbleytu og leðju,“ segir um lokunina á vef Umhverfisstofnunar. „Gróður er í dvala á þessum árstíma og svæðið sérstaklega viðkvæmt fyrir átroðningi. Það skemmist hratt með ágangi utan göngustígs auk þess sem nýir villustígar verða til.“

Umhverfisstofnun biður ferðaþjónustuaðila að upplýsa viðskiptavini um lokunina. Bílastæði sé einnig lokað. „Stefnt er að því að endurskoða lokunina eigi síðar en innan tveggja vikna eða ef ástand breytist fyrir þann tíma.“ **– gar**

# Tjón að missa út nýju þotuna

**Icelandair hyggst nýta tækifærið og gera breytingar á nýrri Boeing 737 Max 8 vél sem skemmdist þegar hún fauk á Leifsstöð á jóladag. Vélin er ekki ónýt en viðgerðin er flókin. Upplýsingafulltrúi félagsins segir atvikið ekki hafa valdið truflunum á áætlun.**




Ein af nýjustu vélum Icelandair skemmdist í furðulegu óhappi að kvöldi jóladags. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Eins og sjá má urðu töluverðar skemmdir á vængnum við óhappið.

**FLUGSAMGÖNGUR** „Það er ekki þannig að skemmdirnar séu það miklar að vélin verði frá í lengri tíma,“ segir Ásdís Ýr Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Icelandair, aðspurð um ástandið á nýrri þotu félagsins sem skemmdist illa að kvöldi jóladags.

Líkt og Fréttablaðið fjallaði um fyrir áramót stóð vélin, sem er af tegundinni Boeing 737 Max 8, við landgang á Keflavíkurflugvelli 25. desember síðastliðinn en hvassviðri og hálka varð þess valdandi að vélin sveiflaðist til og skall af miklum þunga á landganginum.

Þotan, sem ber einkennisstafina TF-ICY og nafnið Látrabjarg, var tengd landganginum þegar hún snerist til og hurðin því galopin þegar vélin fór af stað í hvassviðrinu og vængur hennar skall á rananum.

Vélin hafði komið til lands á aðfangadag klukkan hálf fjögur en engar flugferðir voru á jóladag. Yfirmaður flugrekstrarsviðs Icelandair sagði atvikið hafa komið á óvart þar sem ekki hafði verið spáð miklum vindi þetta kvöld og því hafi ekki verið gengið betur frá þotunni. Eftir óhappið var hún dregin inn í flugskýli og hefur verið þar síðan.

Ásdís Ýr segir fulltrúa Boeing hér á landi hafa skoðað vélina eftir óhappið og félagið hafi ákveðið að nýta tækifærið vegna viðgerðanna og gera breytingar á vélinni.

„Viðgerðin er nokkuð flókin en einangruð við ákveðið svæði. Við höfum hins vegar ákveðið að nýta tímann til að gera aðrar breytingar á vélinni svo tími úr rekstri ræðst ekki lengur af tímanum sem mun taka að gera við skemmdina,“ segir í svari Ásdísar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Aðspurð hvort hvort þetta hafi valdið tjóni að missa út nýja vél með þessum hætti segir Ásdís: „Það er ákveðið tjón að njóta ekki aðgangs að nýrri vél vegna þess að þá þarf að nota aðrar vélar í staðinn. Þetta hefur hins vegar ekki valdið neinum truflunum á áætlun. Málið er í skoðun hjá tryggingafélögum.“ **mikael@frettabladid.is**

> **Viðgerðin er nokkuð flókin en einangruð við ákveðið svæði. Við höfum hins vegar ákveðið að nýta tímann til að gera aðrar breytingar á vélinni.**



Ásdís Ýr Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Icelandair








Donald Trump stendur í ströngu vegna landamæraveggjarins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Trump segir neyðarástand kalla á landamæravegginn

**BANDARÍKIN** Fréttaskýrendur bjuggust við því að Donald Trump Bandaríkjaforseti myndi lýsa því yfir í sjónvarpsávarpi að neyðarástand við mexíkósku landamærin kallaði á það að ráðist yrði í byggingu landamæraveggjarins sem hann hefur lengi barist fyrir. Ávarpið fór fram kl. 2 í nótt að íslenskum tíma.

Mike Pence varaforseti sagði í samtali við NBC að Trump myndi skýra fyrir bandarísku þjóðinni að um væri að ræða neyðarástand bæði af mannúðarástæðum og öryggisástæðum. Til stendur að Trump heimsæki landamærin á fimmtudag.

Sú ákvörðun bandarískra sjónvarpsstöðva að sýna beint frá ávarpi forsetans hefur verið gagnrýnd. Andstæðingar Trumps telja að miðað við málflutning hans hingað til verði ávarpið fullt af röngum eða misvísandi upplýsingum.

Nancy Pelosi og Chuck Schumer, leiðtogar Demókrata, hafa farið fram á að fá að bregðast við ávarpinu. Stóð til að sýna viðbrögð þeirra í beinni útsendingu hjá öllum helstu sjónvarpsstöðvunum.

Trump hefur farið fram á 5 milljarða dollara fjárveitingu vegna byggingar veggjarins en þá fjármuni er ekki að finna í þeim fjárlögum sem nýlega voru samþykkt af fulltrúadeild þingsins.

Af þeim sökum hefur Trump neitað að staðfesta lögin og fjölmargar alríkisstofnanir hafa verið lokaðar síðan fyrir jól. **– sar**

## Fiskskortur er nú í búðunum

**VERSLUN** Fiskleysi hefur víða gert vart við sig á höfuðborgarsvæðinu á nýju ári. Bæði er þar um að kenna neyslumynstri Íslendinga en einnig tíðarfari.

„Þetta gerist eftir hver einustu áramót,“ segir heildsalinn Sigurður Örn Arnarson, eigandi Sæbjargar – Sjófisks. „Fólk veður úr svínakjötinu í fiskinn. Við höfum ekki undan.“

> **Þetta gerist eftir hver einustu áramót.**

Sigurður Örn Arnarson, eigandi Sæbjargar – Sjófisks

Sæbjörg – Sjófiskur sér verslunum Krónunnar fyrir fiski, ásamt tugum veitingastaða, skóla og nokkrum fiskbúðum. Sigurður segir fiskverkendur ekki hafa undan, þó unnið hafi verið alla liðna helgi. Nýja árið hafi auk þess byrjað með brælu, sem staðið hafi yfir fram yfir helgi. Fyrir vikið hafi minni bátarnir ekki komist út.

Sigurður segir sjómenn almennt í landi yfir áramótin. Flestir stærri bátarnir fari út þriðja, fjórða eða fimmta janúar. Það taki fáeina daga að veiða, koma með afla í land og verka hann.

Íslendingar eru sólgnir í kjötmeti yfir hátíðarnar samkvæmt skoðanakönnunum. Eftir allt kjötátið verður eitthvað léttara fyrir valinu, gjarnan fiskur. „Þetta er okkar jólavertíð. Þetta gerist í kring um páska, jól og verslunarmannahelgar,“ segir Sigurður. **– bg**

JANÚAR | 2019

**Við skoðum allar gerðir af bifreiðum**




Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar

# Frumherji hefur opnað nýja glæsilega skoðunarstöð að Hádegismóum 8

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði.
Í stöðinni eru allar gerðir og stærðir af ökutækjum skoðaðar.

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS OR 20 771

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




*Ný skoðunarstöð Frumherja er staðsett að Hádegismóum 8 - 110 Reykjavík - S. 570 9201*

Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# Beitt fyndni



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Húmor er beitt vopn sem nýtist einkar vel til að opinbera hinar margvíslegu meinsemdir sem leynast í þjóðfélaginu. Nærtækt er að líta til síðasta áramótaskaups þar sem dónakarlar voru afhjúpaðir og gerðir hlægilegir, auk þess sem sá síðasti þeirra var jarðaður við mikla lukku viðstaddra. Þetta var skaup með brýnt erindi, skapað af hópi hæfileikafólks. Þar á meðal var Jón Gnarr sem brá sér fyrirhafnarlítið í fjölmörg hlutverk og túlkaði þau frábærlega, eins og honum er lagið. Hann er sannur listamaður sem hefur lengi glatt þjóð sína, og átti þar að auki sögulegan aukaferil sem einkar farsæll borgarstjóri. Seint verður slíkur maður stimplaður sem auðnuleysingi, hvað þá letingi.

Langflestir einstaklingar ættu að geta notið beitts húmors, en um leið verður að viðurkennast að hann er ekki ætíð þægilegur og getur jafnvel valdið óþægindum. Grínistar skjóta í allar áttir því þeim er ekkert heilagt. Þannig á það einmitt að vera. Þeir verða að hafa fullt frelsi til tjáningar en ekki að búa við þær aðstæður að þurfa sífellt að horfa áhyggjufullir um öxl til að athuga hvort þeir séu að valda einhverjum óþægindum eða leiða vegna gríns síns.

Í vestrænu nútímasamfélagi hefur tjáningarfrelsi mikið vægi, en í auknum mæli er þó sótt að því. Það er meðal annars gert í krafti þeirrar skoðunar að fólk eigi ekki að þurfa að upplifa eitthvað sem því þyki óþægilegt. Þetta er vel meinandi viðhorf en erfitt í framkvæmd og á alveg sérlega illa við í listsköpun. Þegar kemur að gríni getur það engan veginn gengið upp því þar er afar erfitt að koma í veg fyrir að einhver móðgist, verði sár eða finni fyrir óþægindatilfinningu. Því beittara sem grínið er því líklegra er að viðbrögðin verði á þann veg á einhverjum bæjum.

Erlendis hefur nokkuð borið á því að grínistar, sérstaklega uppistandarar, hafi kvartað undan ritskoðunartilburðum. Eitt slíkt mál var áberandi í bresku pressunni fyrir jól. Uppistandari sem koma átti fram í háskóla var beðinn um að undirrita samning um að hann myndi ekki ræða þar efni sem gætu komið einhverjum viðstaddra í uppnám. Uppistandarinn, sem er rússneskur innflytjandi sem gerir gjarnan grín að Rússum og Bretum, harðneitaði og málið komst í fjölmiðla. Sem betur var það ríkjandi skoðun að gengið hefði verið freklega á rétt uppistandarans til tjáningarfrelsis.

**Langflestir einstaklingar ættu að geta notið beitts húmors, en um leið verður að viðurkennast að hann er ekki ætíð þægilegur.**

Þegar um grín er að ræða er ekki hægt að koma í veg fyrir að einhver móðgist eða reiðist, eins og gerðist til dæmis eftir sýningu á vel heppnuðu áramótaskaupi á gamlárskvöld. Annar vinkill kom svo upp þegar bent var á að beitt atriði sem sneru að kynferðisofbeldi hefðu verið líkleg til að skapa óþægindatilfinningu hjá fórnarlömbum og því hefði verið rétt að vara við þeim fyrirfram. Sú athugasemd lýsir vissulega umhyggju. Það er hins vegar afar vafasamt að taka upp þann sið að biðja fólk um að vara sig á beittum húmor grínista og uppistandara. Mun brýnna er að vernda rétt þeirra til tjáningarfrelsis.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Beggja skauta byr**

**Ásmundur Friðriksson lét gamlan draum rætast þegar hann hóf nám í Slysavarnaskóla sjómanna og var fljótur að skjóta í kaf á Facebook allar kenningar um að námið bitni á þingstörfunum. „Það er þó ýmislegt sem ég þarf að sinna með og er líka löngu ákveðið eins og fundir í nefndum og slíkt en vonandi truflar það námið ekki mikið“. Einn bekkjarfélaga Ásmundar er fréttahaukurinn og sjóhundurinn Helgi Seljan frá Reyðarfirði. Ásmundur sagði við Fréttablaðið.is í gær að ólíkt Helga væri hann á grunnnámskeiði en Helgi er í endurmenntun.**

**Varist tískuslysin**

**Ásmundur sendir Píratanum Birni Leví Gunnarssyni brimsalta gusu í skóladagbók sinni þegar hann bendir á að hann geti svalað forvitni sinni og spurningablæti með því að kynna sér „þennan mikilvæga skóla“. Björn gæti þannig spurt þingið hversu mörg námskeið Ásmundur hafi setið og „hvað ég keyrði á hvert námskeið“. Því miður virðist ekki boðið upp á forvarnir gegn tískuslysum í skólanum en þar er helst að skórinn kreppi hjá Birni Leví, það er að segja ef hann gengi í skóm í vinnunni, en fataval hans og skóleysi hefur löngum verið þyrnir í augum Ásmundar.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Að sleppa við veiðigjöld



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Ég hitti fyrir skemmstu kunningja minn, útgerðarmann, og spurði hann hvernig útgerðin gengi. „Aldrei betur,“ svaraði hann „ég sé ekki fram á að þurfa að greiða eina einustu krónu í veiðigjöld.“ Ég hváði en hann skýrði þetta út fyrir mér mér. „Þetta verður einfalt. Gamli Range Roverinn minn er orðinn þriggja ára og auðvitað mun útgerðin sjá mér fyrir nýjum bíl. Þeir fást á 14 milljónir en það er ekki eðlilegt að útgerðarmaður þurfi að sætta sig við ódýrustu gerð. Svo er alltaf eitthvað sem ég get tínt til í kostnað, utanlandsferðir og viðhald á húsinu og sumarhúsinu svo þegar upp er staðið þá verður ekkert eftir til að borga í veiðigjöld.

Vinstri grænir voru svo assgoti herskáir fyrir síðustu kosningar og við vorum aðeins smeykir, en það var ekkert að marka, þú manst strax í vor vildu þeir allt fyrir okkur gera. En þá kom eitthvað hagfræðingastóð úr háskólanum sem skaut þeim skelk í bringu en það var síst verra að bíða.

Ef þetta hefði orðið eitthvað vandamál með veiðigjöldin þá eigum við alltaf tromp uppi í erminni og „látum út landsbyggðarspilið“ eins og við útgerðarmenn köllum það. Þá finnum við einhvern útgerðarmann sem er með allt niður um sig og segjum „hvað, ætlið þið að leggja af plássið?“ Og það er segin saga enginn framsóknarflokkanna stenst svoleiðis og skipta þá engu öll hin plássin sem við höfum lagt í eyði þegar við höfum selt hver öðrum kvótann, það skiptir framsóknarflokkana engu.“

**Ef þetta hefði orðið eitthvað vandamál með veiðigjöldin þá eigum við alltaf tromp uppi í erminni og „látum út landsbyggðarspilið“ eins og við útgerðarmenn köllum það.**

„En hvað segja endurskoðendurnir, ert þú ekki með eitt af þessum fyrirtækjum með fínu útlendu nöfnin sem endurskoðar fyrir þig?“ spurði ég. „Jú blessaður, þeir segja ekki múkk og telja þetta allt saman útgerðarkostnað. Þú manst hvað þeir voru þægir við bankana fyrir hrun. Þeir sögðu að allt væri í himnalagi í bönkunum alveg fram á síðasta dag. Þeir eru ekkert að spá í þetta og gera bara eins og ég segi.“

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Umhverfismálin komin á dagskrá



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**
umhverfis- og auðlindaráðherra

Sterk og mikilvæg umhverfisbylgja á sér nú stað í samfélaginu. Það eru forréttindi að vera ráðherra málaflokks sem ég hef í mörg ár unnið að og brunnið fyrir – og það á tímum sem þessum. Það er ótrúlega gaman og gefandi að starfa með fólki vítt og breitt í samfélaginu sem keppist við að gera allt sem mögulegt er til að vinna umhverfinu heilt.

**Friðlýsingar farnar í gang**

Eitt af mínum hjartans málum er náttúruvernd. Undanfarin ár hefur gengið alltof hægt að friðlýsa svæði sem Alþingi hefur þegar samþykkt að skuli friðlýst. Nú hefur breyting orðið á og friðlýsingar eru komnar á dagskrá stjórnvalda. Sem ráðherra setti ég saman teymi milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Umhverfisstofnunar sem vinnur nú að sérstöku átaki í friðlýsingum. Meðal verkefna sem komin eru í kynningu eru friðlýsingarskilmálar fyrir fimm svæði í verndarflokki gildandi rammaáætlunar og áform um friðlýsingu tveggja svæða sem hafa verið undir miklu álagi ferðamanna: Annars vegar Reykjadals og Grænsdals í Ölfusi og hins vegar Gjárinnar og fleiri staða í Þjórsárdal.



**Gjáin í Þjórsárdal.** MYND/HUGI ÓLAFSSON

Mér þótti einnig mikilvægt að áhrif friðlýsinga á efnahag yrðu rannsökuð frekar og fyrir liggur umfangsmikil rannsókn Hagfræðistofnunar HÍ sem fram fór vítt og breitt um landið og sýnir að fyrir hverja 1 krónu sem ríkið leggur til friðlýstra svæða skila 23 krónur sér til baka. Við vitum að friðlýsingar eru mikilvægar náttúrunnar vegna en nú hefur verið sýnt fram á að þær hreinlega margborga sig – á fjölmarga vegu.

Fleiri rannsókna- og þróunarverkefni eru í gangi, auk þess sem fjárframlög til að verja náttúruna á svæðum undir álagi ferðamanna hafa verið stóraukin, ekki síst á friðlýstum svæðum. Til að efla fræðslu um friðlýst svæði, leiðbeina um umgengni og auka jákvæða upplifun fólks af náttúru landsins verður landvarsla síðan aukin frá og með árinu í ár.

Stærsta náttúruverndarverkefnið er þó án efa stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands. Kveðið er á um stofnun þjóðgarðsins í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og undirbúningur fyrir hann er í góðum höndum hjá þverpólitískri nefnd sem ég skipaði og tók til starfa síðastliðið vor. Fyrstu verkefni nefndarinnar hafa þegar verið kynnt. Miðhálendisþjóðgarður markar straumhvörf í náttúruvernd á Íslandi.

> **Það eru forréttindi að vera ráðherra málaflokks sem ég hef í mörg ár unnið að og brunnið fyrir – og það á tímum sem þessum.**

**Loftslagsmál, plast og sóun**

Loftslagsbreytingar eru stærsta sameiginlega áskorunin sem við Jarðarbúar stöndum frammi fyrir. Nú liggur fyrir fyrsta útgáfa af aðgerðaáætlun í loftslagsmálum fyrir Ísland og það hefur verið frábært að fylgjast með móttökunum. Fram undan eru stórtækar aðgerðir við að binda kolefni úr andrúmslofti og að hætta brennslu innflutts og mengandi jarðefnaeldsneytis í samgöngum hér á landi og nota heldur innlenda og endurnýjanlega orkugjafa. Þá verður í fyrsta skipti varið fjármagni sérstaklega til nýsköpunar á sviði loftslagsmála með stofnun Loftslagssjóðs, auk margra fleiri aðgerða.

Annað sem ég legg þunga áherslu á er að berjast gegn plastmengun, óþarfa neyslu og sóun. Við getum ekki haldið áfram að umgangast Jörðina okkar eins og við höfum gert og verðum að hætta að líta á hluti sem einnota. Hvert og eitt getum við tekið ótal skref í daglegu lífi okkar til að breyta þessu en nauðsynlegra stjórnvaldsaðgerða er einnig þörf. Ég mun gera mitt til að þær verði að veruleika. Fyrir liggja tillögur starfshóps um aðgerðir varðandi plastmengun, á næstunni legg ég fram frumvarp um bann við afhendingu burðarplastpoka og ráðuneytið hefur stutt átaksverkefni Umhverfisstofnunar og frjálsra félagasamtaka til að draga bæði úr plastnotkun og matarsóun.

**Aukin aðkoma almennings**

Að lokum langar mig að nefna mikilvægi þess að efla aðkomu almennings að ákvarðanatöku um umhverfismál og að sú aðkoma verði aukin fyrr í ferli ákvarðanatöku en raunin hefur verið. Þessu hafa raunar bæði umhverfisverndarsamtök og framkvæmdaaðilar kallað eftir. Til að vinna þessu brautargengi hef ég sett í gang heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum og látið vinna áætlun um eftirfylgni Árósasamningsins. Þá munu fjárveitingar til reksturs umhverfisverndarsamtaka verða auknar um helming í ár og aftur á næsta ári.

Framlög til umhverfismála hafa stóraukist í tíð núverandi stjórnar og hafa raunar aldrei verið neitt í líkingu við það sem nú er. Ég er spenntur fyrir því sem fram undan er og hlakka til að halda baráttunni áfram. Árið 2019, kom þú fagnandi!

JAGUAR LAND ROVER

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



LAND ROVER Discovery 5 SE
Nýskr. 11/2017, ekinn 54 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 10.500.000 kr.
Rnr. 145504.




RANGE ROVER Sport HSE
Nýskr. 6/2017, ekinn 38 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 11.500.000 kr.
Rnr. 103773.



LAND ROVER Discovery 4 S 3.0 TDV6.
Nýskr. 6/2015, ekinn 87 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 6.890.000 kr.
Rnr. 103852.



LAND ROVER Discovery Sport HSE
Nýskr. 4/2016, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 6.890.000 kr.
Rnr. 103786.



LAND ROVER Discovery Sport
Nýskr. 3/2017, ekinn 55 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.390.000 kr.
Rnr. 103843.



JAGUAR F-Pace
Nýskr. 6/2017, ekinn 41 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 8.290.000 kr.
Rnr. 103845.




JAGUAR F-Pace Prestige
Nýskr. 10/2017, ekinn 23 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 8.690.000. kr.
Rnr. 145554.




JAGUAR XE 180d Prestige AWD
Nýskr. 5/2018, ekinn 4 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.990.000 kr.
Rnr. 103844.

ENNEMM / SÍA / NM91705

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru APPROVED hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

orkusalan

# Er allt k
# morgun

# lárt fyrir daginn?

Enginn veit hvernig morgundagurinn verður. Snjalltækjum fjölgar stöðugt og ólíklegustu heimilistæki eru orðin að sannkölluðum tækniundrum. Sífellt fleiri bílar ganga fyrir rafmagni og heimilið þarf stöðuga orku. Þess vegna viljum við hjálpa þér að nýta rafmagnið á snjallari og þægilegri hátt.

**Framtíðin er rafmögnuð – orkusalan.is**

Brandenburg / SÍA

## Olísdeild kvenna fór af stað að nýju eftir jólafrí



Olísdeild kvenna í handbolta hófst aftur í gærkvöldi eftir tæplega tveggja mánaða jólafrí. Valur fékk ÍBV í heimsókn í 11. umferð deildarinnar. Fyrir leikinn voru liðin jöfn að stigum á toppnum með 15 stig hvort. Lovísa Thompson skoraði eitt marka Vals í öruggum sigri liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Nýjast

**Olís-deild kvenna**

**Valur - ÍBV 23-16**

**Valur:** Sandra Erlingsdóttir 6/5, Ragnhildur Edda Þórðardóttir 4, Íris Ásta Pétursdóttir 3, Díana Dögg Magnúsdóttir 3.
**Varin skot:** Íris Ásta Símonardóttir 15.
**ÍBV:** Arna Sif Pálsdóttir 5/3, Sunna Jónsdóttir 4, Karolína B. Lárudóttir 2, Ásta Björt Júlíusdóttir 2, Kristrún Hlynsdóttir 2.
**Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsdóttir 8.

**Haukar - Fram 30-31**

**Haukar:** Berta R. Harðardóttir 8/4, Karen H. Díönudóttir 7, Hekla R. Ámundadóttir 4, Maria Ines Pereira 3, Ramune Perkarskyte 3.
**Varin skot:** Saga Sif Gísladóttir 10/1
**Fram:** Þórey Rósa Stefánsdóttir 10, Ragnheiður Júlíusdóttir 9/3, Steinunn Björnsdóttir 4, Sigurbjörg Jóhannesdóttir 3, Harpa María Friðgeirsdóttir 3. **Varin skot:** Heiðrún Dís Magnúsdóttir 14

**KA/Þór - Selfoss 33-21**

**KA/Þór:** Hulda Bryndís Tryggvadóttir 8, Martha Hermannsdótir 6, Rakel Sara Elvarsdóttir 5, Aldís Ásta Heimisdóttir 4, Katrín Vilhjálmsdóttir 4. **Varin skot:** Olgica Andrijasevic 20. **Selfoss:** Perla Ruth Albertsdóttir 6, Hulda Dís Þrastardóttir 5, Ída Bjarklind Magnúsdóttir 3, Harpa Sólveig Brynjarsdóttir 3. **Varin skot:** Katrín Ósk Magnúsdóttir 10.

**Staðan í deildinni:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Valur | 17 | KA/Þór | 10 |
| ÍBV | 15 | HK | 7 |
| Fram | 15 | Stjarnan | 6 |
| Haukar | 12 | Selfoss | 4 |

**Enski deildabikarinn**

**Tottenham - Chelsea 1-0**

1-0 Harry Kane (27.) (vítaspyrna).

# Ungt lið heldur til München í dag

Tveir dagar eru í það að íslenska karlalandsliðið í handbolta hefji leik á HM sem haldið verður í Þýskalandi annars vegar og Danmörku hins vegar að þessu sinni. Íslenska liðið fékk slæmar fregnir í aðdraganda mótsins.



Forráðamenn HSÍ tilkynna hér hóp íslenska liðsins á blaðamannafundinum sem haldinn var í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HANDBOLTI** Undirbúningur íslenska karlalandsliðsins í handbolta sem er á leiðinni á heimsmeistaramótið í dag hefur litast af meiðslum og veikindum hjá lykilleikmönnum liðsins. Guðmundur Þórður Guðmundsson, þjálfari liðsins, tilkynnti í gær hvaða 17 leikmenn hann tekur með sér á mótið að þessu sinni. Hann þurfti að hefja fundinn á því að tilkynna að Guðjón Valur Sigurðsson fyrirliði liðsins myndi ekki vera með í fyrri hluta mótsins hið minnsta vegna meiðsla á hné.

Þá er Aron Rafn Eðvarðsson ekki í hópnum vegna meiðsla í nára og Rúnar Kárason er ekki orðinn nægilega góður af þeim kálfameiðslum sem hafa verið að plaga hann. Þeir verða því ekki í leikmannahópnum á þessu móti. Þarna fara tæplega 600 landsleikir úr leikmannahópnum og í þeirra stað koma Bjarki Már Elísson sem hefur reyndar umtalsverða reynslu af stóra sviðinu með landsliðinu og svo Ágúst Elí Björgvinsson og Teitur Örn Einarsson sem eru nokkuð blautir bak við eyrun á stærsta sviðinu.

Þá er miðjumannasveit íslenska liðsins einkar ung, en Elvar Örn Jónsson, Gísli Þorgeir Kristjánsson og Haukur Þrastarson sem fer út til München sem 17. leikmaður liðsins eru allir tæplega tvítugir. Það er því ljóst að íslenskt handboltaáhugafólk ætti að fara inn á þetta mót með hófstilltar væntingar.

Þetta er hins vegar afar spennandi leikmannahópur sem getur klárlega staðið bestu leikmönnum heims á sporði ef allt gengur upp í leik þeirra og ætti að stefna að því að komast í milliriðil sem fyrsta markmið. Ef það markmið næðist væri það sem eftir á kæmi verkefni sem væru verulega dýrmæt inn í reynslubankann fyrir komandi ár.

„Þessi undirbúningur hefur verið alger rússíbanareið vegna þeirra meiðsla og veikinda sem hafa dunið á liðinu. Ég hef lítið sofið undanfarna sólarhringa. Það er alltaf erfitt að velja landsliðshóp fyrir stórmót, en nú hefur það verið sérstaklega erfitt vegna fyrrgreindra skakkafalla og þess að mér finnst nokkrir leikmenn í mörgum stöðum einkar jafnir og það er erfitt að gera upp á milli þeirra,“ segir Guðmundur Þórður Guðmundsson um valið að þessu sinni.

„Það er auðvitað mikill skellur fyrir okkur að missa Guðjón Val svona skömmu fyrir mót. Sérstaklega af því að hann kom jákvæður út úr skoðuninni sem hann fór í mánudaginn. Því var það óvænt að heyra hversu alvarleg meiðslin væru orðin. Við þessu er hins vegar ekkert að gera og við verðum bara að tækla stöðuna eins og hún er.“

Guðjón mun vera í endurhæfingu næstu daga og það er ekki loku fyrir það skotið að hann verði með á seinni stigum mótsins. „Það er hins vegar í fyrsta lagi ekki fyrr en eftir viku sem við getum farið að íhuga það að hann komi inn í hópinn og spili. Þetta eru þess háttar meiðsli að það er nokkur óvissa um það hvenær hann jafnar sig alfarið og nú er það bara í höndum hans sjálfs og sjúkrateymisins að koma aftur inn á handboltavöllinn,“ segir Guðmundur um stöðu mála hjá Guðjóni.

„Mér er það til efs að íslenska liðið hafi áður mætt til leiks á stórmót með jafn ungt lið og raun ber vitni á komandi móti. Við tökum bara einn leik fyrir í einu á þessu móti og höfum einblínt á leik króatíska liðsins á síðustu tveimur æfingum liðsins. Það verður áfram einbeitingin á þá á næstu sólarhringum fyrir þann leik. Ég er í raun ekki búinn að melta það hvort fjarvera þeirra lykilleikmanna sem verða ekki með breyti þeim væntingum sem við gerum um árangur á mótinu. Nú er ég bara að hugsa um að undirbúa þá leikmenn sem skipa þennan hóp eins vel og ég get fyrir hvern og einn leik.

Þetta er ungt og afar spennandi lið sem getur náð mjög langt á næstu þremur árum. Það má segja að þetta stórmót sé fyrsti fasi í því að koma liðinu nær því að komast í fremstu röð á nýjan leik. Við erum í raun neyddir til þess að flýta fasanum örlítið sem getur verið gott til framtíðar litið. Við förum jákvæðir inn í mótið og ætlum okkur að gera góða hluti,“ segir þjálfarinn um komandi verkefni, en liðið heldur til München í dag og fyrsti leikur Íslands á mótinu verður síðan gegn Króatíu í München á föstudaginn kemur. – hó

### Leikmannahópur

**Markmenn:**
Björgvin Páll Gústafsson
Ágúst Elí Björgvinsson

**Vinstra horn:**
Stefán Rafn Sigurmannsson
Bjarki Már Elísson

**Vinstri skytta:**
Aron Pálmarsson
Ólafur Guðmundsson

**Miðjumenn:**
Elvar Örn Jónsson
Gísli Þorgeir Kristjánsson
Haukur Þrastarson

**Hægri skytta:**
Ómar Ingi Magnússon
Teitur Örn Einarsson

**Hægra horn:**
Arnór Þór Gunnarsson
Sigvaldi Guðjónsson

**Línumenn:**
Arnar Freyr Arnarsson
Ýmir Örn Gíslason

**Varnarmenn:**
Daníel Þór Ingason
Ólafur Gústafsson

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 9. janúar 2019 | 1. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Feta í fótspor Actavis

Forsvarsmenn Coripharma, sem var stofnað til að kaupa og reka lyfjaverksmiðju Actavis í Hafnarfirði, ætla að framleiða lyf sem hafa áður verið framleidd í verksmiðjunni. Horft er til samheitalyfja sem fara á markað í Evrópu. Stefna að hagnaði síðla árs 2020. » 8-9

> Langflestir starfsmenn hafa unnið hjá Actavis og fyrirrennurum þess í fjöldamörg ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



»2

## Íslandsbanki býður Borgun til sölu á ný

Söluferli á 63,5 prósenta hlut Íslandsbanka í Borgun hefur verið endurvakið. Alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið Corestar Partners hefur umsjón með sölunni. Minnihlutaeigendur horfa jafnframt til þess að selja sinn hlut.

»4

## Siggi's skyr selt fyrir minnst 40 milljarða

Sala svissneska mjólkurframleiðandans Emmi á 22 prósenta hlut sínum í The Icelandic Milk and Skyr Corporation skilaði félaginu 81 milljónar dala hagnaði. Miðað við það var söluverð skyrfyrirtækisins í það minnsta 40 milljarðar króna. Íslenskir fjárfestar margfölduðu fjárfestingu sína.

»12

## Fjármálamarkaðir í þunglyndi

„Það eru ástæður til bjartsýni en stærsta óvissumálið er sem fyrr úrlausn kjarasamninga og því er beðið eftir niðurstöðu í þeim málum en markaðir verðleggja inn átök og neikvæða niðurstöðu," segir Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA, í aðsendri grein.




# Einar Örn að kaupa fimm bensínstöðvar af N1

Einar Örn Ólafsson, fjárfestir og fyrrverandi forstjóri Skeljungs, vinnur nú að því að ganga frá kaupum á fimm eldsneytisstöðvum á höfuðborgarsvæðinu, ásamt vörumerkinu „Dælunni“, af N1. Fjárfestingin er gerð í gegnum eignarhaldsfélagið Einir, sem er í eigu Einars Arnar, og ættu kaupin að klárast á næstu vikum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Eldsneytisstöðvarnar, sem eru staðsettar við Fellsmúla, Holtagarða, Hæðasmára, Salaveg og í Mjódd, voru auglýstar til sölu í ágúst síðastliðnum á grundvelli sáttar N1 og Samkeppniseftirlitsins vegna kaupa olíufélagsins á smásölukeðjunni Festi en samkvæmt sáttinni skal salan vera til „nýrra óháðra“ keppinauta á eldsneytismarkaði.

Salan á stöðvunum fimm og Dælunni er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins en í sátt eftirlitsins við N1 kemur meðal annars fram að samkeppnisyfirvöld muni synja sölu ef hún eyðir ekki samkeppnislegum vandamálum eða skapar ný samkeppnisleg vandamál, kaupandi telst ekki trúverðugur nýr keppinautur eða salan brýtur í bága við skilyrði sáttarinnar.

EBITDA stöðvanna – hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – var 97 milljónir króna án sameiginlegs kostnaðar og fjárbindingar frá þriðja fjórðungi 2017 til annars fjórðungs 2018 og hefur hækkað um 25 prósent frá árinu 2015 þegar EBITDA stöðvanna var 78 milljónir króna.

Fram kemur í samantekt fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans, sem hefur umsjón með söluferlinu fyrir hönd N1, að stöðvarnar séu vel staðsettar og hafi verið í rekstri í 14 til 17 ár. Selt magn og framlegð hafi farið vaxandi á undanförnum árum. Þannig seldu stöðvarnar 3,5 milljónir lítra árið 2015, 3,8 milljónir árið 2016 og 4,2 milljónir á síðasta ári. Þá segir að tækifæri geti falist í því að fá leyfi til þess að færa eldsneytisstöð innan sveitarfélags en fá dæmi séu um opnun nýrra stöðva á höfuðborgarsvæðinu á liðnum árum.

**97**

**milljónir var EBITDA stöðvanna á þriðja fjórðungi 2017 til annars fjórðungs 2018.**

Einar Örn, sem var forstjóri Skeljungs á árunum 2009 til 2014, situr meðal annars í stjórn TM og á um 2,9 prósenta hlut í tryggingafélaginu í gegnum fjárfestingafélagið Einir. Þá er hann á meðal hluthafa í Stoðum, einu stærsta fjárfestingafélagi landsins, ásamt meðal annars viðskiptafélögum sínum Jóni Sigurðssyni, fyrrverandi stjórnarmanni í N1, Magnúsi Ármann, fjárfesti og fyrrverandi stjórnarmanni FL Group, og Örvari Kjærnested, fjárfesti og stjórnarmanni í TM. Einar Örn er einnig á meðal stórra hluthafa í Gámaþjónustunni og Arnarlaxi, stærsta fiskeldisfyrirtæki landsins. – **hae**



**Einar Örn Ólafsson.**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími **550 5000**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is






**Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka. Bankinn horfir til þess að selja hlut sinn í Borgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Býður eignarhlut sinn í Borgun til sölu á ný

**Söluferli á 63,5 prósenta hlut Íslandsbanka í Borgun hefur verið endurvakið. Alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið Corestar Partners er ráðgjafi bankans í ferlinu. Minnihlutaeigendur horfa jafnframt til þess að selja sinn hlut í kortafyrirtækinu.**

Íslandsbanki hefur ákveðið að hefja að nýju söluferli á eignarhlut bankans í Borgun og bjóða þannig til sölu 63,5 prósenta hlut sinn í greiðslukortafyrirtækinu. Alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið Corestar Partners, sem er ráðgjafi Íslandsbanka við söluna, leggur um þessar mundir lokahönd á stutta fjárfestakynningu sem gert er ráð fyrir að verði send á fjárfesta og aðra markaðsaðila í þessum mánuði, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Sem kunnugt er réð bankinn Corestar Partners í september 2016 til ráðgjafar við að móta framtíðarstefnu um hlut sinn í Borgun. Söluferlinu var hins vegar sjálfhætt eftir að Fjármálaeftirlitið gerði í febrúar 2017 alvarlegar athugasemdir við eftirlit kortafyrirtækisins með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Eftirlitið krafðist þess meðal annars að Borgun sliti viðskiptasambandi sínu við tíu erlend fyrirtæki vegna þess að félagið kannaði ekki áreiðanleika upplýsinga um þau með fullnægjandi hætti.

Heimildir Markaðarins herma að minnihlutaeigendur Borgunar muni jafnframt horfa til þess að selja hlut sinn í fyrirhuguðu söluferli. Eignarhaldsfélagið Borgun, sem er samlagsfélag í eigu meðal annars Stálskipa og Einars Sveinssonar fjárfestis, á 32,4 prósenta hlut í Borgun.

Tvö stærstu greiðslukortafyrirtæki landsins eru nú til sölu en eins og fram hefur komið réð Arion banki nýverið bandaríska fjárfestingarbankann Citi sem ráðgjafa við sölu á Valitor, dótturfélagi bankans. Áformar bankinn að selja félagið, að hluta eða í heild, í opnu söluferli.

**15**

**milljarðar króna voru tekjur Borgunar árið 2017.**

Deilur innan hluthafahóps Borgunar hafa sett mark sitt á starfsemi greiðslukortafyrirtækisins. Þannig var greint frá því í Markaðnum í mars í fyrra að stjórn Borgunar teldi það ámælisvert ef Íslandsbanki hefði komið því á framfæri við FME að félagið hefði ekki staðið við skuldbindingar sínar um að eiga ekki í viðskiptum við fyrirtæki sem væru á sérstökum bannlista sem bankinn hafði útbúið.

Sendi stjórn fyrirtækisins bréf til stjórnar Íslandsbanka þar sem sagði að niðurstaða sameiginlegs starfshóps, sem var skipaður til að kanna hlítni Borgunar við yfirlýsingu sem þáverandi forstjóri undirritaði gagnvart bankanum um greiðslumiðlun í október 2016, hefði leitt í ljós að engin gögn sýndu fram á slík brot.

Ekki var samstaða um það innan hópsins að Borgun hefði starfað í samræmi við yfirlýsinguna. Þannig var það skoðun fulltrúa bankans að Borgun hefði mátt vera það ljóst að félagið hefði miðlað alþjóðlegum greiðslum til aðila sem störfuðu í atvinnugreinum sem væru sérstaklega útsettar fyrir peningaþvætti eftir að yfirlýsingin var undirrituð og þangað til bannlistinn tók gildi.

Þá var í frétt ViðskiptaMoggans sagt frá óánægju vegna þess sem heimildarmenn blaðsins kölluðu „óeðlileg“ afskipti Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, af ráðningarferli nýs forstjóra, Sæmundar Sæmundssonar, í lok árs 2017. Fullyrt var að Birna hefði þrýst á stjórnarmenn um að ráða Katrínu Olgu Jóhannesdóttur, formann Viðskiptaráðs, í starfið. Birna hafnaði því að bankinn hefði ákveðið að skipta út tveimur af þremur stjórnarmönnum sínum vegna ákvörðunar stjórnarinnar um að ráða Sæmund. Þá hefði hún aðeins hvatt stjórn Borgunar til að taka viðtöl við kandídata af báðum kynjum.

Hagnaður Borgunar nam 350 milljónum 2017 og dróst umtalsvert saman frá fyrra ári. Til samanburðar var hagnaður af reglulegri starfsemi 1,6 milljarðar 2016 og heildarhagnaður 7,8 milljarðar. Þar af komu 6,2 milljarðar til vegna sölu félagsins á hlut í Visa Europe.

**hordur@frettabladid.is**
**kristinningi@frettabladid.is**

# Samherji teflir fram Eiríki í stjórn Haga

Eiríkur S. Jóhannsson, stjórnarformaður Samherja, sækist eftir kjöri í stjórn Haga á hluthafafundi félagsins sem verður haldinn 18. janúar næstkomandi, samkvæmt heimildum Markaðarins. Frestur til að gefa kost á sér til setu í stjórn rann út síðastliðinn föstudag en Samherji, sem fer með 9,22 prósenta hlut í Högum, hafði óskað eftir því við stjórn félagsins að boðað yrði til hluthafafundar þar sem stjórnarkjör væri á dagskrá.

Þá mun Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir, aðaleigandi Fréttablaðsins, einnig tefla fram stjórnarmanni í kjörinu en félög í hennar eigu eiga um fimm prósenta hlut í Högum, stærsta smásölufyrirtæki landsins. Tillögur tilnefningarnefndar Haga um frambjóðendur til stjórnar Haga verða tilkynntar á föstudag.



**Eiríkur S. Jóhannsson, stjórnarformaður Samherja.**

Samkvæmt heimildum Markaðarins hyggst Kristín Friðgeirsdóttir, núverandi stjórnarformaður smásölurisans, ekki sækjast eftir endurkjöri í stjórn en hún hefur setið í stjórn Haga allt frá 2011. Hún vildi ekkert tjá sig um málið í samtali við Markaðinn þegar eftir því var leitað.

Samherji er stærsti einkafjárfestirinn í hluthafahópi Haga en sjávarútvegsfyrirtækið eignaðist rúmlega fimm prósenta hlut í félaginu við samruna Haga og Olís sem kom til framkvæmda þann 30. nóvember í fyrra. Þá hefur félagið einnig gert framvirka samninga um kaup á 4,12 prósenta hlut í Högum til viðbótar.

Í tilkynningu Haga til Kauphallarinnar á mánudag kom fram að stjórnendur félagsins hefðu lækkað afkomuspá fyrir yfirstandandi rekstrarár um 300 til 400 milljónir króna, eða sem nemur sex til átta prósentum. Ný afkomuspá Haga gerir ráð fyrir að EBITDA félagsins – hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – verði 4.600 til 4.700 milljónir króna á yfirstandandi rekstrarári, sem hófst í mars síðastliðnum.

Hlutabréfaverð Haga lækkaði um rúmlega sex prósent í kjölfar afkomuviðvörunarinnar og stóð gengi bréfa félagsins í 42,3 krónum á hlut við lokun markaða í gær. – **hae**

## FORD ATVINNUBÍLAR



FORD TRANSIT CUSTOM
Verð frá **3.298.387** kr. án vsk.

FORD TRANSIT CONNECT
Verð frá **1.975.806** kr. án vsk.

FORD TRANSIT VAN
Verð frá **4.431.452** kr. án vsk.

FORD TRANSIT BUS
Verð frá **4.508.064** kr. án vsk.

## CITROËN ATVINNUBÍLAR



CITROËN BERLINGO
Verð frá **2.250.000** kr. án vsk.



CITROËN JUMPY
M millilangur
Verð frá **3.137.097** kr. án vsk.

CITROËN JUMPY
XL langur
Verð frá **3.540.323** kr. án vsk.

## PEUGEOT ATVINNUBÍLAR



PEUGEOT PARTNER
Verð frá **2.209.667** kr. án vsk



PEUGEOT EXPERT
L2 millilangur verð frá **3.540.322** kr. án vsk. L3 langur verð frá **3.669.355** kr. án vsk.

# HEILDARLAUSNIR Í ATVINNUBÍLUM

BÍLAR · ÞJÓNUSTA · FLOTASTÝRING

Brimborg býður fjölbreytt úrval í línu atvinnubíla frá Citroën, Peugeot og Ford.
Þú færð framúrskarandi viðhaldsþjónustu og flotastýringu hjá sérhæfðu starfsfólki
Fyrirtækjalausna Brimborgar sem tryggir þínu fyrirtæki
hagræðingu, þægindi, sveigjanleika og lengri uppitíma.
Gerðu bestu kaupin á atvinnubílum hjá Brimborg.

**Fáðu tilboð eða ráðgjöf hjá sérfræðingum**
**Fyrirtækjalausna Brimborgar**
Sími 515 7800 • fyrirtaekjalausnir@brimborg.is



BRIMBORG
FYRIRTÆKJA
LAUSNIR

*Öruggur staður til að vera á*



# Siggi's skyr selt fyrir minnst 40 milljarða

**Sala svissneska mjólkurframleiðandans Emmi á 22 prósenta hlut sínum í The Icelandic Milk and Skyr Corporation skilaði félaginu 81 milljónar dala hagnaði. Miðað við það var söluverð skyrfyrirtækisins í það minnsta 40 milljarðar króna. Íslenskir fjárfestar margfölduðu fjárfestingu sína.**



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Sigurður Kjartan Hilmarsson stofnaði The Icelandic Milk and Skyr Corporation í New York árið 2006.

Fyrirtækið The Icelandic Milk and Skyr Corporation, sem var stofnað af Sigurði Kjartani Hilmarssyni árið 2006 og var í um 75 prósenta eigu Sigurðar, ættingja hans, vina og annarra sem þeim tengjast, var selt til franska mjólkurrisans Lactalis fyrir að lágmarki 370 milljónir dala í byrjun síðasta árs. Það jafngildir um 40 milljörðum króna miðað við þáverandi gengi.

Fram kemur í uppgjöri svissneska mjólkurframleiðandans Emmi Group fyrir fyrri helming síðasta árs, sem birt var síðastliðið haust, að framleiðandinn hafi bókfært hjá sér hagnað upp á 80,9 milljónir dala við sölu á öllum 22 prósenta hlut sínum í skyrfyrirtækinu. Eftir skatta nam söluhagnaðurinn 58,9 milljónum dala. Ekki liggur fyrir hvert virði eignarhlutarins var í bókum Emmi Group fyrir söluna til Lactalis en ljóst er að sú fjárhæð var óveruleg.

Mjólkurframleiðandinn kom fyrst inn í hluthafahóp The Icelandic Milk and Skyr Corporation árið 2012 með kaupum á 11 prósenta hlut en ári síðar fór hlutur framleiðandans í 24 prósent. Framleiðandinn sá jafnframt um framleiðslu á skyrinu, sem er selt undir vörumerkinu Siggi's, í verksmiðju sinni í uppsveitum New York ríkis í Bandaríkjunum. Emmi Group fór með 22 prósenta hlut í skyrfyrirtækinu fyrir söluna til Lactalis í janúar í fyrra og var þá eini fagfjárfestirinn í hluthafahópnum.




### Margfölduðu fjárfestinguna

Ljóst er að þeir sem lögðu fyrirtæki Sigurðar til fé, líkt og Emmi, margfölduðu fjárfestingu sína, jafnvel þannig að þeir fengu hana meira en hundraðfalt til baka.

Ingimundur Sveinsson arkitekt og fjölskylda voru á meðal stærstu hluthafa The Icelandic Milk and Skyr Corporation með um fimmtungshlut, samkvæmt heimildum Markaðarins, og fengu þau því um það bil átta milljarða króna í sinn hlut við söluna. Félag í eigu fjölskyldunnar, Eldhrímnir, setti fjármuni í skyrfyrirtækið á árunum 2006, 2008 og 2013 og var hlutur félagsins metinn á kostnaðarverði, 51 milljón króna, í bókum þess í lok árs 2017.

Að því gefnu að umrædd fjárhæð, 51 milljón króna, hafi verið eina hlutafjárframlag fjölskyldunnar til skyrfyrirtækisins nam innri ávöxtun fjárfestingar hennar hátt í 80 prósentum á ári á árunum 2006 til 2017, samkvæmt útreikningum Markaðarins. Mætti þá með öðrum orðum segja að fjölskylda Ingimundar hafi 157-faldað fjárfestingu sína.

Sonur Ingimundar, Sveinn, var á meðal fyrstu samstarfsmanna Sigurðar Kjartans þegar hann stofnaði fyrirtækið í New York árið 2006 og hannaði meðal annars umbúðirnar um skyrið. Sveinn var á meðal stærstu hluthafa fyrirtækisins en eignarhlutur Sigurðar Kjartans nam, eftir því sem Markaðurinn kemst næst, um 25 prósentum.

Ingimundur, sem rekur arkitektastofu í Reykjavík, var einn nokkurra íslenskra fjárfesta sem keyptu lyfjaverksmiðjur á Spáni árið 2005 í gegnum félagið Invest Farma. Flestir hluthafanna seldu sumarið 2013 samtals 61 prósents hlut í lyfjafyrirtækinu til annars vegar Framtakssjóðs Íslands og hins vegar Burðaráss eignarhaldsfélags, sem var þá í eigu Straums fjárfestingabanka, fyrir ríflega tíu milljarða.

Ingimundur á jafnframt lítinn hlut í Hval sem og í fjárfestingafélaginu Alfa en síðarnefnda félagið, sem er að mestu í eigu Benedikts og Einars Sveinssona, bræðra Ingimundar, fer með um 65 prósenta hlut í Kynnisferðum og 95 prósenta hlut í Tékklandi bifreiðaskoðun.

### Tók við sér á árinu 2013

Eins og kunnugt er var tilkynnt um kaup Lactalis, stærsta mjólkurfyrirtækis heims með árlega veltu upp á jafnvirði 2.100 milljarða króna, á öllu hlutafé í The Icelandic Milk and Skyr Corporation í janúarbyrjun í fyrra. Fjárfestingabankinn JP Morgan leiddi söluferlið.

Vöxtur skyrfyrirtækisins hefur verið hraður á undanförnum árum og eru vörur þess nú fáanlegar í um 25 þúsund verslunum í öllum ríkjum Bandaríkjanna. Fram kom í Fréttablaðinu undir lok árs 2017 að talið væri að velta fyrirtækisins ykist um liðlega 50 prósent á árinu 2018 og yrði þá samtals um 200 milljónir dala, jafnvirði tæplega 24 milljarða króna.

Frá árinu 2013 hefur skyrið verið sú jógúrttegund sem hefur vaxið hvað hraðast á Bandaríkjamarkaði og er talið að fyrirtækið sé með um það bil tveggja prósenta markaðshlutdeild í jógúrtsölu þar í landi.

Sigurður Kjartan hefur lýst því í samtali við fjölmiðla hvernig hann hóf tilraunir með skyrgerð í eldhúsinu hjá sér í New York eftir gamalli uppskrift frá árinu 1963 sem móðir hans sendi honum í faxi frá Íslandi.

Áður en skyrframleiðslan hófst starfaði hann við fyrirtækjaráðgjöf hjá Deloitte á Wall Street en sagði upp þegar skyráhuginn kviknaði. Í kjölfarið kom hann framleiðslunni af stað á mjólkurbúi í uppsveitum New York og vörurnar enduðu í hillum stórverslana á borð við Whole Foods og Target.

„Auðvitað efast maður stundum en fyrir mér var það í raun aldrei í boði að gefast upp," sagði Sigurður Kjartan í samtali við mbl.is á síðasta ári.

Hluthafarnir hefðu sýnt honum þolinmæði og skilning á meðan hann byggði fyrirtækið upp og jafnframt hefði hann ávallt fengið góð viðbrögð við skyrinu. „Þannig að það var margt sem gerði það að verkum að maður hélt í vonina. Síðan hafa síðustu þrjú ár verið mjög góð. Það fór að vera gangur í þessu."

**200**

**milljónir dala var áætlað að velta skyrfyrirtækisins yrði á árinu 2018, eða jafnvirði tæplega 24 milljarða íslenskra króna**

# Krefjandi aðstæður fyrir tvíhliðaskráningu Marels

Markaðsvirði keppinauta Marels, sem skráðir eru í kauphallir erlendis, lækkaði um 20-30 prósent á liðnu ári. Ef markaðsaðstæður verða með sama hætti kann að vera að tvískráning Marels muni ekki vera hluthöfum jafn happadrjúg og vonir stóðu til. Að sama skapi hækkaði gengi Marels um 15 prósent í krónum talið en fjögur prósent mælt í evrum. Verðkennitölur Marels eru um 15-20 prósent lægri en stórra keppinauta. Þetta kemur fram í nýju verðmati frá Hagdeild Landsbankans, sem ritað er á ensku.



Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels.

Að því sögðu, starfi Marel á markaði þar sem mikið sé um minni fyrirtæki en þau hafi verið að sameinast. Tvíhliðaskráning gæti liðkað fyrir sameiningum fyrir Marel og mögulega vakið frekari athygli á fyrirtækinu hjá stærri keppinautum sem hafi hug á að sameinast eða taka yfir reksturinn. Auk þess yrði það líklegra að fjárfestar, sem taki félög yfir, myndu beina sjónum sínum að því.

Loks, segir í verðmatinu, ættu fjárfestar sem reiknað hafa með að gengi hlutabréfa Marels yrði stöðugra í erlendri kauphöll en í þeirri íslensku að endurskoða þá afstöðu af því að að jafnaði hafi gengi helstu keppinauta sveiflast mun meira á markaði á undanförnum fimm árum.

Forsvarsmenn Marels hafa sagt að stefnt sé að því að skrá félagið tvíhliða í erlenda kauphöll. Til skoðunar er skráning í Amsterdam, Kaupmannahöfn eða London. Líklegt er að niðurstaðan verði kynnt á aðalfundi í ár ásamt ósk um að auka hlutaféð um 15 prósent til að styðja við skráninguna. Landsbankinn telur líklegast að félagið verði skráð á markaði í Amsterdam eða Kaupmannahöfn.

Landsbankinn mælir með kaupum í Marel. Verðmatið hækkaði úr 456 krónum á hlut í 466 en í evrum talið lækkaði það um 4 prósent. Mat Landsbankans var 27 prósent hærra en gengi á markaði við birtingu matsins á mánudag. – **hvj**

# Leggja Oculis til 1,9 milljarða króna

Lyfjaþróunarfyrirtækið Oculis, sem hefur þróað tækni við meðhöndlun augnsjúkdóma og á rætur að rekja til Háskóla Íslands og Landspítalans, hefur samið við fjárfesta um fjármögnun upp á 15,5 milljónir svissneskra franka eða sem jafngildir tæplega 1,9 milljörðum króna.

Fjármögnunin var leidd af fjárfestingafélaginu Tekla Capital Management í Boston en auk félagsins lögðu félagið Nan Fung Life Sciences, sem er hluti af kínversku samstæðunni Nan Fung Group, og fyrri hluthafar Oculis lyfjaþróunarfyrirtækinu til fé.

Félögin Tekla Capital Management og Nan Fung Life Sciences koma ný inn í hluthafahóp Oculis og tekur Henry Skinner, framkvæmdastjóri hjá fyrrnefnda félaginu, sæti í stjórn fyrirtækisins í stað Stefáns Jökuls Sveinssonar.

Fram kom í Markaðinum í janúar í fyrra að Oculis hefði samið við leiðandi alþjóðlega vaxtarsjóði, Bay City Capital, Novartis Venture Fund og Pivotal bio Venture Partners, ásamt Brunni vaxtarsjóði og Silfurbergi um jafnvirði 2,1 milljarðs króna hlutafjáraukningu. Oculis hefur þannig aflað sér samanlagt liðlega fjögurra milljarða króna í nýtt hlutafé á um það bil einu ári.

Samhliða hlutafjáraukningunni í byrjun síðasta árs var ákveðið að Oculis opnaði nýjar höfuðstöðvar í Lausanne í Sviss.

Oculis var stofnað árið 2003 af dr. Einari Stefánssyni, prófessor í augnlækningum, og dr. Þorsteini Loftssyni, prófessor í lyfjafræði. Þeir leiða enn rannsóknir og nýsköpun fyrirtækisins. Starfsemi félagsins byggir á einkaleyfavarinni tækni sem gerir mögulegt að meðhöndla sjúkdóma í afturhluta augans með augndropum. – **kij**



Lyfjaþróunarfyrirtækið Oculis hefur þróað augndropa sem koma í stað augnástungu við meðferð sjúkdóma í augunum. LJÓSMYND/OCULIS

**4,7**

**milljarðar króna var heildarvirði Oculis í bókum Brunns vaxtarsjóðs í lok árs 2017.**

# Glæsileg íslensk hönnun og smíði á skrifstofuna



**Flex skrifstofuhúsgögn**
Hönnuðir:
Guðrún Margrét Ólafsdóttir
og Oddgeir Þórðarson

Fyrir Á. Guðmundsson starfa íslenskir, vel menntaðir arkitektar sem hafa þróað húsgögn og hönnunargripi sem skapa notalegt andrúmsloft. Hver hlutur ber einkenni klassískrar hönnunar en er einnig fallegur smíðisgripur sem er þægilegt að nota og sómir sér vel á skrifstofunni.







**Dímon**
Hönnuður:
Erla Sólveig Óskarsdóttir

**Á. GUÐMUNDSSON EHF.**
STOFNAÐ 1956

Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur
sími 510 7300

www.ag.is
ag@ag.is



# Tryggðu þínu fyrirtæki stað í sögunni

Reitir bjóða til leigu húsnæði sem verður klæðskerasniðið að nýrri starfsemi og í takt við nútímakröfur. Húsin eru samtals um 2.300 fm að stærð og í boði eru fjölbreytt skrifstofurými, verslunar- og/eða veitingarými. Mögulegt er að leigja stök rými eða bæði húsin og nýta þau sem eina heild, en opið er á milli húsanna á öllum hæðum.

Pósthússtræti 3 og 5 eru sögufræg hús, „Steinninn" eða „Grjótið" var hlaðið 1882 og hýsti fyrst barnaskóla en síðar lögreglustöð með fangageymslum í kjallara þar sem fólk var sett í steininn eða í grjótið. Pósthúsið var byggt 1914 og er þriðja pósthúsið sem stendur við Pósthússtræti.

Nánari upplýsingar á reitir.is/posthusstraeti

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000





# REITIR

*Velkomin til starfa*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



Bjarni Þorvarðarson, forstjóri Coripharma, stýrði áður Hibernia Networks í 13 ár. Fyrirtækið var selt fyrir 610 milljónir dollara, jafnvirði 72 milljarða króna, árið 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fara á fullt skrið á átján mánuðum

**Bjarni Þorvarðarson, forstjóri Coripharma sem keypti lyfjaverksmiðju Actavis í Hafnarfirði, reiknar með að fyrirtækið verði rekið með hagnaði á seinni hluta næsta árs. Starfsmenn eru nú 37 en stefnt er á að þeir verði um 150 við lok árs 2020.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Forsvarsmenn Coripharma, sem nýlega var stofnað til að kaupa og reka lyfjaverksmiðju Actavis í Hafnarfirði, horfa fyrst og fremst til þess að framleiða lyf sem hafa áður verið framleidd í verksmiðjunni. Þetta segir Bjarni Þorvarðarson forstjóri í samtali við Markaðinn.

„Fyrrverandi viðskiptavinir verksmiðjunnar þekkja hana afar vel. Þeir vita upp á hár hvað verksmiðjan getur. Þekkingin á framleiðslunni er enn til staðar því við réðum fyrrverandi starfsfólk Actavis,“ segir hann.

„Við viljum halda áfram að framleiða samheitalyf sem fara á markað í Evrópu. Sá markaður vex um 5-7 prósent á ári enda erum við sífellt að verða eldri og það kallar á aukna lyfjatöku. Tækin og þekkingin sem þarf til að stíga inn á þennan markað eru til staðar hér í Hafnarfirði.“

Af 37 starfsmönnum er Bjarni sá eini sem hafði ekki áður unnið fyrir Actavis. „Ég segi stundum til gamans að hér vinni 37 manns og 36 af þeim hafa gríðarlega reynslu og þekkingu af því að starfa í lyfjageiranum. Langflestir hafa unnið hjá Actavis og fyrirrennurum þess í fjöldamörg ár, jafnvel í 20 ár eða lengur,“ segir hann.

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, fyrrverandi forstjóri Actavis á Íslandi, er stjórnarformaður Coripharma og hluthafi í fyrirtækinu. Ottó Björn Ólafsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Delta sem er forveri Actavis, er einnig í hópi hluthafa. Stærsti hluthafi Coripharma með 38 prósenta hlut hlut er TF II í stýringu Íslenskra verðbréfa, Bjarni á 19 prósenta hlut og VÍS á 18,9 prósenta hlut. Á meðal annarra hluthafa er Hof í eigu bræðranna Sigurðar Gísla og Jóns Pálmasona og níu manna hópur frumkvöðla sem kom viðskiptunum í kring sem eru flestir fyrrverandi starfsmenn Actavis.

## Víða skortur á framleiðslugetu

*Er ekki erfitt að sækja aftur í gamla samninga því fyrirtækin hafa eflaust hafið framleiðslu hjá öðrum verksmiðjum?*

„Það þarf að hafa fyrir því að sækja þau viðskipti. Víða í heiminum er skortur á framleiðslugetu fyrir ákveðin lyf og því er okkur tekið fagnandi. Okkar sérhæfing er að framleiða lyf sem eru flókin í framleiðslu að því leyti að við erum mögulega að framleiða sama lyfið fyrir fimm markaði í Evrópu sem allir hafa sitt eigið tungumál. Því þurfa pakkningarnar og fylgiseðlar að vera á ólíkum tungumálum. Margar stórar verksmiðjur á Indlandi og Kína búa ekki yfir ferlunum sem þarf til að sinna slíkum verkefnum.“

*Hvað þýðir Coripharma?*

„Cori er japanskt orð og þýðir ís. Það er skemmtilegt og þjált. Stefán Jökull Sveinsson, einn frumkvöðlanna sem stofnuðu Coripharma, lagði til þetta nafn og okkur líkaði vel við hrynjandina og möguleikann á að starfa undir því nafni.“

*Hvernig kom það til að þið ákváðuð að kaupa lyfjaverksmiðju Actavis í Hafnarfirði?*

„Actavis var gríðarlega öflugt fyrirtæki sem hafði stækkað með sívaxandi eigin framleiðslu og fyrirtækjakaupum. Það hafði keypt fyrirtæki í Evrópu og Bandaríkjunum og var orðið ansi umsvifamikið. Actavis varð að lokum sjálft skotmark og var yfirtekið.

Bandaríska lyfjafyrirtækið Watson reið á vaðið og keypti það, það var síðan yfirtekið af Allergan á Írlandi og loks keypti ísraelska fyrirtækið Teva það. Þau kaup gengu í gegn árið 2016. Teva tilkynnti að til að hámarka samlegð í rekstri fjölda fyrirtækja sem höfðu verið keypt í gegnum árin yrði að fækka framleiðslustöðvum úr 80 í tólf. Verksmiðjan á Íslandi var á meðal þeirra sem var lokað um mitt ár 2017.

Starfsmenn, stjórnendur og fyrrverandi stjórnendur Actavis sáu sér leik á borði. Þeim þótti of mikil verðmæti fólgin í fasteignum, tækjum, þekkingu starfsfólks og þeim kerfum sem hafði verið komið á fót til að reka ekki lyfjaverksmiðju hérna. Þessi hópur tók sig saman og fékk fjárfesta að borðinu til þess að fjármagna kaup á verksmiðjunni og opna hana aftur.“

## Lyf sem flókið er að pakka

*Hvers vegna að reka verksmiðjuna á Íslandi, þar sem kostnaður er hærri en hjá keppinautum frá Asíu?*

„Það er ekki hagkvæmt að framleiða öll lyf hér á landi. Kostnaður verksmiðja á Indlandi er mun lægri. Þær framleiða hundruð milljóna taflna fyrir einn markað. Við reynum ekki að keppa við þær. Við munum framleiða nokkra tugi milljóna í einu en getum framleitt einn og hálfan milljarð taflna á ári. Okkar sérstaða er að framleiða lyf sem flókið er að pakka og afhenda, eins og ég kom inn á áðan, því pakkningar og fylgiseðlar eru á ólíkum tungumálum. Lyfin sem slík geta verið hin sömu. Það þarf nefnilega að sigta inn á ákveðinn hluta markaðarins og vera bestur þar. Actavis tókst það.

Það er mikil samkeppni og hún fer vaxandi. Þess vegna þarf að finna sína hillu og halda sig á henni.“

> **Okkar sérstaða er að framleiða lyf sem flókið er að pakka og afhenda, því pakkningar og fylgiseðlar eru á ólíkum tungumálum.**

*Þurftuð þið að taka verksmiðjuna í nefið og kaupa ný tæki og tól?*

„Alls ekki. Það var tækifærið sem við sáum. Í stuttu máli sagt, og einfaldað, gengum við inn, kveiktum á tækjunum og hófum framleiðslu. Það tók okkur hálft ár að koma verksmiðjunni aftur í gang. Það er vegna þess að henni var pakkað niður árið 2017 með það fyrir augum að hægt væri að taka hana auðveldlega upp og setja saman. Það sem við gerðum í þetta hálfa ár var að setja tækin saman aftur og dusta rykið af gæðaferlum sem voru til staðar. Það þurfti reyndar aðeins að aðlaga þá að stefnu Coripharma. Við fengum leyfi til framleiðslu frá Lyfjastofnun í desember.

Munurinn á stefnu Actavis og Coripharma er að við framleiðum lyf í verktöku fyrir aðra. Við þróum ekki eigin lyf og eigum ekki markaðsleyfi heldur tökum við pöntunum frá öðrum, sem eiga markaðsleyfi og þurfa að láta framleiða fyrir sig.“

Coripharma framleiddi sína fyrstu vöru í desember. Leyfið frá Lyfjastofnun var veitt á þriðjudegi og framleiðsla á sýklalyfi fyrir þrjú fyrirtæki hófst á fimmtudegi. „Við vorum komnir með pantanir og framleiddum upp í þær. Við erum með röð af samningum sem við erum að ganga frá um þessar mundir.“

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 9. JANÚAR 2019



Jón Axel segir það eins og í frímúrarareglunni að fá borð og stóla handsmíðaða hjá sér en hann smíðar bara fyrir fjölskyldu og vini. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Er vakinn með kossi

Jón Axel Ólafsson fer í háttinn klukkan átta því hann hlakkar svo til að vera vakinn með kossi eiginkonu sinnar. Hann er með mörg járn í eldinum, er í útvarpinu, rekur bílaleigu og smíðar nú húsgögn með aldar langan líftíma. →2





Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is





Jón Axel ber nafn tveggja afa sinna sem báðir voru afburða smiðir. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Borð Jóns Axels eru af öllum stærðum og lengdum.



Engin tvö borð eða bekkir eru alveg eins.



Húsgögnin eru gerð til að þola allar íslenskar árstíðir.

Ég var orðinn þreyttur á garðhúsgögnum sem urðu ónýt og ljót eftir veturinn en svo bað konan mig um að smíða handa sér útihúsgögn og ég kemst sjaldnast upp með að fresta því sem hún biður mig um,“ segir Jón Axel og skellir upp úr.

Úr varð að eiginkonan, María B. Johnson, teiknaði upp útlit á draumaborðinu og Jón Axel smíðaði fyrir hana veglegt borð og bekki í garðinn.

„Síðan hefur þetta undið upp á sig og orðið að skemmtilegu hobbíi en ég smíða bara fyrir þá sem ég þekki. Þetta er eins og í frímúrarareglunni, þangað fer enginn inn nema að þekkja frímúrara og fá meðmæli, og því þarf að tala við mann sem þekkir mig til að komast í borðin,“ segir Jón Axel og hlær dátt.

Það var í ágúst 2017 sem Jón Axel rak smiðshöggið á fyrsta borðið.

„Ég er nú ekkert að hamast en hef smíðað fyrir vini mína og fjölskyldu og engin tvö borð er eins. Þau eru einstakt handverk sem ég nostra við af alúð og umhyggju fyrir þá sem ég smíða fyrir,“ útskýrir Jón Axel sem stefnir ekki á fjöldaframleiðslu húsgagnanna.

„Ég smíða bara þegar ég er í stuði og aldrei af kvöð, og mikilvægt að leyfa því að vera þannig. Því miður geta ekki allir fengið borð því ég smíða ekki fyrir hvern sem er og bara þeir sem ég treysti til að hugsa vel um þau fá sett í garðinn eða sumarbústaðinn,“ útskýrir Jón Axel.

„Að smíða er mitt jóga. Ég er heppinn af hafa aðstöðu þar sem ég get smíðað og fínt að geta skotist frá Excel-vinnunni, farið úr jakkafötunum yfir í vinnugallann og sett músíkina í botn sem ég fæ ekki að spila heima, en ég fæ til dæmis aldrei að spila gott kántrí heima í stofu,“ segir Jón Axel kíminn.

### Með smiði í blóðinu

Jón Axel ber nöfn afa sinna, Jóns Hannessonar húsasmíðameistara og Axels Helgasonar módelsmiðs.

„Það er kannski þess vegna sem ég er nú óvænt dottinn í smíðina,“ veltir afastrákurinn Jón Axel fyrir sér, en á uppvaxtarárunum dundaði hann mikið með Jóni afa sínum við smíðavinnuna.

„Ég er þó alls ekki handlaginn en bý að því að báðir afar mínir voru smiðir, og svo auðvitað pabbi líka. Í gegnum þá hef ég lært sitt lítið af hverju og er því sæmilega liðtækur í pallasmíði og alls kyns tréverk í sumarbústaðnum, en ég smíða alls ekki hús!“ upplýsir Jón Axel.

Besti vinur Jóns Axels er fjölmiðlamaðurinn og húsasmiðurinn Gunnlaugur Helgason, betur þekktur sem Gulli byggir eða Gulli Helga, en snemma á tíunda áratugnum slógu þeir í gegn í einum vinsælasta útvarpsþætti landsins, Tveir með öllu.

„Gulli smitaði mig reyndar ekki af smíðabakteríunni en hann lærði húsasmíðina hjá afa og því erum við kannski að taka blöð af sömu greininni. Gulli er virkilega vandaður og góður smiður, en ég er hvorki lærður né sérlega lunkinn við smíðarnar og því má alls ekki bera okkur félagana saman þegar kemur að smíðum,“ segir Jón Axel hógvær.

Garðsettin smíðar hann úr gegnheilum furuborðum.

„Markmiðið er að búa til húsgögn sem duga næstu hundrað árin, fjúka ekki og er ekki hægt að stela. Þau þola allar íslenskar árstíðir, níðsterk og traust. Ég skila þeim af mér ófúavörðum og hver og einn litar þau að eigin smekk,“ segir Jón Axel sem nú undirbýr smíðina úr íslenskri furu.

> **Víst væri gaman að fara aftur í útvarpið með Gulla Helga og ætli við tökum ekki lokasprettinn saman þegar við verðum báðir komnir með frítt í strætó.**

„Ég er líka að dunda mér við að smíða borðstofuborð til innanhússbrúks en smíða auðvitað ekkert nema með samþykki konunnar. Við hjónin erum því saman í þessu skemmtilega áhugamáli. Ég er svo heppinn og vel giftur að smekklegheitin koma aðallega frá Maríu en fyrir mér liggur það sem er utandyra og ég kaupi fagmenn í það sem þarf að standsetja innanhúss.“

### Galdurinn að eiga góða konu

Komið er ár síðan Jón Axel settist aftur við hljóðnemann í útvarpi. Þá var aldarfjórðungur síðan hann gladdi útvarpshlustendur með rödd sinni og persónuleika.

„Ég tók sæti Loga Bergmanns í morgunþætti K100 þegar hann var í lögbanninu í fyrra en svo þótti honum betra að vera vakandi í útvarpinu og fór yfir í síðdegisútvarpið þar sem hann er virkilega að glansa með Huldu Bjarna. Ég hef gaman af því að vera í útvarpi. Þar er líf, fjör og frelsi sem passar mér vel í stað niðurnjörvaðrar rútínu,“ segir Jón Axel sem rífur sig á lappir klukkan hálffimm á hverjum morgni til að mæta í morgunþáttinn sem stendur frá 6 til 9.

„Maður þarf að taka bakaravaktina á þetta og ég reyni að vakna á undan Gulla sem er í morgunþætti Bylgjunnar. Galdurinn við að vakna hress og kátur er að eiga góða konu. Hún vekur mig alltaf með kossi og því hlakka ég alltaf svo til að fara að sofa,“ segir Jón Axel kátur.

„Víst væri gaman að fara einhvern tímann aftur í útvarpið með Gulla og ætli við tökum ekki lokasprettinn saman þegar við verðum báðir komnir með frítt í strætó,“ segir Jón Axel sem átti útvarpsstöðina Stjörnuna með Gulla og fleirum á árunum 1987 til 1989.

„Ég skrásetti vörumerkið Stjarnan FM í sumar að gamni mínu. Það er gott að eiga það til ef vantar hobbí í ellinni. Þá gerir maður kannski eitthvað skemmtilegt; þegar við Gulli fáum ekkert annað að gera,“ segir hann og hlær.

Lengri útgáfa af viðtalinu við Jón Axel er á frettabladid.is.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5769 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Landvernd 50 ára

MIÐVIKUDAGUR 9. JANÚAR 2019

# Hafa verður náttúruvernd í heiðri allar stundir

„Ég hef ekki áhyggjur af framtíðinni. Áhyggjur og kvíði draga úr orku og kjarki. Ég hef mikla trú á landinu, því það gefur mér og öðrum landsmönnum orku til að vernda það,“ segir Vigdís Finnbogadóttir í viðtali á síðu 2 í þessu sérblaði sem gefið er út í tilefni af fimmtíu ára afmæli Landverndar.



# Aðal Íslands er víðsýni

Vigdís Finnbogadóttir hefur alla tíð verið umhugað um náttúruvernd og sýnt það í verki. Hún er baráttukona þegar kemur að umhverfis- og landverndarmálum. Náttúran er mikilvæg fyrir alla.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Vigdís segir að landvernd sé meðal þess mikilvægasta í hverju samfélagi, ekki bara á Íslandi heldur í öllum heiminum. „Ég hef alltaf lagt áherslu á að vernda náttúruna. Í forsetatíð minni vildi ég sérstaklega auka skilning á náttúruvernd meðal barna. Þá fæddist sú hugmynd að kenna börnum að græða landið. Sjálf fékk ég alls kyns gjafir, handprjónaða peysu og fleira fallegt þegar ég heimsótti byggðir landsins. Ég kom því alltaf færandi hendi með þrjú tré sem ég gróðursetti með börnum. Eitt fyrir strákana, eitt fyrir stelpurnar og eitt fyrir ófæddu börnin. Drengirnir áttu að passa sína hríslu og stúlkurnar sína og saman áttu þau að passa hrísluna fyrir ófæddu börnin. Það höfðu allir gaman af þessu framtaki. Upp úr þessu spratt sjóður sem nefndur er Yrkjusjóður æskunnar. Skólar geta sótt um styrk í þennan sjóð fyrir nemendur til gróðursetningar. Með þessu verkefni finna börn verndartilfinningu gagnvart landinu sínu,“ segir Vigdís.

Skógarlundir Vigdísar eru um allt land. Stærstur er Vinaskógur í landi Kárastaða á Þingvöllum. „Hulda Valtýsdóttir, þáverandi formaður Skógræktarfélags Íslands, valdi þennan stað. Markmiðið var að þjóðhöfðingar sem kæmu hingað í opinbera heimsókn gróðursettu í Vinaskógi. Elísabet Englandsdrottning var sú fyrsta. Hún spurði mig reyndar hvar skógurinn væri enda var enginn gróður þarna á þeim tíma. Núna er Vinaskógur fallegur skógarlundur. Meðal annars sextíu aspir sem stjórnmálaflokkur gaf mér þegar ég varð sextug,“ rifjar Vigdís upp og bætir við: „Ég hef bent ungu fólki á að kjörið sé að trúlofa sig í þessum skógi.“

Vigdís hefur lagt áherslu á náttúrvernd frá barnsaldri, lærði það af móður sinni. „Þegar við ferðuðumst um landið var ég upptekin af náttúrunni og vildi njóta hennar. Við systkinin vorum í sveit í Hreppunum á sumrin og mér eru minnisstæðir sandarnir í Rangárþingi handan Þjórsár. Í góðum norðanþurrki var iðulega sandrok sem skyggði á Eyjafjallajökul. Í dag er búið að rækta þetta svæði upp og binda landið.“

Þegar Vigdís er spurð hvernig framtíð hún sjái varðandi náttúruvernd, svarar hún: „Ég hef ekki áhyggjur af framtíðinni. Áhyggjur og kvíði draga úr orku og kjarki. Ég hef mikla trú á landinu, það gefur mér og öðrum landsmönnum orku til að vernda það. Fólk er meðvitaðra í dag um umhverfisvernd en áður. Það er afar þakkarvert að hafist sé handa við að moka ofan í skurði sem hafa verið þvers og kruss um landið. Mýrar jarðarinnar eru lungu heimsins. Ég tók þátt í að moka ofan í mikinn skurð í Skálholti og þar spratt upp yndisfagurt mýrlendi með fuglasöng og villtum gróðri.“

*Getum við gert eitthvað betur?*

„Við getum alltaf gert betur þegar kemur að náttúruvernd,“ svarar Vigdís. „Það þarf til dæmis að vanda valið hvar trjágróður er settur niður. Hann má ekki skyggja á þann fjársjóð sem íslensk náttúra er. Víðsýni er aðal Íslands,“ segir Vigdís og hvetur fólk til að fara vel með landið sitt til framtíðar. „Það er svo mikil gleði sem felst í því að eiga ósnortið land. Land sem hefur verið hlúð að með þeirri þekkingu, sem við höfum aflað okkur um hvernig það verður best varðveitt. Land sem við öll eigum og njótum. Ég er hreykin af því að fjölskylda mín hugar vel að umhverfi sínu, jafnt ungir sem eldri og allir eru á kafi í því að flokka og plokka. Við Íslendingar getum aldrei orðið ósammála um að hafa verður náttúruvernd í heiðri allar stundir.“



Vigdís hefur alltaf haft mikinn metnað fyrir landvernd. Um allt land eru skógarlundir sem urðu til í forsetatíð hennar. MYND/ERNIR

## Náttúruverndarsamtök á Íslandi




**1. Ungir umhverfissinnar**
www.ungirumhverfissinnar.is
umhverfissinnar@gmail.com

**1. Náttúruverndarsamtök Íslands**
www.natturuvernd.is
natturuvernd@natturuvernd.is

**1. Landvernd**
www.landvernd.is
landvernd@landvernd.is

**1. Fuglavernd**
www.fuglavernd.is
fuglavernd@fuglavernd.is

**1. Plastlaus september**
www.plastlausseptember.is
info@plastlausseptember.is

**2. Bláí herinn**
www.blaiherinn.is
tomas@blaiherinn.is

**3. Rjúkandi**
www.rjukandi.org
rjukandi@rjukandi.is

**4. Fjöregg**
www.fjoregg.is
fjoregg@gmail.com

**5. Náttúruverndarsamtök Austurlands**
www.nattaust.is
nattaust@gmail.com

**6. Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu**
Á Facebook
umhverfisaskaft@gmail.com

**7. Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi**
Á Facebook
eldvotn@gmail.com

**8. Vinir Þjórsárvera**
www.thjorsarverfridland.is
gibba@pax.is

**9. Náttúruverndarsamtök Suðurlands**
Á Facebook
natturuvernd@nss.is

**10. Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands**
www.nsve.is
nsve@nsve.is



## Stuðningur almennings við náttúruverndarsamtök lykilatriði

Landvernd og önnur náttúruverndarsamtök starfa saman og styðja hvert annað í málefnum náttúrunnar. Um allt land er að finna umhverfis- og náttúruverndarsamtök sem láta sig umhverfismál varða á fjölbreyttan hátt og getur almenningur leitað liðsinnis þeirra ef upp koma mál í heimabyggð sem viðkomandi vill vita meira um og fá að koma að athugasemdum við ferlið. Árósasamningurinn tryggir þátttöku almennings í ákvarðanatöku um umhverfismál og veitir honum kærurétt ef lög er þau varða eru brotin og þar veita náttúruverndarsamtök eins og Landvernd og önnur samtök á landsvísu stuðning og leiðsögn. Vanti náttúruverndarsamtök stuðning geta þau leitað til Landverndar eftir samstarfi og liðsinni. Kynntu þér endilega starfsemi náttúruverndarsamtaka í þinni heimabyggð og hvaða málum þau hafa unnið að, stuðningur almennings við slík samtök skiptir lykilmáli. Ef ekki eru samtök til staðar, þá er bara að stofna slík!

Útgefandi: Landvernd | Ábyrgðarmaður: Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir | Veffang: www.landvernd.is

# Landvernd – málsvari náttúru og umhverfis

**Stofnun Landverndar fyrir hálfri öld hvatti fólk til dáða í umhverfismálum. Rósbjörg Jónsdóttir formaður telur að næstu árin muni sífellt fleiri láta sig umhverfismálin varða, sama hvar í flokki fólk stendur.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is





„Stöndum saman um hreint land, fagurt land," segir Rósbjörg Jónsdóttir, formaður Landverndar. MYND/ERNIR

Þegar Landvernd var stofnuð fyrir fimmtíu árum þótti það djarft, metnaðarfullt og framsækið framtak. Á þeim tíma var helst horft til þess að græða landið, sem stafaði ógn af gróðureyðingu. Það hafði vantað umfjöllun um náttúruvernd á faglegum grunni, skilningur á umhverfismálum var takmarkaður og litlu fjármagni var veitt til þessara málaflokka. Stofnun Landverndar hvatti fólk til dáða," segir Rósbjörg Jónsdóttir, formaður Landverndar.

Frá upphafi hafa samtökin haft að leiðarljósi að efla fræðslu um náttúru- og umhverfismál, sem og faglega nálgun og umfjöllun. Í dag eru félagar um 5.300 talsins og sífellt fleiri vilja leggja samtökunum lið.

Landvernd sinnir margþættum verkefnum og mörg þeirra eru afar umfangsmikil. „Grænfáninn er þeirra stærst en mér finnst það stórkostlegt verkefni. Grænfáninn snýst um að fræða íslenska nemendur um mikilvægi umhverfis og náttúruverndar og er unnið í samstarfi við skóla á öllum skólastigum. Ávinningurinn af Grænfánaverkefninu hefur þegar skilað sér til þeirrar kynslóðar sem er að slíta barnsskónum og ljúka skólagöngunni og þessi fræðsla skilar sér líka inn á heimilin," segir Rósbjörg.

### Virkur þátttakandi í stefnumótun

Meginhlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi.

„Við leitumst við að veita stjórnvöldum og framkvæmdaraðilum aðhald í þessum efnum. Okkar helsta gagnrýni er sú að ekki er haft samráð við málsvara náttúrunnar fyrr en eftir að umdeildar framkvæmdir eru langt komnar í undirbúningi eða jafnvel hafnar. Það ætti að byrja á réttum enda og spara þannig bæði fé og fyrirhöfn. Í raun þyrfti að vera samstarf og samtal fyrr í öllum ferlum, það skiptir gríðarlega miklu máli," segir Rósbjörg og bætir við að sjaldan eða aldrei hafi krafa samfélagsins um áherslu á umhverfismálin, náttúruvernd og ábyrga stjórnun náttúruauðlinda verið jafnmikil og um þessar mundir.

Rósbjörg segir aðspurð að sennilega séu samtökin orðin pólitískari nú en áður og það endurspeglist í þeim aðgerðum sem Landvernd beitir, þ.e. kæruleiðum. „Við höfum orðið að nota kæruleiðina vegna þess að við erum kölluð svo seint að borðinu, eða þegar búið er að gefa út rannsóknar- og framkvæmdaleyfi. Helst af öllu myndi ég vilja að við þyrftum ekkert að kæra en eins og staðan er í dag höfum við ekki um annað að velja."

### Árósasamningurinn og Heimsmarkmið

Landvernd tekur virkan þátt í stefnumótun í umhverfismálum með ýmsum hætti, s.s. með gerð umsagna sem snerta fjölda þingmála, skipulagsmála sveitarfélaga, áætlanagerð og framkvæmdir á vegum einkaaðila jafnt sem opinberra aðila. Þá beitir Landvernd sér einnig í ákvarðanatöku um umhverfismál, m.a. með því

> **Ávinningurinn af Grænfánaverkefninu hefur þegar skilað sér til þeirrar kynslóðar sem er slíta barnskónum og ljúka skólagöngunni.**

að láta reyna á stjórnsýsluákvarðanir og reka mál fyrir dómstólum og leggja með því sitt af mörkum að farið sé eftir settum leikreglum.

Landvernd byggir vinnu sína á grundvelli Árósasamningsins og innleiðingu hans í íslensk lög. „Árósasamningurinn hefur þegar tekið gildi á Íslandi og veitir almenningi og félagasamtökum sem starfa að umhverfisvernd rétt til aðgangs að upplýsingum, þátttöku í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Mikilvægt er að við framfylgjum honum markvisst. Við vinnum líka með Heimsmarkmiðin og þurfum öll sem einstaklingar að tileinka okkur þau. Heimsmarkmiðin styðja mörg mál sem snúa að stefnu stjórnvalda í umhverfismálum, svo sem ábyrga neyslu, líf í landi og líf í vatni, og loftlagsmálin. Ef við sýnum ekki ábyrgð sjálf gerir það enginn fyrir okkur," segir Rósbjörg.

Spurð hvað hver einstaklingur geti sjálfur gert í umhverfismálum segir Rósbjörg mikilvægt að fólk temji sér nýja hugsun og umhverfisvænni lífsstíl. „Sem dæmi er hægt að forðast allt sem er einnota og hugsa um hvað megi endurnýta. Það er hægt að kaupa minna af varningi, nota almenningssamgöngur, hjóla þegar tækifæri gefst, slökkva ljósin eftir sig og ekki láta vatnið renna óspart úr krönunum, svo fátt eitt sé nefnt," bendir hún á.

Rósbjörg telur að næstu misseri muni sífellt fleiri láta sig náttúruna og umhverfismál varða, sama hvar í flokki fólk stendur. „Ég vil að starfsemi Landverndar verði enn öflugri, sýnilegri og mikilvægari og mun stuðla að því. Fræðslan verði enn meiri og ég sé fyrir mér aukið samstarf með grasrótinni og meiri aktívisma. Ég trúi því að meðvitund landans haldi áfram að aukast og við séum að vinna saman að því að framfylgja Heimsmarkmiðunum og gera samfélagið okkar betra. Þótt við séum lítil og fámenn þjóð getum við haft áhrif á alþjóðavettvangi en þá þurfum við að standa saman sem ein heild. Við eigum að sýna frumkvæði, taka djarfar ákvarðanir og vera öðrum til fyrirmyndar. Við getum alltaf gert betur."

Í tilefni af fimmtíu ára afmælinu mun Landvernd standa fyrir mörgum spennandi viðburðum og verkefnum allt þetta ár. „Ég vona að allir landsmenn fagni með Landvernd með ábyrgum hætti, takist á við áskorun morgundagsins í umhverfismálum með breyttu hegðunar- og neyslumynstri og fræðist um hvernig við getum stuðlað að því að núverandi og komandi kynslóðir geti búið við bestu mögulegu umhverfisgæði sem völ er á. Stöndum saman um hreint land, fagurt land," segir Rósbjörg að lokum.

# Minni kjötneysla til bóta fyrir heiminn

Vera Einarsdóttir
vera@frettabladid.is



Eyþór Eðvarðsson, stjórnarformaður Votlendissjóðs, segir mikinn loftslagsávinning af því að minnka kjötneyslu.

„Stærsta málið á heimsvísu þegar kemur að loftslagsmálum er að minnka brennslu á jarðefnaeldsneyti. Fljótlega þar á eftir kemur nauðsyn þess að draga úr kjötframleiðslu, enda skýrir hún um 15 prósent af kolefnislosun heimsins." Á heimsvísu er það lamba- og nautakjötsframleiðsla sem skilur eftir sig stærsta kolefnissporið. „Til að setja það í samhengi losar það að rækta kíló af lambakjöti á Íslandi um 29 kíló af koltvísýringi. Eitt kíló af baunum losar hins vegar aðeins eitt kíló af koltvísýringi," útskýrir Eyþór.

Hann segir Íslendinga eiga heimsmet í kolefnisspori og þurfa að grípa til aðgerða. „Kolefnisspor Íslendings er fjórtán tonn. Innan Evrópusambandsins er það sjö til átta tonn á einstakling og í heiminum öllum um fjögur tonn. Af þessu má sjá að við erum algerlega úti á túni og þurfum verulega að fara að hugsa okkar gang þegar kemur að hinum ýmsu lifnaðarháttum." Eyþór segir Íslendinga til að mynda fljúga eins og enginn sé morgundagurinn. „Þá erum við með mikið af framræstu landi, sem er meðal annars notað til að framleiða kjöt, en frá því streyma um 70 prósent af þekktri losun Íslands. Þá skilur ofbeit vegna ræktunar kindakjöts eftir sig gríðarlega stórt kolefnisspor auk þess sem matarsóun Íslendinga er gífurleg. Við hendum um 30 prósentum af matnum sem er framleiddur en það jafngildir því að þriðja hvert lamb fari beint í ruslið."



Eyþór Eðvarðsson, stjórnarformaður Votlendissjóðs. MYND/ERNIR

> **Til að setja það í samhengi losar það að rækta kíló af lambakjöti á Íslandi um 29 kíló af koltvísýringi. Eitt kíló af baunum losar hins vegar aðeins eitt kíló af koltvísýringi.**

Eyþór segir að það myndi gagnast heiminum ef fleiri drægju úr kjötneyslu eða gerðust grænmetisætur og vegan. „Við höfum samkvæmt okkar færustu vísindamönnum tíu ár til að gjörbylta lifnaðarháttum okkar og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í mínum huga verður það ekki gert öðruvísi en með því að leggja á kolefnisskatt þar sem það litla pláss sem eftir er fyrir koltvísýring uppi í háloftunum verður verðlagt. Hver og einn getur þess utan lagt sitt af mörkum og skiptir vitundarvakning eins og Veganúar miklu máli. Ef allir jarðarbúar myndu til að mynda sleppa því að borða kjöt einn dag í viku myndi það hafa gífurleg áhrif til hins betra. Þá myndi ég vilja sjá að neytendum yrði gert auðveldara að taka upplýstar ákvarðanir við val á vörum og þjónustu. Það væri til dæmis hægt að gera með því að litamerkja vörur eftir því hvaða kolefnisspor þær hefðu. Vara með grænum miða væri þá með minna kolefnisspor en vara með rauðum og þannig væri hægt að velja í þágu umhverfisins.

## VIÐBURÐADAGATAL

### JANÚAR

**10. JAN.**
Trúnó í Stúdentakjallaranum
*Afhverju varð ég vegan?*
Kl. 20:00

**17. JAN.**
Cowspiracy
*Sýning í Bíó Paradís og umræður eftir mynd*
Kl. 20:00

### FEBRÚAR

**2. FEB.**
Heimur úr plasti
*Fræðsla um plast og örplast í hafi*
Kl. 14:00

**20. FEB.**
A Plastic Ocean
*Sýning í Bíó Paradís*
Kl. 20:00

### MARS

**4. MARS**
Anthropocene: The Human Epoch
*Sýning í Bíó Paradís í samstarfi við Stockfish Film Festival*
Kl. 20:00

**7. MARS**
Neyslusamfélagið og ný viðmið
*Social Progress Imperative*
Kl. 17:00

### JÚLÍ

**SUMARFRÍ**
*Gangið, njótið og upplifið í náttúrunni*

LANDVERND

### ÁGÚST

**24. ÁGÚST**
Perlur Reykjaness
*Gönguferð með Ellerti Grétarssyni um Reykjanes*

*Lifandi viðburðadagatal með ítarlegum upplýsingum er að finna á vef Landverndar og á Facebook síðu samtakanna:*
landvernd.is
facebook.com/landvernd

### SEPTEMBER

**VÍSINDIN OG UMHVERFISMÁL**

**11. SEPT.**
This Changes Everything
*Sýning í Bíó Paradís*
Kl. 20:00

Vísindavaka 2019: Umhverfismál
*Rannís í samstarfi við Landvernd*
Dagsetning tilkynnt síðar

# Njótum í stað þess að neyta

Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök, fagnar hálfrar aldar afmæli sínu í ár. Allir eru hjartanlega velkomnir á viðburði afmælisársins og hvattir til að njóta í stað þess að neyta.

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@frettabladid.is



Við skipulag afmælisárs Landverndar var lögð áhersla á að skapa sem breiðast samstarf við ólíka hópa og höfða til sem flestra með fjölbreyttri nálgun á umhverfismál," segir Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, sérfræðingur hjá Landvernd og verkefnisstjóri afmælisárs Landverndar.

„Landvernd var stofnuð sem landgræðslusamtök árið 1969 og til að hvetja almenning til landgræðslu og hugsa betur um náttúruna, til dæmis með því að henda ekki rusli á víðavangi, en í dag eru umhverfismálin orðin miklu fjölbreyttari," útskýrir Sigríður Bylgja.,

„Áskoranirnar eru gífurlegar og varða hreinlega lífsmöguleika næstu kynslóða á þessari jörð. Því er okkur mikilvægt að höfða til sem flestra og fá fólk í lið með Landvernd til að efla umhverfisfræðslu og umræðu um umhverfismál, til að geta stuðlað að breytingum og þrýst á aðila, eins og stjórnvöld og fyrirtæki, og til að grípa til aðgerða sem skipta máli," segir Sigríður Bylgja.

### Eitthvað fyrir alla

Samstarfsaðilar Landverndar á afmælisárinu eru af fjölbreyttum toga svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.



„Í janúar tökum við höndum saman með Veganúar og í febrúar með Birni Steinari Blumenstein hönnuði. Í apríl vinnum við með ungmennahúsunum og Rannís í september. Samstarfsaðilar eru allt frá vísindasamfélaginu til skóla og listamanna, til Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands og jógum til hönnuða," upplýsir Sigríður Bylgja.

Yfir sumarmánuðina leggur Landvernd áherslu á viðburði úti í náttúrunni.

„Við tökum okkur smá frí í júlí til að hlaða batteríin og hvetjum alla til að gera slíkt hið sama. Það er nefnilega vísindalega sannað að útivera í óspilltri náttúru hefur jákvæð áhrif á heilsuna," segir Sigríður Bylgja brosandi.

Stærsti viðburðurinn verður svo á 50 ára afmælisdegi samtakanna, þann 25. október 2019, og verður dagskrá afmælisdagsins auglýst síðar.

„Öll dagskrá afmælisársins miðar að því að miðla og fræða og bjóða fólki í samtal um umhverfismál. Aðalmarkmiðið er auðvitað að vekja athygli á samtökunum og því sem við vinnum að, en verkefni Landverndar eru ótrúlega fjölbreytt og skemmtileg," segir Sigríður Bylgja.



Hvannadalshnúkur í Öræfasveit lokkar og laðar vegna ósnortinnar náttúru. MYND/GUNNÞÓRA GUNNARSDÓTTIR

### Allt er umhverfismál

Að sögn Sigríðar Bylgju má tengja nær allt í tilveru mannsins við umhverfismál, hvort sem það eru matarvenjur, neysla, samgöngumáti, stjórnmál eða annað.

„Við megum ekki gleyma að við deilum þessari jörð með 7,7 milljörðum manneskja, auk allra þeirra sem á eftir okkur munu koma; börnin okkar, barnabörn og barnabarnabörn. Því væri jörðinni og umhverfismálum afskaplega hollt ef allir, bæði einstaklingar, fyrirtæki og stjórnvöld, myndu hugsa eins og indíánarnir gerðu, sjö kynslóðir fram í tímann, en ekki í ársfjórðungum eða ársuppgjöri. Við eigum nefnilega bara þessa einu jörð og margar af hennar auðlindum eru takmarkaðar. Okkar er valdið og ábyrgðin til þess að nýta þær skynsamlega þannig að þau sem á eftir okkur koma geti notið hennar líka."

### Neita í stað þess að neyta

Sigríður Bylgja stingur upp á eftirfarandi:

„Við ættum að hætta að vera svona miklir neytendur og verða þess í stað neitendur. Neita að taka þátt í allri neyslunni sem okkur er talin trú um að við þurfum til að verða hamingjusöm. Neitum bara að taka þátt í henni og förum þess í stað að njóta! Búa til fallegar minningar, njóta samverustunda og þess stutta tíma sem við eigum hér á þessari fallegu jörð."

## AFMÆLISÁRS LANDVERNDAR 2019

### APRÍL

**6. APRÍL**
Norræni fataskiptadagurinn
*Samstarf við ungmennahús landsins*
Kl. 14:00

**10. APRÍL**
The True Cost
*Sýning í Bíó Paradís*
Kl. 20:00

**30. APRÍL**
Aðalfundur Landverndar

### MAÍ

**4. MAÍ**
Norræni strandhreinsunar-dagurinn ásamt Bláa hernum
Kl. 11:00

Dýradagurinn
*Skrúðganga til stuðnings lífbreytileika*
Dagsetning tilkynnt síðar

### JÚNÍ

**12. JÚNÍ**
Fræðsluferð í Friðland í Flóa með Fuglavernd og Votlendissjóði

**29. JÚNÍ**
Náttúruþing á Þingvöllum
Kl. 10–22:00

### OKTÓBER

**10. OKT.**
Draumalandið
*Sýning í Bíó Paradís og umræður eftir mynd*
Kl. 20:00

Ljósmyndasýning í Norræna húsinu
14. okt.–10. nóv

**25. OKT.**
Afmælisráðstefna Landverndar

### NÓVEMBER

**6. NÓV.**
Hvellur
*Sýning í Bíó Paradís*
Kl. 20:00

**20. NÓV.**
Umhverfismál og siðfræði
*Viðburður í samstarfi við Siðfræðistofnun Háskóla Íslands*

### DESEMBER

**4. DES.**
UseLess
*Sýning í Bíó Paradís*
Kl. 20:00

**7. DES.**
Jólagjafavinnustofa
*GÞS (DIY)*

**24. DES.**
Gleðileg jól!

# Umhverfismál eru án landamæra

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, fer stuttlega yfir það sem áunnist hefur í umhverfis- og náttúruverndarmálum síðustu fimmtíu ár.

*Hver eru stærstu skrefin sem hafa verið stigin í náttúruvernd síðustu 50 árin?*

Mikið vatn hefur runnið til sjávar í umhverfis- og náttúruverndarmálum á síðustu fimmtíu árum bæði alþjóðlega og hér heima á Íslandi. Umhverfismál eiga sér oftast engin landamæri, mengun berst á milli ríkja og andrúmsloftið er okkur öllum til dæmis sameiginlegt. Þetta hefur kallað á sameiginlegar aðgerðir þvert á landamæri og fjölmargir alþjóðlegir samningar hafa tekið gildi seinustu áratugi. Þar trónir kannski hæst samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunin og Parísarsamningurinn sem eru hluti hans.

Aðrir merkir samningar hafa einnig verið gerðir sem miklu máli hafa skipt fyrir umhverfis- og náttúruvernd. Þar má nefna samning SÞ um eyðimerkurmyndun og vernd líffræðilegrar fjölbreytni, Montreal-bókunina um verndun ósonlagsins og Árósasamninginn um rétt almennings til þátttöku þegar kemur að ákvarðanatöku um umhverfismál. Þá hafa einnig komið fram mikilvægar meginreglur í alþjóðlegum umhverfisrétti: Varúðarreglan og mengunarbótareglan. Allir þessir samningar hafa haft mikil áhrif á umhverfis- og náttúruverndarlöggjöf hérlendis, á viðhorf fólks og umgengni við náttúruna.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson í Nuuk á Grænlandi en ráðherra kann alltaf best við sig í lopapeysunni úti í náttúrunni, hérlendis sem erlendis.

Þróunin hérlendis síðustu fimmtíu árin hefur litast af þessum alþjóðlegu straumum og einnig af nauðsyn þess að vernda og stuðla að sjálfbærri nýtingu á auðlindum lands og sjávar. Á þessu tímabili var til dæmis komið á kvótakerfi í sjávarútvegi, sérstakur ferill mótaður utan um hvar megi virkja vatnsafl og jarðvarma og hvar ekki og komið á lögum um hvernig megi vernda vinsæla ferðamannastaði gegn álagi ferðamanna. Þá hefur margvísleg löggjöf verið tekin upp í gegnum EES-samninginn og má þar nefna mat á umhverfisáhrifum, efnalöggjöf og vatnatilskipun.

*Hvaða þýðingu hefur Árósasamningurinn?*

Tilkoma Árósasamningsins hefur styrkt umhverfisverndarsamtök og réttindi þeirra. Hérlendis geta slík samtök með 30 félagsmenn eða fleiri farið fram á að fá afhentar upplýsingar sem snúa að umhverfismálum. Þau eiga rétt á að taka þátt í ákvarðanatöku, t.d. með því að gera athugasemdir við áætlanir stjórnvalda og fyrirtækja og þau geta látið reyna á ákvarðanir stjórnvalda er varða umhverfismál fyrir úrskurðarnefndum. Þýðing þessa er ótvíræð og alveg ljóst að Árósasamningurinn hefur verið mjög mikilvægur bæði hérlendis og erlendis.

*Hversu mikilvægt telur þú starf Landverndar og annarra félagasamtaka hafa verið í náttúruvernd?*

Félagasamtök eins og Landvernd hafa mikilvægu hlutverki að gegna í umhverfis- og náttúruvernd. Það er brýnt að hafa samtök sem beita sér fyrir náttúruvernd án þess að hafa fjárhagslega hvata að baki, þau eru óháð öðru en lýðræðislegum ákvörðunum félagsmanna sinna. Mjög víða eru slík samtök leiðandi í umhverfismálum og þátttaka þeirra því algerlega nauðsynleg. Ég tel að barátta félagasamtaka hérlendis hafi skipt miklu í umhverfismálum og muni gera það áfram. Þau hafa veitt gríðarlega mikilvægt aðhald og komið málum á dagskrá. Gott dæmi um það er hugmynd um þjóðgarð á miðhálendi Íslands. Þessi framsækna og metnaðarfulla hugmynd er nú hluti af sáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur og þverpólitísk nefnd undirbýr stofnun þjóðgarðsins.

> **Það er brýnt að hafa samtök sem beita sér fyrir náttúruvernd án þess að hafa fjárhagslega hvata, þau eru óháð öðru en lýðræðislegum ákvörðunum félagsmanna sinna.**

Á köflum hefur þó reynst erfitt að fjármagna umhverfisverndarsamtök og stuðningur hins opinbera hefur verið frekar lítill. Sem umhverfisráðherra legg ég áherslu á að rekstrarstyrkir til umhverfisverndarsamtaka verði stórauknir: Um 50% á þessu ári og önnur 50% árið 2020.

Á seinustu misserum hefur vitund og áhugi fólks á umhverfismálum aukist ótrúlega. Það er frábært að verða vitni að þeirri kærkomnu umhverfisbylgju sem nú á sér stað. Umhverfismál eru ekki lengur álitin jaðarmál, enda eru þau stóru málin sem snerta okkur öll í nútíð og framtíð.

Ég óska Landvernd innilega til hamingju með 50 ára afmælið og óska samtökunum gæfu og góðs gengis í sínum mikilvægum störfum.

# Frá menntun til aðgerða

Verkefni Landverndar eru fjölbreytt og ná meðal annars utan um náttúruvernd, umhverfismennt og umhverfisstjórnun. Hér segja þrír starfsmenn Landverndar frá nokkrum ólíkum verkefnum.

## Stuðlað að umhverfisvitund og sjálfbærni

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Verkefnið Skólar á grænni grein (e. Eco-Schools) er alþjóðlegt verkefni fyrir nemendur á öllum skólastigum sem stuðlar að aukinni umhverfisvitund og sjálfbærni. Skólar stýra vinnunni í kringum verkefnið sjálfir, setja sér markmið og fylgja þeim eftir og er mikil áhersla lögð á þátttöku nemenda og að þeir séu sem virkastir í allri vinnu við verkefnið segir Katrín Magnúsdóttir, verkefnisstjóri Skóla á grænni grein. „Auk þess er mikilvægt að virkja skólasamfélagið til þátttöku og ýta þannig undir sjálfbærni í nærsamfélaginu. Skólar í verkefninu stíga sjö skref í átt að grænfána og ýtir aðferðafræði skrefanna undir sjálfstæði, lýðræði og valdeflingu nemenda. Þegar markmiðum hefur verið náð sækja skólar um grænfánann sem þeir fá að flagga komist þeir í gegnum úttekt Landverndar.“



Mikilvægt er að virkja skólasamfélagið og ýta undir sjálfbærni.



Áhersla er lögð á þátttöku nemenda.



Katrín Magnúsdóttir, verkefnisstjóri Skóla á grænni grein. MYND/ANTON BRINK

Verkefnið hefur vaxið jafnt og þétt frá því að það hóf göngu sína hér á landi árið 2000, en tæpur helmingur leik-, grunn- og framhaldsskóla um allt land er nú þátttakandi.

### Nemendur greina vandann

Menntun til sjálfbærni er stefnan sem unnið er eftir í Skólum á grænni grein segir Katrín. „Í stefnunni felst að skapa ábyrga samfélagsþegna sem búa yfir þekkingu, færni og getu til að takast á við þær áskoranir í umhverfis- og samfélagsmálum sem heimurinn stendur frammi fyrir.“ Nemendur eru þjálfaðir í að greina vandann í nærumhverfi sínu og koma með tillögur að lausnum sem þeir geta sjálfir unnið að í samvinnu við starfsmenn skólans og helst nærsamfélagið líka. „Verkefnið er því valdeflandi fyrir nemendur og gerir þá betur í stakk búna til að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Verkefnið er nátengt Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun en þar segir meðal annars að fyrir árið 2030 skuli nemendur öðlast þekkingu og færni til að ýta undir sjálfbæra þróun.“

Nýverið kom út handbókin Á grænni grein, sem er leiðarvísir um framkvæmd verkefnisins Skólar á grænni grein, en hún varpar einnig ljósi á tengsl þess við menntun til sjálfbærni og aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla. Bókin er aðgengileg á vef Skóla á grænni grein (www.graenfaninn.landvernd.is) og á skrifstofu Landverndar.

## Flókin og tilfinningalega erfið viðfangsefni

Miklar áskoranir felast í þróun á nýju námsefni í umhverfismálum í dag. Viðfangsefnin eru mjög flókin og tilfinningalega erfið, því umhverfishnignun og aðgerðaleysi okkar ógna framtíð okkar og jarðarinnar segir Caitlin Wilson, sérfræðingur hjá Skólum á grænni grein. „Þá er engin ein rétt lausn í þessum málum heldur, það eru margir hagsmunaaðilar og margt sem þarf að huga að þegar við förum í aðgerðir. Þess vegna vantar námsefni sem hjálpar okkur bæði að skilja flókin fyrirbæri bak við umhverfismál en styðja líka skapandi, valdeflandi vinnu í lausnum og öðrum möguleikum fyrir plánetuna.“



Nemar við MH komu að I SEE verkefninu sem er styrkt af Erasmus+.



Caitlin Wilson, sérfræðingur hjá Skólum á grænni grein.

### Hvað eigið þið við með „fræða en ekki hræða“?

„Þessi orð eru orðin einhvers konar slagorð fyrir okkur hjá Grænfánaverkefninu. Þau voru upphaflega sögð af Sögu Rut Sunnevudóttur og Bríeti Felixdóttur, þegar þær héldu ræðu á Umhverfisþingi 2017. Þær voru einmitt þátttakendur í Erasmus+ verkefninu I SEE um loftslagsmál og framtíðarsýn, og voru beðnar um að halda ræðu um viðhorf ungs fólks til loftslagsmála í kjölfarið af þátttökunni í sumarskóla I SEE á Ítalíu. Þær sögðu frá því hvernig ungt fólk upplifir loftslagsbreytingar með samviskubiti og kvíða, eins og það sé allt að fara versnandi og lítið hægt að gera. Þær töluðu um að það vanti kennslu um umhverfismál almennt og þá sérstaklega kennslu um loftslagsmál sem er skapandi, vinnur í lausnum og gefur von. Það þarf að fræða en ekki hræða.

### Getur þú sagt mér frá Erasmus+ og I SEE verkefninu?

„I SEE er verkefni styrkt af Erasmus+ áætluninni og unnið í samstarfi við Menntaskólann við Hamrahlíð, með kennarana Auði Ingimarsdóttur og Sigurkarl Stefánsson, og ýmsa háskóla og menntaskóla í Evrópu. Saman höfum við hannað kennslu um loftslagsmál og kolefnisbindingu sem hefur að markmiði að opna fyrir nemendum fleiri framtíðarmöguleika en bara eina svarta framtíð.

Við höfum líka fengið Söndru Ósk Snæbjörnsdóttur til að kynna rannsóknina CarbFix fyrir nemendum en í þessari merkilegu rannsókn var þróuð leið til að binda kolefni varanlega í grjóti. Í sumarskólanum I SEE 2017, sem m.a. nemendur frá MH sóttu, vorum við líka með pallborðsumræðu með fólki sem vinnur í lausnum við loftslagsvandann og þótti þeim sú umræða virkilega áhugaverð.

## Börn sem vísindafólk og aðgerðasinnar

Börn og ungmenni á Íslandi hafa almennt miklar áhyggjur af loftslagsmálum og Landvernd hyggst setja aukinn kraft í þessi mál með valdeflandi skólaverkefnum sem auka getu þeirra til aðgerða segir Rannveig Magnúsdóttir, doktor í spendýravistfræði, sem stýrir verkefnunum Vistheimt með skólum og Öndum léttar hjá Landvernd. Hún segir bæði verkefnin dýpka skilning barna og ungmenna á stórum umhverfismálum og kenna hvað þau geta sjálf gert til að sporna við loftslagsbreytingum og tapi á lífbreytileika.

„Verkefnið Vistheimt með skólum er unnið í samstarfi við Landgræðsluna og í dag taka grænfánaskólar þátt sem hafa valið sér vistheimt sem þema. Vistheimt (endurheimt vistkerfa) er afar mikilvæg aðgerð til að endurheimta illa farin vistkerfi og í verkefninu læra nemendur, og kennarar, hvernig vistheimt tengist lífbreytileika, vistkerfaþjónustu og loftslagsmálum.“



Rannveig Magnúsdóttir, doktor í spendýravistfræði, stýrir verkefnunum Vistheimt með skólum og Öndum léttar hjá Landvernd. MYND/ANTON BRINK

### Setja upp tilraunareiti

Nemendur setja sig í spor vísindafólks og setja m.a. upp tilraunareiti á örfoka landi, mæla framvindu gróður- og dýrasamfélaga, vinna úr gögnum sínum og kynna niðurstöðurnar. „Tveir skólar vinna verkefni í tengslum við endurheimt votlendis og einn skipuleggur vistheimt á gömlu námusvæði í nágrenni skólans. Nemendur hafa m.a. kynnt niðurstöður sínar á Umhverfisþingi og fyrir Dr. Jane Goodall, sem er verndari verkefnisins.“

### Valdeflandi viðburður

Í verkefninu Öndum léttar, er sveitarfélögum veitt aðstoð við kolefnisbókhald og aðgerðaáætlanir í loftslagsmálum. „Frá og með árinu 2019 verður einnig farið í skólaverkefni, m.a. í samstarfi við hugbúnaðarfyrirtækið Klappir – Grænar lausnir hf., þar sem nemendur frá fræðslu um loftslagsmál ásamt því að fá tæki og tól í hendurnar sem þau geta nýtt til aðgerða í skólanum og nærumhverfi sínu.“

Dýradagurinn (e. Animal Parade) verður haldinn í fyrsta skipti á Íslandi vorið 2019 og verður tileinkaður 50 ára afmæli Landverndar. „Þessi viðburður kemur úr hugmyndasmiðju Roots & Shoots samtaka Jane Goodall. Þar verður nemendum á leik- og grunnskólaaldri boðið að taka þátt í skrúðgöngu til að vekja athygli á málefnum hafsins sem tengjast loftslagsbreytingum og neyslu út frá sjónarmiðum dýra. Þarna má nefna vanda eins og plastmengun í hafi, hnignun lífbreytileika, súrnun sjávar og dýr á válista.

Dýradagurinn er valdeflandi viðburður fyrir börn og ungmenni sem gefur þeim rödd til að tjá sig um m.a. alvarleg áhrif loftslagsbreytinga og koma skilaboðum sínum til stjórnvalda.“

# Við getum alltaf gert betur

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, segir að við þurfum að hafa miklar áhyggjur af loftslagsbreytingum og grípa til róttækra aðgerða gegn þeim strax.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Auður segir að sem betur fer séu Íslendingar alltaf að verða betur meðvitaðir um náttúruvernd og umhverfismál. „Það er alltaf að aukast til hins betra,“ segir hún. „Sögulega höfum við yrkt landið og borið virðingu fyrir því og verið í ákveðnum tengslum við það. Margir íslenskir bændur hafa verið í fararbroddi í náttúruverndarmálum. Þar má til dæmis nefna Þjórsárver sem væru líklega komin undir uppistöðulón ef sveitarstjórnarfólk á svæðinu hefði ekki staðið á móti þeim framkvæmdum. Við erum hins vegar miklir umhverfissóðar og hræðilega neyslufrek.“

Þegar Auður er spurð hvort áherslur stjórnmálamanna séu nógu miklar, svarar hún. „Langt frá því. Stjórnmálafólk virðist gleyma því fyrir hverja það vinnur. Það vinnur nefnilega ekki fyrir hagsmunaaðila sem borga í kosningasjóði. Það vinnur fyrir fólkið í landinu og á að þjóna því að sjá til þess að ógnir eins og loftslagsbreytingar dragi ekki úr lífsgæðum okkar til framtíðar.“

Auður segir að fjölgun ferðamanna til landsins sé vissulega líka áhyggjuefni. „Við sjáum alvarlegan átroðning ferðamanna á mörgum stöðum og höfum ekki gripið til nægjanlegra aðgerða til að draga úr honum. Þá eru friðlýsingar mjög gott tæki til þess að vernda athyglisverðar náttúruperlur en á Íslandi hefur gengið allt of hægt að friðlýsa svæði sem Alþingi hefur ákveðið að eigi að friðlýsa. Úr þessu þarf að bæta. Einnig er losun gróðurhúsalofttegunda vegna aukinnar flugumferðar áhyggjuefni. Það er mikilvægt að reyna að fá þá ferðamenn sem hingað koma til þess að stoppa lengur.

*Hvaða áskoranir sérðu varðandi virkjanir á Íslandi?*

„Ég vil að við spyrjum okkur hvers vegna en það virðist oft gleymast. Til hvers erum við að virkja þegar stórnotendur, fyrirtæki að miklu leyti í eigu alþjóðlegra risafyrirtækja, fá nú þegar 80% af raforkunni sem framleidd er á Íslandi? Hvers vegna ættum við að auðvelda þessum fyrirtækjum sína mengandi starfsemi þegar ekki kemur á móti niðurskurður á notkun jarðefnaeldsneytis? Þegar þau þar að auki skilja ekkert af hagnaði sínum eftir hér og greiða ekki þau gjöld sem þeim ber. Auk þess höfum við miklar áhyggjur af hugmyndum um sæstreng yfir hafið. Með honum myndi þrýstingur á að virkja allt sem hægt er að virkja á Íslandi aukast til muna. Á meðan stjórnsýslan á Íslandi er eins veik og hún er varðandi veitingar framkvæmdaleyfa og mat á umhverfisáhrifum er þetta þrýstingur sem við ráðum ekki við.

Margir vinnustaðir eru að vakna til meðvitundar um umhverfisáhrif sín og standa sig vel. Mikilvægt er að veita fyrirtækjum tæki til þess að meta áhrif sín með umhverfisstjórnunarhugbúnaði því þá er mun auðveldara að grípa til aðgerða ef hægt er að mæla árangur. Landvernd er með verkefni í gangi í samstarfi við Klappir – grænar lausnir þar sem við aðstoðum sveitarfélög við að meta og draga úr loftslagsáhrifum sínum. Við myndum mjög gjarnan vilja víkka það verkefni út og ná til fleiri sveitarfélaga og jafnvel fyrirtækja.

Heimilin standa sig sæmilega í flokkun en við þurfum að færa fókusinn af flokkun yfir á það að draga úr neyslunni, draga úr



Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar. MYND/EYÞÓR

myndun sorps. Þannig þurfum við að vera meðvituð um að allt sem við kaupum endar sem úrgangur á einn eða annan hátt. Með því að kaupa minna, kaupa notað og kaupa sjaldan drögum við verulega úr sorpi og þar með mengun,“ segir Anna.

*Hvernig sérðu umhverfismál og náttúruvernd þróast á næstu árum?*

„Okkur stendur ekki annað til boða en að gera miklu betur en við höfum gert. Ósjálfbæra samfélagið sem við höfum skapað og neitum að breyta ógnar ekki bara lífsafkomu okkar sjálfra heldur lífinu á jörðinni. Við höfum beðið allt of lengi með að grípa til aðgerða og á meðan eykst loftslagsvandinn, mengun, útdauði tegunda, eyðimerkurmyndun og eyðing villtrar náttúru. Tíminn til að bregðast við var fyrir 30 árum, nú höfum við ekki annað val en að bera virðingu fyrir jörðinni okkar og koma vel fram við hana.

Það eru svo ótal margar aðgerðir sem hægt er að ráðast í til að gera betur. Stjórnvöld þurfa að taka fyrstu skrefin, svo fylgja fyrirtæki og almenningur með og hjá þeim verður stóra breytingin og mesti árangurinn. Á meðan stjórnvöld draga lappirnar verður engin hugarfarsbreyting, ekkert nýtt gildismat sem er nauðsynlegt til þess að bæta umgengni okkar við eina heimilið okkar. Við getum því þrýst á stjórnmálafólkið okkar að standa sig betur í umhverfismálum, við getum dregið úr okkar eigin neyslu í víðasta skilningi bæði innan heimilisins en einnig á vinnustaðnum okkar, þannig að innan neyslu fellur til dæmis flug, stærð húsnæðis, raftæki, fatakaup, kjötneysla, jólaskraut, flugeldar og svo framvegis. Að við spyrjum okkur sem einstaklingar en líka sem fyrirtæki: Þarf ég á þessu að halda?“

# Tíminn er mikilvægari en óþarfi

Stefán Gíslason, stofnandi UMÍS, Umhverfisráðgjafar Íslands, telur neyslu vera umhverfismál og bendir á kvóta sem við fæðumst með.

Flest höfum við einhvern tímann keypt eitthvað sem við þurfum ekki. Sumt fyrir okkur sjálf en gefið öðrum annað sem hafa kannski enga þörf fyrir það heldur,“ segir Stefán. „En kaup á óþarfa, hvort sem hann er ætlaður okkur sjálfum eða öðrum, skaðar ekki bara fjárhaginn til skamms tíma, heldur skerðir framtíðarmöguleika barnanna okkar og barnanna þeirra.“ Hann bendir á að allt sem við kaupum hafi einhver neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag áður en við fáum það í hendur. „Við getum svo sem sagt að þessi áhrif séu að vissu marki ásættanleg ef varan var alveg bráðnauðsynleg. En það á ekki við um það sem við kaupum að óþörfu. Kannski var níðst á fólki, jafnvel börnum við framleiðsluna. Kannski drápust órangútanapar þegar heimilum þeirra var eytt til að hægt væri að vinna hráefnið. Kannski skildi framleiðslan eftir eiturefni í drykkjarvatni fólks í fjarlægu landi. Kannski liggur einhvers staðar heilt tonn af úrgangi vegna framleiðslu á pínulitlum hlut. Og alveg örugglega jók framleiðsla og flutningur þessa óþarfa á loftslagsvandann, sem var þó ærinn fyrir.“

Og Stefán bendir einnig á neikvæð áhrif óþarfans á líf okkar. „Í



Stefán Gíslason, stofnandi Umhverfisráðgjafar Íslands, segir tímanum betur varið í áhugamál en að vinna sér fyrir óþarfa. Hér er hann í fjallgöngu á Klofningsheiði. MYND/SÆVAR SKAPTASON

hvert sinn sem við kaupum óþarfa erum við að gefa frá okkur hluta af tímakvótanum sem við fengum í vöggugjöf. Samkvæmt tölum Hagstofunnar tekur það meðal-Íslendinginn um það bil einn vinnudag að vinna sér inn 20 þúsund kall. Þennan dag hefði verið hægt að nota í eitthvað annað. Flest höfum við kvartað einhvern tíma yfir því að hafa ekki tíma til að sinna því sem okkur langar til að sinna. Um leið og við hættum að kaupa óþarfa eigum við meiri tíma afgangs til að lifa lífinu!“

# Í valkostum felast verðmæti

Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, segir frá rannsókn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á efnahagsáhrifum friðlýstra svæða.

Rannsókn Hagfræðistofnunar sem gerð var í sumar sýnir að í grennd við ellefu friðuð svæði hér á landi eru hátt í tvö þúsund störf, sem tengjast svæðunum," segir Sigurður en rannsóknin var gerð að beiðni Umhverfisráðuneytisins. „Þjónusta við gesti þjóðgarða getur til dæmis hentað bændum, sem eru með kindur," heldur Sigurður áfram og bendir á að sauðfjárbúskapur sé óvíða full vinna. „En fjöldi starfa er almennt ekki góður mælikvarði á verðmæti. Bein not af friðuðum svæðum má til dæmis mæla með því að skoða hvernig sókn í þau fjarar út eftir því sem lengra dregur frá þeim. Friðlýst svæði geta líka verið mikils virði í huga þeirra sem vita af þeim en fara ekki þangað. Slík verðmæti verða ekki metin nema með því að spyrja fólk." Hann segir að það liggi beint við að valkostum geti fækkað þegar tiltekinn nýtingarkostur sé valinn. „Sem dæmi má nefna að til ársins 1844 mátti velja milli heims með geirfuglum og án þeirra. Við getum valið milli þess að eiga kjarr, mela og móa á hálendinu og víðar, sérstaka stofna af laxi og silungi í hverri á – og við getum líka valið kosti sem svipta okkur þessu öllu. Í valkostunum felast verðmæti."



Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, segir gildi þjóðgarða mikið í krónum talið. MYND/KRISTINN INGVARSSON

Sigurður bendir á að friðun skipti í raun aðeins máli þegar hún rekst á aðrar nýtingarhugmyndir. „Stundum virðist ekki vera mikil fyrirstaða í friðunum. Sá hluti Kringilsárrana sem stendur upp úr Hálslóni er friðaður, en ekki reyndist mikið hald í friðun þess hluta ranans sem stóð lægra. Fáir mánuðir eru síðan úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vildi bíða með að veita leyfi til fiskeldis á Vestfjörðum meðan skoðaðar yrðu leiðir sem ekki ógnuðu innlendum laxastofnum. Sem kunnugt er greip Alþingi einum rómi inn í það ferli."

# Minnir á þriðja heims ríki

Snemma á síðasta ári hófust framkvæmdir við væntanlegar rannsóknarboranir í Eldvörpum á Reykjanesi. Drónamyndir sem Ellert Grétarsson náttúruljósmyndari tók af nýju, gríðarstóru borstæðinu vöktu mikla athygli, ekki síst vegna þess að þá var eins og fólk áttaði sig betur á því umfangi sem þetta rask hafði í för með sér að hans sögn. „Þarna var einungis eitt borstæði af fimm sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir, örskammt frá sjálfri gígaröðinni sem er um 10 km löng. Þarna var verið að slétta út nútímahraun á náttúruminjaskrá, þrátt fyrir umsögn Skipulagsstofnunar um verulega neikvæð umhverfisáhrif." Ef horft er til Rammaáætlunar eru öll jarðhitasvæði Reykjanesskagans annaðhvort komin í orkunýtingu eða á leiðinni þangað bætir hann við. „Aðeins þrjú svæði af nítján hafa verið sett í verndarflokk sem er algjörlega óskiljanlegt. Ef villtustu draumar orkufyrirtækjanna rætast þá verður Reykjanesskaginn eitt samfellt orkuvinnslusvæði frá Reykjanestá að Þingvallavatni. Við getum bara gert okkur í hugarlund hvaða umhverfisáhrif það mun hafa."



Ellert Grétarsson.

## Gríðarlegt náttúrurask

Afleiðingarnar eru vitaskuld margvíslegar segir Ellert. „Gerðu þér í hugarlund ef þú margfaldaðir Reykjanesvirkjun upp í nítján og raðaðir henni eftir endilöngum skaganum ásamt meðfylgjandi mannvirkjum, stöðvarhúsum, gufulögnum, borteigum, háspennulínum og línuvegum. Tökum Krýsuvík og Reykjanesfólkvang sem dæmi. Innan fólkvangsins eru þrjú svæði af fjórum komin í orkunýtingarflokk sem er algjörlega galið. Fari fram sem horfir mun þetta hafa gríðarlegt náttúrurask í för með sér."




| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.** | Reykjanesvirkjun | **6.** | Trölladyngja | **11.** | Gáruhnúkar | **16.** | Grændalur |
| **2.** | Stóra-Sandvík | **7.** | Sveifluháls | **12.** | Hverahlíð | **17.** | Ölfusdalur |
| **3.** | Eldvörp | **8.** | Austurengjahver | **13.** | Hellisheiðarvirkjun | **18.** | Þverárdalur |
| **4.** | Svartsengi | **9.** | Brennisteinsfjöll | **14.** | Innstidalur | **19.** | Nesjavallavirkjun |
| **5.** | Sandfell | **10.** | Meitillinn | **15.** | Bitra | | |

Ellert segist engan veginn geta skilið hvers vegna þurfi að virkja allt sem hægt er að virkja í landi sem á heimsmet í orkuframleiðslu miðað við höfðatölu. „Noregur, sem er í öðru sæti, framleiðir innan við helming þess sem Ísland framleiðir. Í landi, sem á heimsmet í raforkuframleiðslu, tala orkumálastjóri og forsvarsmenn orkufyrirtækja um að virkja þurfi meira. Að öðrum kosti muni það hamla uppbyggingu atvinnulífs í landinu. Á sama tíma og menn tala um yfirvofandi orkuskort ætla þeir að flytja orkuna til annarra landa með sæstreng. Þetta minnir á þriðja heims ríki þar sem almenningur þarf að þola matarskort vegna þess að stærsti hluti matvælauppskerunnar er fluttur úr landi. Hún er mjög einkennileg, þessi umræða."

# Félagsmenn mynda grunn að góðu starfi

Landvernd er frjáls félagasamtök og stuðningur félagsmanna er okkur ómetanlegur. Til að tryggja sjálfstæði samtakanna og fjárhagslegan grunn skiptir fjöldi félagsmanna miklu máli en að öðru leyti reiða samtökin sig á styrki sem sótt er um árlega. Árið 2011 voru eingöngu 500 félagsmenn í samtökunum og starfsmenn þrír. Í dag starfa sjö manns hjá Landvernd og má meðal annars þakka fjölgun félagsmanna þennan vöxt. Verkefnafjöldi, slagkraftur og sýnileiki samtakanna hefur að sama skapi aukist en félagar eru rúmlega 5.300. Stuðningur félagsmanna hefur gefið samtökunum styrk til að vaxa og við viljum halda því áfram til þess að sinna mikilvægum verkefnum í þágu umhverfisins.

Til að ganga í Landvernd, heimsæktu heimasíðuna okkar www.landvernd.is eða hringdu í s. 552-5242




Ert þú búin/n að taka plastáskorun Landverndar?



plastaskorun.landvernd.is

## Bílar & Farartæki

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
SKODA Octavia 1.6 Dísel Beinsk,. Árgerð 2014, ekinn 49 Þ.KM, Tilboð 1.990.000. Rnr.136431.

TILBOÐ Á VÖLDUM BÍLUM Í JANÚAR
STÓRA BÍLASALAN

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

## Varahlutir

VAKA
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA
Sími: 567 6700 | vakahf.is

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Óska eftir verktökum, er með nokkur tilboðsverk í útboði, svo sem múrviðgerðir gluggaviðgerðir og þök. Uppl. mat@matfasteigna.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

## Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu 110 m2 4ja herb. íbúð á 1. hæð í Breiðholti.Leigist fjölskyldu. Leiguverð 220 þús án rafmagn. Upplýsingar í sima:775-1231.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

## Atvinnuhúsnæði

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**
Laust 55 fm verslunarhúsnæði í Portinu Nýbýlavegi 8.

Laust allt að 700 fm verslunarhúsnæði að Nýbýlavegi 6.

Laust 140-280 fm atvinnuhúsnæði að Auðbrekku 3.

**Nánar uppl.**
**gretar@lundurfasteignir.is**

## Atvinna

## Atvinna í boði

**BAKARÍ**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti.
Vinnutími frá kl. 12:00 -17:30 og annanhvern laugardag.
Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@ sveinsbakari.is**

## Atvinna óskast

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***Verð 7.000,-***

**Munið gjafabréfin okkar.**

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT

## Tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

1. **Deiliskipulag fyrir Reykholt í Biskupstungum, Bláskógabyggð.**
Auglýst er tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi fyrir þéttbýli í Reykholti, Bláskógabyggð. Deiliskipulagið festir í sessi núverandi landnotkun á svæðinu og gerir ráð fyrir þéttingu byggðar þar sem því verður við komið. Markmið eru meðal annars þau að Reykholt verði áfram áhugaverður kostur fyrir búsetu og atvinnuuppbyggingu, að skapaðir verði möguleikar á þróun og vexti núverandi og nýrrar landbúnaðar-, þjónustu-, iðnaðar- og athafnastarfsemi auk þess að skipulagðar verði fjölbreyttar íbúðarlóðir sem nýtast til uppbyggingar næstu árin.

2. **Deiliskipulagsbreyting fyrir Minni-Borg lóð 4 L221537 í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Auglýst er tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi Minni-Borga í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breytingin felst í stækkun lóðar 4 en hún stækkar úr 2.250m2 í 3.954m2 og að byggingarreitur stækki úr 1.400m2 í 2.980m2. Heimilt verður að byggja allt að 800m2.

3. **Deiliskipulag fyrir Hellatún L165286, Ásahreppur.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir alls um 33 ha svæði úr landi Hellatúns L165286 í Ásahreppi. Um er að ræða 10 íbúðar- og land búnaðarlóðir en svæðið er skilgreint sem 5 íbúðarlóðir Í6 og 5 landbúnaðarlóðir í aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.utu.is.
Skipulagstillaga nr. 1 - 3 er í auglýsingu frá 9. janúar – 20. febrúar 2019. Athugasemdir og ábendingar við tillögum nr. 1 - 3 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 20. febrúar 2019. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

***Rúnar Guðmundsson***
***Skipulagsfulltrúi***
***runar@utu.is***

Tilkynningar

Grundarfjarðarbær

## Hótel í landi Skerðingsstaða, Grundarfjarðarbæ

### Verkefnislýsing fyrir gerð deiliskipulags

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum þann 18. október 2018 að kynna verkefnislýsingu fyrir gerð deiliskipulags á reit í landi Skerðingsstaða.
Bæjarstjórn hafði áður veitt landeigendum heimild til að vinna að gerð deiliskipulags, skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga. Áform deiliskipulagsins felast í að fyrirhugað er að reisa hótel, með allt að 100 herbergjum auk fimm stakstæðra gistihúsa. Skipulagssvæðið er undir Skerðingsstaðafjalli, á tanga sem gengur út í Lárvaðal.

Athygli er vakin á því að deiliskipulagstillaga samkvæmt þessari lýsingu mun byggja á samsvarandi stefnu í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi sem kynnt hefur verið á vinnslustigi. Gert er ráð fyrir að báðar tillögur verði auglýstar samtímis fyrri hluta árs 2019.

Verkefnislýsinguna má nálgast á vef sveitarfélagsins, www.grundarfjordur.is. Óskað er eftir því að athugasemdum verði komið á framfæri á netfangið bygg@grundarfjordur.is í síðasta lagi miðvikudag 30. janúar 2019.

Ábendingum má einnig skila skriflega til skipulags- og umhverfisnefndar, b.t. skipulagsfulltrúa, Borgarbraut 16, 350 Grundarfirði.
Kynning verkefnislýsingarinnar er í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

***Grundarfjarðarbær***




# Atvinnuauglýsingar | Job.is

## Alþjóðaviðskipti á sviði upplýsingatækni

intellecta

Traust upplýsingatæknifyrirtæki leitar að öflugum einstaklingi til að starfa í teymi við uppbyggingu á neti samstarfsaðila.

**Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is**

## Öryggisstjóri – upplýsingatæknifyrirtæki

intellecta

Erum með áhugavert starf á sviði öryggis- og gæðamála hjá traustu og vaxandi upplýsingatæknifyrirtæki. Fyrirtækið er með vottun skv. ISO27001.

Nánari upplýsingar veitir Torfi Markússon **(torfi@intellecta.is)** í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar 2019.
**Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is**

## Verkefnastjórar vegna Hringbrautarverkefnis

intellecta

NLSH óskar eftir að ráða öfluga einstaklinga í stöður verkefnastjóra vegna Hringbrautarverkefnis. Byggður verður meðferðarkjarni (sjúkrahús), rannsóknahús, bílastæða-, tækni- og skrifstofuhús og sjúkrahótel.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg **(ari@intellecta.is)** og Thelma Kristín Kvaran **(thelma@intellecta.is)** í síma 511-1225.

Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar 2019.
**Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is**

## Landhelgisgæsla Íslands – Flugvirki

capacent

Landhelgisgæsla Íslands leitar að áhugasömum einstaklingi til að slást í samhent teymi Gæslunnar. Viðkomandi þarf að vera traustur, með ríka þjónustulund og geta tekist á við krefjandi verkefni.

Nánari upplýsingar veitir Inga Guðrún Birgisdóttir, mannauðsstjóri, **ingab@lhg.is.**

**Upplýsingar og umsókn á capacent.is**

## Arnarlax - GÆÐASTJÓRI

Arnarlax leitar að öflugum gæðastjóra. Um er að ræða 100% starf. Starfsstöðin er í höfuðstöðvum fyrirtækisins á Bíldudal þar sem góð vinnuaðstaða er í boði.

Nánari upplýsingar veita:
Geirlaug Jóhannsdóttir,
**geirlaug@hagvangur.is**
Sverrrir Briem,
**sverrir@hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar 2019

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

## Byggðasamlag - SLÖKKVILIÐSSTJÓRI

Væntanlegt byggðasamlag um brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda óskar eftir að ráða slökkviliðsstjóra.

Nánari upplýsingar veitir:
Þórir Þorvarðarson,
**thorir@hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar. 2019**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

## Íslenski dansflokkurinn – Framkvæmdastjóri

capacent

Íslenski dansflokkurinn óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa til að stýra daglegri starfsemi flokksins. Framkvæmdastjóri heyrir undir og vinnur náið með listrænum stjórnanda flokksins. Í boði er mjög áhugavert starf í lifandi og skapandi umhverfi.

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/12378**

## Jarðböðin – Mannauðs- og markaðsstjóri

capacent

Vilt þú tilheyra hópi fólks sem vinnur náið saman að því að gera Jarðböðin að áhugaverðum stað? Ef svo er þá leitum við að hugmyndaríkum og metnaðarfullum einstaklingi með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf í fallegri náttúru.

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/10363**

**Sjá nánar á job.is**

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426



### Allir vinna með öllum

*Tíðkast það að fyrirtæki þrói lyf en láti framleiðsluna í hendur annarra?*

„Viðskiptamódelin spanna allt litrófið. Það sem er sérstakt við lyfjageirann er að allir vinna með öllum með alls kyns hætti. Mögulega er lyfið þróað í sameiningu af tveimur fyrirtækjum og annað þeirra framleiðir lyfið. Annað sem er í stöðunni, er að lyfjafyrirtæki þrói lyf en feli öðrum að framleiða það. Enn annar möguleikinn væri að þróa lyf en selja lyfið til fyrirtækis sem annast framleiðsluna.

Leið Actavis á árum áður var að þróa lyf, selja fyrirtækjum markaðsleyfi en framleiða fyrir þau lyfin í visst mörg ár. Að þeim tíma liðnum gátu fyrirtækin valið um að framleiða lyfin sjálf eða láta einhvern annan annast það verkefni. Í flestum tilvikum var ákveðið að Actavis í Hafnarfirði myndi áfram framleiða lyfið, jafnvel þótt leyfishafinn hefði frjálsar hendur til að semja við aðra. Þetta sýnir vel styrk verksmiðjunnar.“

### Tók vel á annað ár

*Gengu kaupin hratt fyrr sig?*

„Samningarnir tóku töluverðan tíma. Viðræðurnar og að ganga frá fjármögnun tók vel á annað ár. Þegar samið er við fyrirtæki sem á þeim tíma var metið á hlutabréfamarkaði á 50 milljarða dollara, jafnvirði 5.881 milljarðs króna, eru því takmörk sett hve mikla athygli frá stjórnendum sala sem þessi fær.“

*Þú hefur sagt í fjölmiðlum að þegar verksmiðjan væri komin í full afköst, hefðuð þið hug á að framleiða eigin lyf?*

„Við byrjum á að framleiða lyf í verktöku fyrir aðra og láta viðskiptatækifærið sanna sig. Því næst munum við nýta framlegð úr þeim viðskiptum til að þróa eigin lyf. Það er með þetta eins og annað, fyrst þarf að skríða áður en hægt er að ganga og ganga áður en hægt er að hlaupa. Við stefnum á að fara í eigin framleiðslu á næstu tveimur til þremur árum.“

### Starfsmenn verði 150 eftir tvö ár

*Hvernig sérðu fyrir þér vöxt í fjölda starfsmanna á næstu árum?*

„Við erum núna 37. Ég reikna með að sá fjöldi muni um það bil tvöfaldast í ár og það kæmi mér ekki á óvart ef fjöldinn myndi tvöfaldast aftur á næsta ári. Þá yrðum við um 150.“

*Hvað knýr þennan vöxt?*

„Framleiðslugeta verksmiðjunnar. Hún getur framleitt einn og hálfan milljarð tafla. Til að ná hámarksafköstum þarf að vinna á vöktum og þetta er einfaldlega sá fjöldi starfsmanna sem þarf til. Þegar framleiðsla er hafin þarf að fjölga hratt starfsfólki á rannsóknarstofunni og við gæðaeftirlit. Það þarf að athuga hráefnin þegar þau koma inn, á meðan á framleiðslu stendur og reglulega eftir afhendingu til að ganga úr skugga um að töflurnar haldi enn virkni sinni á meðan þær eru seldar í apótekum, jafnvel nokkrum árum eftir framleiðslu.“

*Hvernig verður þessi vöxtur fjármagnaður?*

„Með framlegð úr rekstri fyrirtækisins. Við stefnum ekki á að kalla eftir auknu hlutafé frá hluthöfum eða öðrum fjárfestum, nema upp komi óvænt og spennandi fjárfestingartækifæri. Af þeim sökum er ekki tímabært að fara í framleiðslu á eigin lyfjum strax. Fyrsta skref er að fá framlegð úr verksmiðjunni, sem nýtt verður til að koma henni í full afköst, því næst verður framlegðin úr þeirri starfsemi nýtt til að hefja þróun á eigin lyfjum.“

*Er ekki erfitt að koma eigin lyfjum á markað?*

„Það fer eftir því hvaða leið er farin. Ef framleiða á undir eigin nafni þarf að byggja upp öflugt sölunet sem er afar kostnaðarsamt. Actavis tókst vel upp í þeim efnum með kaupum á fyrirtækjum.

Önnur leið er að þróa vöru og selja hana undir merkjum annarra. Með þeim hætti er hægt að eiga áfram hugverkaréttinn. Það er sú leið sem við myndum fara fyrst. Hún kallar ekki á víðfeðmt sölunet heldur einungis nokkurn fjölda af öflugu sölufólki.“



**„Cori er japanskt orð og þýðir þýðir ís. Það er skemmtilegt og þjált,“ segir Bjarni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Coripharma verði rekið með hagnaði á seinni hluta næsta árs

*Hvenær heldur þú að fyrirtækið verði rekið með hagnaði?*

„Ég reikna með því að það verði á seinni hluta næsta árs og sá hagnaður verði nýttur til að vaxa. Ég tel að það muni taka um 18 mánuði að fá skipið á fullt skrið aftur. Eftir þann tíma eigum við að geta rekið fyrirtækið réttu megin við strikið. Við munum sníða okkur stakk eftir vexti og gæta þess að vaxa ekki of hratt.“

*Hvað þarf marga viðskiptavini til að fylla framleiðslugetu verksmiðjunnar?*

„Margir af þeim viðskiptavinum sem við ræðum við eru með slíkar þarfir að þeir gætu fyllt hana sjálfir. Væntanlega verður þetta blanda af nokkrum viðskiptavinum. Ég sé fyrir mér að á næstu tveimur, þremur árum verðum við með um 20 viðskiptavini.“

*Hvernig gekk að ráða fyrrverandi starfsmenn Actavis?*

„Það gekk yndislega vel. Þá skildi ég hvað hópurinn, sem fékk mig að borðinu, var að tala um. Hér ríkti einstakur starfsandi. Allir sem við ræðum voru komnir með starf annars staðar. Það þurfti oft ekki nema eitt símtal til að fá þá um borð. Þeir svöruðu um hæl: „Ég er með þriggja mánaða uppsagnarfrest og mun að sjálfsögðu koma að þeim tíma liðnum.“

> **Viðræðurnar og að ganga frá fjármögnun tók vel á annað ár. Þegar samið er við fyrirtæki sem á þeim tíma var metið á hlutabréfamarkaði á 50 milljarða dollara, jafnvirði 5.881 milljarðs króna, eru því takmörk sett hve mikla athygli frá stjórnendum sala sem þessi fær.**

### Starfaði með Kenneth Peterson

*Ræðum aðeins um þinn starfsferil.*

„Ég hóf störf fyrir CVC, Columbia Ventures Corporation, árið 2002. Það er í eigu Kenneths Peterson, stofnanda Norðuráls. Hann hafði fyrst og fremst fjárfest í áliðnaði og fasteignum en vildi færa sig yfir í fjarskiptageirann. Við keyptum því saman 40 prósenta hlut í Vodafone og ég varð stjórnarformaður fyrirtækisins. CVC seldi Norðurál og Vodafone árið 2004. Þá fór ég að vinna fyrir hann við sæstrengsverkefni undir hatti Hibernia Networks. Upphaflega ætlaði ég að sinna því starfi í hálft ár en það vatt upp á sig og úr varð að ég stýrði fyrirtækinu í þrettán ár.

Hibernia Networks rekur eigin sæstrengi og ljósleiðaranet í Kanada, Bandaríkjunum og hefðbundnum löndum í Evrópu, það er Belgíu, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Hollandi og Írlandi. Við lögðum nýjan sæstreng sem lokið var við árið 2015. Það var fyrsti strengurinn sem hafði verið lagður í nokkurn tíma. Fyrirtækið var selt árið 2017 í janúar fyrir 610 milljónir dollara,“ segir Bjarni. Það er jafnvirði 72 milljarða króna á núverandi gengi. Á þrettán árum fjölgaði starfsmönnum úr 15 í 240 og veltan nam 190 milljónum dollara við söluna, jafnvirði 22 milljarða króna.

Eftir söluna á Hibernia Networks ferðaðist Bjarni með fjölskyldu sinni töluvert frá árinu 2017 til apríl 2018, en hann hafði lofað henni því þegar störfum hans fyrir fyrirtækið lyki. „Þessi ár útheimtu töluverðan tíma frá fjölskyldunni og heimilishaldið var þá á herðum Katrínar konu minnar sem ýmist bjó með mér í Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi eða á Íslandi. Við vorum meira og minna erlendis frá árinu 1989 þegar ég fór fyrst utan í nám. “

*Hvað ertu menntaður?*

„Ég lauk BS-prófi í verkfræði frá Háskóla Íslands, þaðan lá leiðin í meistaranám í verkfræði við University of Wisconsin. Ári síðar bætti ég við mig MBA-gráðu frá háskóla í París í Frakklandi og fimm árum síðar tók ég mastersnám í fjármálum við London Business School. Árið 1998 sný ég aftur til Íslands og ræð mig til FBA og Íslandsbanka og fjórum árum seinna hef ég störf hjá CVC, eins og fyrr sagði.“

*Hvernig kom það til að þú tókst að þér að verða forstjóri lyfjafyrirtækis og lagðir pening í það?*

„Það var haft samband við mig, rétt eins og marga aðra fjárfesta, og athugað hvort ég hefði áhuga á verkefninu. Þegar hópurinn var kominn saman var það viðrað við mig hvort ég væri reiðubúinn að leiða fyrirtækið. Hugmyndin var að fá einhvern með alþjóðlega stjórnunarreynslu til starfans. Á þeim tíma var það fjarri mér að leiða lyfjaframleiðanda. Ég var ekki á þeim buxunum að taka að mér nýtt verkefni en eftir því sem ég kynnti mér tækifærið betur varð það æ skemmtilegra og áhugaverðara.“

### Á í fiskeldi og ferðaþjónustu

*Hefurðu verið að fjárfesta á Íslandi, fyrst það var hringt í þig?*

„Ég á í þremur fyrirtækjum á Íslandi. Auk Coripharma á ég hlut í og sit í stjórn Matorku sem rekur fiskeldi á landi rétt fyrir utan Grindavík. Það er verið að stækka það núna í þrjú þúsund tonna eldi. Um þessar mundir er verið að kalla eftir fiskeldi á landi því það ógnar ekki villtum laxa- og silungastofnum.

Ég hef einnig fjárfest í gistiheimili fyrir ferðamenn í Reykholti í Biskupstungum. Við leigjum tólf hús til ferðamanna sem vilja fara Gullna hringinn og gista annars staðar en í borginni. Þetta eru skemmtileg verkefni. Mér þykja þau áhugaverðari en að fjárfesta á hlutabréfamörkuðum.“


# Tilnefningar til stjórnar Festi

Tilnefningarnefnd Festi hf. (hér Festi, en áður N1 hf.) auglýsir hér með eftir tilnefningum eða framboðum til stjórnar félagsins vegna aðalfundar Festi sem haldinn verður 21. mars næstkomandi.

Hlutverk tilnefningarnefndar er að undirbúa og gera tillögu um frambjóðendur við kjör stjórnar félagsins á aðalfundi. Skal að því stefnt að stjórnin sé á hverjum tíma þannig samsett að hún búi yfir fjölbreyttri þekkingu og reynslu sem nýtist félaginu við stefnumótun og eftirlit í því umhverfi sem félagið starfar í á hverjum tíma. Við gerð tillögu um kosningu stjórnarmanna í Festi skal tilnefningarnefndin horfa til hæfni, reynslu og þekkingar, m.a. með tilliti til leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og niðurstöðu árangursmats stjórnar.

Þurfa stjórnarmenn jafnframt að fullnægja þeim skilyrðum sem fram koma í samþykktum félagsins og lögum um hlutafélög sbr. ákvæði 66. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Starfsreglur tilnefningarnefndar, samþykktir félagsins og önnur gögn eru aðgengileg á heimasíðu Festi.

Athygli er vakin á því að sérstök skilyrði eiga við um stjórnarmenn í Festi hf. vegna sáttar félagsins við Samkeppniseftirlitið dags. 30. júlí 2018. Geta frambjóðendur kynnt sér skilyrðin á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins þar sem þau eru aðgengileg án trúnaðarupplýsinga.

Þess er óskað að tilnefningum eða framboðum sé skilað til tilnefningarnefndar á sérstökum eyðublöðum ásamt ferilskrá fyrir 10. febrúar 2019.

FESTI

# Aukin áhersla á framtaksfjárfestingar

**Bandaríski vogunarsjóðurinn Elliott Management hefur ráðist í nokkrar umfangsmiklar framtaksfjárfestingar í Bandaríkjunum og Evrópu á síðustu misserum. Áður var sjóðurinn einna þekktastur fyrir að kaupa minnihluta í fyrirtækjum og beita sér sem virkur hluthafi.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Það var bandaríska vogunarsjóðnum Elliott Management mikið áfall að lúta í lægra haldi í baráttunni um yfirráð yfir upplýsingatæknifyrirtækinu Riverbed Technology undir lok árs 2014.

Ósigurinn, en vogunarsjóðurinn átti lægra tilboð en fjárfestahópur undir forystu framtakssjóðsins Thoma Bravo, hratt af stað áherslubreytingu í starfsemi Elliotts sem hefur á undanförnum misserum einbeitt sér í síauknum mæli að framtaksfjárfestingum í óskráðum fyrirtækjum (e. private equity).

Elliott, sem er þekktari fyrir að kaupa minnihluta í fyrirtækjum og kalla eftir breytingum í rekstri þeirra en að hafa full yfirráð yfir fyrirtækjum, kom fjárfestum, greinendum og ekki síst stjórnendum Riverbeds í opna skjöldu þegar hann gerði yfirtökutilboð í tæknifyrirtækið í byrjun árs 2014.

Margir töldu að vogunarsjóðurinn hefði takmarkaðan áhuga á því að eignast Riverbed, enda væri það ólíkt sjóðnum að reyna að taka fyrirtæki yfir, heldur væri markmið hans með tilboðinu eingöngu að þrýsta hlutabréfaverðinu upp og fá fleiri fjárfesta að borðinu.

Jesse Cohn, sjóðsstjóri hjá Elliott Management, hrósaði opinberlega happi yfir kaupum fjárfestahóps Thomas Bravo á Riverbed. Sem einn af stærstu hluthöfum tæknifyrirtækisins, með ríflega tíu prósenta hlut, græddi vogunarsjóðurinn enda fúlgur fjár á yfirtökunni. Í fréttaskýringu Financial Times kemur fram að sjóðurinn hafi keypt sig inn í fyrirtækið á genginu 15,11 dalir á hlut en selt hlut sinn á 39 prósenta hærra verði.

Í reynd var Cohn hins vegar afar ósáttur með málalyktir, að sögn viðmælenda Financial Times sem þekkja vel til mála. Kaupendurnir höfðu hafnað boði Elliotts, sem vildi slást í hóp með þeim, en engu að síður gripu þeir í kjölfar kaupanna til sömu aðgerða til þess að umbreyta rekstri Riverbeds og vogunarsjóðurinn hafði ítrekað talað fyrir. Fjárfestahópurinn átti á næstu árum eftir að margfalda fjárfestingu sína, Cohn til mikillar gremju.

„Á þessari stundu rann það upp fyrir Elliott,“ segir einn heimildarmaður Financial Times, að sjóðurinn þyrfti að marka sína eigin stefnu í framtaksfjárfestingum.

**Stofnuðu framtakssjóð**

Og starfsmenn sjóðsins tvínónuðu ekki við hlutina. Þeir settu fljótlega á stofn framtakssjóðinn Evergreen Coast Capital Partners, sem átti einkum að fjárfesta í bandarískum hugbúnaðar- og tæknifyrirtækjum, og tryggðu honum nægt fjármagn til þess að geta keppt við marga af helstu framtakssjóðum Bandaríkjanna.

Áherslubreytingin hefur á undanförnum mánuðum borið ríkulegan ávöxt. Elliott keypti meðal annars hugbúnaðarfyrirtækið Gigamon fyrir 1,6 milljarða dala síðla árs 2017 og heilbrigðistæknifyrirtækið Athenahealth fyrir 5,7 milljarða dala í nóvember síðastliðnum. Í síðasta mánuði var jafnframt tilkynnt um kaup vogunarsjóðsins, ásamt fjárfestingafélaginu Siris Capital, á ferðatæknifyrirtækinu Travelport. Var kaupverðið um 4,4 milljarðar dala.

„Sjóðurinn hefur hagnast verulega á því að koma fyrirtækjum í hendur framtakssjóða,“ segir einn ráðgjafi Elliotts í samtali við Financial Times. Hann hafi hins vegar misst af enn stærri hagnaðartækifærum með því að selja sig út úr fyrirtækjunum.

„Nýja stefnan er góð vegna þess að hún gerir sjóðinn að enn áhrifameiri fjárfesti.

**Lítil hætta á innlausnum**

Elliott, sem milljarðamæringurinn Paul Singer stofnaði árið 1977, er einn stærsti aðgerðasinnaði (e. activist) vogunarsjóður heims. Sjóðsstjórar hans fylgja fjárfestingum sínum eftir af harðfylgi og forðast ekki átök ef þeirra er þörf, eins og sýndi sig í áratugabaráttu sjóðsins við argentínsk stjórnvöld um gjaldfallin skuldabréf Argentínu. Sjóðurinn gekk meira að segja svo langt í þeim deilum að hann lét kyrrsetja argentínskt seglskip þegar það leitaði hafnar í Gana.



Paul Singer stofnaði Elliott Management fyrir 42 árum. Hann er enn í dag stjórnarformaður og forstjóri vogunarsjóðsins. NORDICPHOTOS/GETTY

Aðgerðafjárfestar, líkt og Elliott, einbeita sér vanalega að því að kaupa minnihluta í fyrirtækjum og kalla eftir verulegum breytingum í rekstri þeirra, svo sem uppstokkun á stjórnendateymi, auknum arðgreiðslum eða sölu eigna, í stað þess að taka heilu fyrirtækin yfir.

Ein ástæðan er sú að vogunarsjóðir búa ekki yfir eins þolinmóðu fjármagni og framtakssjóðir til þess að ráðast í stórar og tímafrekar fjárfestingar, líkt og til dæmis yfirtökur á fyrirtækjum. Fjárfestar í fyrrnefndu sjóðunum geta reglulega tekið fé sitt út úr sjóðunum á meðan framtakssjóðir eru fjármagnaðir til lengri tíma, oft meira en tíu ára, eins og fréttaskýrandi Reuters bendir á.

Viðmælendur Financial Times nefna þó að litlar líkur séu á því að Elliott þurfi að draga úr framtaksfjárfestingum sínum vegna mögulegra innlausna fjárfesta. Annars vegar sé aðeins lítill hluti af 35 milljarða dala eignasafni sjóðsins bundinn í slíkum fjárfestingum og hins vegar sé innflæði fjármagns í sjóðinn margfalt meira en útflæðið úr honum. Sem dæmi safnaði sjóðurinn fjárfestaloforðum fyrir um fimm milljarða dala á aðeins einum sólarhring í síðustu fjármögnunarlotu um mitt ár 2017.

**Keypti breska bókakeðju**

Það er ekki aðeins í Bandaríkjunum sem Elliott hefur lagt aukna áherslu á framtaksfjárfestingar. Sjóðurinn fékk sumarið 2017 Paul Best, fyrrverandi framkvæmdastjóra Warburg Pincus, til þess að stýra fjárfestingum sínum í óskráðum evrópskum fyrirtækjum. Hans fyrsta verk var að kaupa ráðandi hlut í bresku bókaverslanakeðjunni Waterstones.

**35**

**milljarðar dala eru í stýringu vogunarsjóðsins Elliott Management.**

**» Vogunarsjóðurinn, sem var stofnaður af milljarðamæringnum Paul Singer árið 1977, er þekktur fyrir að kalla eftir verulegum breytingum í rekstri þeirra fyrirtækja sem hann fjárfestir í.**

Og sjóðurinn hefur látið til sín taka á fleiri vígstöðvum í Evrópu. Upplýst hefur verið um kaup hans á hlut í meðal annars þýska lyfjaog efnarisanum Bayer, franska drykkjarvöruframleiðandanum Pernod Ricard og þýska stálfyrirtækinu ThyssenKrupp. Þá vakti það mikla athygli þegar vogunarsjóðurinn tók yfir AC Milan síðasta sumar eftir að kínverskur eigandi ítalska knattspyrnufélagsins stóð ekki í skilum við sjóðinn.

Stjórnendur Elliotts hafa heitið því að að skjóta styrkari stoðum undir fjárhag AC Milan og koma því aftur í fremstu röð á meðal evrópskra knattspyrnuliða. Þegar því takmarki er náð, mögulega á næstu tólf til átján mánuðum, hyggst vogunarsjóðurinn selja félagið.

Í Bandaríkjunum hefur sjóðurinn fyrst og fremst reynt yfirtökur á hugbúnaðar- og tæknifyrirtækjum, eins og áður sagði. Það kann hins vegar að horfa til breytinga. Samkvæmt heimildum Financial Times skoðar teymi áðurnefnds Jesse Cohns nú mögulegar fjárfestingar í olíu- og gasgeiranum. Þá íhugar sjóðurinn jafnframt, ásamt framtakssjóðnum Apollo, að yfirtaka framleiðslufyrirtækið Arconic sem var áður hluti af álrisanum Alcoa.




## Skilaði 15 prósenta ávöxtun í fyrra

Sjóður í stýringu bandaríska vogunarsjóðsins Bridgewater Associates skilaði 14,6 prósenta ávöxtun á síðasta ári, samkvæmt heimildum Financial Times, á sama tíma og vogunarsjóðir skiluðu að meðaltali neikvæðri ávöxtun upp á 6,7 prósent.

Árleg ávöxtun sjóðsins, Pure Alpha Strategy, hefur verið 12 prósent að meðaltali frá því hann var settur á laggirnar árið 1991. Ávöxtun sjóðsins á síðasta ári var sú besta í fimm ár.

Bridgewater, sem milljarðamæringurinn Ray Dalio stýrir, er stærsti vogunarsjóður í heimi með eignir í stýringu upp á 160 milljarða dala. Sjóðurinn hefur hagnast um ríflega 50 milljarða dala á líftíma sínum, samkvæmt gögnum frá LCH Investments. Stjórnendur vogunarsjóðsins hafa um nokkurt skeið lýst yfir áhyggjum sínum af minni vexti í heimshagkerfinu og sagt marga fjárfesta vera andvaralausa gagnvart aðhaldsaðgerðum seðlabanka víða um heim.



Ray Dalio, stofnandi Bridgewater Associates.

„Við eigum eftir að horfa fram á töluvert veikari hagvöxt árið 2019, miðað við okkar greiningar, og fjárfestar eru almennt ekki að taka mið af því í verðlagningu sinni,“ sagði Greg Jensen, sjóðsstjóri hjá Bridgewater, í samtali við Reuters í fyrra. – kij

## Fjármálafyrirtæki stofna nýja kauphöll

Nokkur stærstu fjármálafyrirtæki Bandaríkjanna hafa tekið höndum saman um stofnun nýrrar kauphallar sem ætlað er að auka samkeppni á sviði verðbréfaútgáfu og draga úr viðskiptakostnaði fjárfesta.

Fyrirtækin Fidelity Investments, TD Ameritrade, Morgan Stanley og Citadel Securities standa meðal annars að baki kauphöllinni sem fengið hefur nafnið Members Exchange eða MEMX.

Markmið stofnendanna er að veita stærstu fyrirtækjunum á umræddum markaði, fyrst og fremst New York Stock Exchange, Nasdaq og Cboe Global Markets, harða samkeppni. Hlutabréf í fyrirtækjunum þremur féllu um á bilinu tvö til þrjú prósent í verði eftir að tilkynnt var um áformin á mánudag.



NYSE kauphöllin í New York er ein sú stærsta í heimi. NORDICPHOTOS/GETTY

Í fréttatilkynningu frá MEMX kom fram að stefnt væri að því að sækja um starfsleyfi hjá bandaríska verðbréfaeftirlitinu snemma á þessu ári en það tekur eftirlitið að jafnaði um eitt ár að afgreiða slíkar umsóknir, eftir því sem fram kemur í frétt Financial Times.

Nýjum keppinautum á borð við IEX hefur gengið erfiðlega að hasla sér völl í samkeppninni við stærstu kauphallir Bandaríkjanna en kauphallir í eigu Intercontinental Exchange, Nasdaq og Cboe ráða yfir meirihluta markaðarins. – kij


SSANGYONG REXTON ER 4X4 JEPPI ÁRSINS!
4X4 OF THE YEAR
AWARDED BY 4X4 MAGAZINE
FRUMSÝNING
12. JANÚAR
Verið velkomin á frumsýningu SsangYong Rexton,
á Krókhálsi 9, laugardaginn 12. janúar,
milli kl. 12:00 og 16:00.
REXTON
Birt með fyrirvara um verð- og textabrengl
Verð frá
6.990.000 kr.
SSANGYONG
ssangyong.benni.is.
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020
Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330
Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Fiskur verði æ meira seldur á netinu

## Svipmynd
**Hjalti Halldórsson**

Hjalti Halldórsson er eigandi og framkvæmdastjóri útflutningsfyrirtækisins Bacco Seaproducts en fyrirtækið sérhæfir sig í að selja og koma fiskafurðum til heildsala erlendis og kaupir flestar tegundir fisks frá fiskvinnslum og útgerðum um land allt.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Hestamennska og hrossarækt er það sem gefur mér kraft og dregur hugann frá amstri dagsins, en við konan mín og yngri sonur eigum nokkra hesta. Ég reyni að komast í eina eða tvær hestaferðir á ári í góðum félagsskap. Ég var mikið í íþróttum hér áður fyrr, en fylgist meira með þeim núorðið. Þá reyni ég að komast á einn leik á Englandi á ári og stefni nú að því að skreppa til Birmingham og sjá frænda minn spila með Aston Villa fyrir vorið. Fer svo á hverju ári í einn laxveiðitúr í Laxá í Aðaldal. Fjölskyldan hefði eflaust nefnt vinnuna sem áhugamál þar sem ég ver mestum tímanum, en ég hef mætt miklum skilningi heima fyrir varðandi vinnuna og ferðalög sem henni tengjast.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Fer í góða sturtu, fæ mér eitthvað létt með kaffibollanum og renni yfir blöðin.

*Hver er bókin sem þú ert að lesa eða last síðast?*

Er að klára bókina Eftirlýstur sem er um Bandaríkjamanninn Bill Browder sem stofnar fjárfestingasjóð í Rússlandi og lendir í ýmsum hremmingum. Síðan eru nokkrar sem bíða á náttborðinu, m.a. síðasta bók Ólafs Jóhanns.

*Ef þú þyrftir velja allt annan starfsvettvang, hver yrði fyrir valinu?*

Ég mundi ekki velja mér annan starfsvettvang en gerði klárlega einhverja hluti öðruvísi ef ég lít til baka, reynslunni ríkari.

*Hvað er það áhugaverðasta við það að starfa í atvinnugreininni?*

Krafturinn og dýnamíkin er mikil í sjávarútvegi og nýjar áskoranir koma upp reglulega sem takast þarf á við. Sjávarútvegur hefur tekið gífurlegum breytingum frá því að ég hóf störf í greininni og miklar framfarir hafa orðið í allri virðiskeðjunni allt frá veiðum, búnaði og vinnslutækni til sölu- og markaðssetningar.



Hjalti Halldórsson, framkvæmdastjóri Bacco Seaproducts. MYND/SIGTRYGGUR ARI

**Mikil samþjöppun hefur orðið á smásölumörkuðum erlendis sem við þurfum að aðlaga okkar starfsemi að. Eðlilegt er að sams konar þróun verði í íslenskum sjávarútvegi og eitthvað sem menn verða að horfast í augu við.**

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?*

Að skapa traust og trúverðugleika er eitt af því mikilvægasta sem ég tekst á við en við eigum viðskipti með mikil verðmæti í sjávarútveginum og því er mikilvægt að birgjar og viðskiptavinir beri traust til okkar. Í starfi mínu er mikilvægt að láta fólkið í kring um sig njóta sín sem best og leyfa því að taka sem flestar ákvarðanir en auðvitað geri ég miklar kröfur bæði til mín og annarra.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu í dag?*

Mikil samþjöppun hefur orðið á smásölumörkuðum erlendis sem við þurfum að aðlaga okkar starfsemi að. Eðlilegt er að sams konar þróun verði í íslenskum sjávarútvegi og eitthvað sem menn verða að horfast í augu við. Því tel ég mikilvægt að til staðar séu öflug sölu- og markaðsfyrirtæki sem tryggja að þær hágæðaafurðir sem unnar eru á Íslandi skili sér í hillur verslana á okkar helstu markaðssvæðum. Einnig má nefna að útganga Breta úr Evrópusambandinu er auðvitað áhyggjuefni og mikilvægt fyrir Íslendinga að halda vel utan um hagsmuni sína enda Bretland einn af stærstu mörkuðum fyrir ferskar og frystar íslenskar þorskafurðir.

*Hvaða breytingar sérðu fyrir þér í atvinnugreininni á komandi árum og í hverju felast helstu sóknartækifærin?*

Ég er bjartsýnn á framtíðina þar sem eftirspurn eftir fiski fer vaxandi í heiminum og nýir markaðir eru að opnast með nýjum tækifærum. Markaðssetning á fiski á eftir að breytast og færast nær neytendum í gegnum verslun á netinu en það kallar aftur á nýja hugsun og að yngra fólk komi inn í greinina með nýjar hugmyndir.

### Helstu drættir

**Nám:** Viðskiptafræðingur frá HÍ 1991

**Störf:** Hef starfað við sjávarútveg meira og minna frá 1993, fyrst í sex ár hjá Fiskiðjusamlagi Húsavíkur. Síðan vann ég hjá stóru sænsku fyrirtæki sem gerði út skip frá Rússlandi og Litháen auk þess að vera með starfsemi í öðrum löndum. Árið 2004 keyptum við, ég og viðskiptafélagi minn, Fishproducts Iceland út úr sænska fyrirtækinu og höfum við rekið það síðan. Fishproducts Iceland selur sjávarafurðir frá Rússlandi og fjárfesti einnig í rússneskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Auk þess sit ég í stjórnum nokkurra fyrirtækja.

**Fjölskylduhagir:** Er giftur Petrínu Sigurðardóttur viðskiptafræðingi og við eigum fjögur börn og tvö barnabörn.

# Fjármálamarkaðir í þunglyndi



**Valdimar Ármann**
forstjóri GAMMA

Árið 2018 reyndist umtalsvert frábrugðið því sem margir spáðu – hagvöxtur var ívið meiri með heilbrigðari samsetningu og viðskiptaafgangur hélst verulega jákvæður. En þegar líða tók á á árið seig á ógæfuhliðina á öðrum vígstöðvum og hefur til að mynda ekki verið um fleiri hópuppsagnir að ræða síðan 2009. Að sama skapi vakti athygli að uppsagnir voru dreifðar á flutninga, fiskvinnslu og iðnaðarframleiðslu og einskorðast því ekki við fluggeirann eins og fréttaflutningur virðist helst bera með sér. Það gefur til kynna ákveðin varúðarmerki en vinnumarkaður var þó farinn að markast af ákveðinni spennu þar sem atvinnuleysi var orðið sögulega mjög lágt og líklega undir náttúrulegu atvinnuleysi.

Heilt yfir er staða Íslands góð og þó svo að blikur séu enn á lofti þá er staða hagkerfis, heimila og fyrirtækja sterk í grunninn. En þrátt fyrir ágæta stöðu þá var árið 2018 ekki gjöfult á eignamörkuðum. Veiking krónunnar á haustmánuðum smitaði hratt yfir í verðlag og endaði verðbólgan í 3,7% sem er mesta árlega hækkun verðlags frá árinu 2013 en þá var verðbólgan 4,2%. Krónan hefur tekið að styrkjast aftur á seinustu vikum ársins, enda má rekja hraða veikingu hennar á haustmánuðum til hræðsluástands vegna reksturs flugfélaganna og aukins hita í kjarabaráttu, og nær verðlag mögulega jafnvægi í kjölfarið á styrkingunni. En þessi aukning í verðbólgu varð til þess að

**Góð lending í kjarasamningum myndi því að öllum líkindum vera mjög jákvæð fyrir eignaverð sem og á atvinnustig og vaxtastig til heimila og fyrirtækja.**

raunávöxtun á innlánsreikningum og óverðtryggðum skuldabréfum varð slöpp og sigurvegarar ársins urðu verðtryggð ríkisskuldabréf (annað árið í röð!). Litið á dreifð eignasöfn þá var heildarávöxtun verðbréfa á fjármálamarkaði mæld með Markaðsvísitölu GAMMA 3,8% að nafnvirði sem er 0% raunávöxtun. Hlutabréfamarkaður veldur vonbrigðum þriðja árið í röð en skuldabréf, sérstaklega þau verðtryggðu, halda ávöxtun uppi ásamt vel völdum erlendum fjárfestingum.

**Sterkari undirstöður**

Heillavænlegt reyndist fyrir íslenska fjárfesta að kaupa gjaldeyri í byrjun árs og fjárfesta erlendis en síðan sneru markaðir erlendis við og skiluðu flestallir neikvæðri ávöxtun þegar upp var staðið, til dæmis var ávöxtun bandarísku vísitölunnar S&P500 -7% og þýsku vísitölunnar DAX -18%, japönsku vísitölunnar Nikkei -12% og heildarvísitölu skuldabréfa -1,4% (heimsvísitala skuldabréfa samsett úr 24 löndum). Það skiptir því höfuðmáli að skoða vel í hverju er fjárfest erlendis og fara yfir eignadreifingu og val á gjaldmiðlum þegar fjárfestingarákvarðanir eru teknar. Erlendir markaðir bjóða upp á úrval fjárfestingarkosta og enn meiri tækifæri til áhættudreifingar en sá innlendi og því er mikilvægt að skoða vel skuldabréf, sérhæfðar fjárfestingar og lánasjóði.

Ljóst er að mikil breyting hefur orðið á íslensku hagkerfi með tilkomu ferðaþjónustunnar og eru undirstöður íslensks efnahagslífs mun breiðari, og um leið sterkari, en áður hefur verið. Með tilkomu svo stórrar gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar hefur nú íslenskt hagkerfi snúið í það að vera með jákvæða erlenda stöðu, þ.e. meiri eignir erlendis en skuldir. Þetta tvennt – stórar gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar og jákvæð erlend staða – hefur breytt jafnvægisraungengi landsins og gert það sterkara en áður hefur verið. Til stuðnings við gengið er líka stór gjaldeyrisvaraforði ásamt áframhaldandi jákvæðum viðskiptaafgangi. Þetta leiðir jafnframt af sér að jafnvægisraunvextir landsins eru lægri en þeir voru áður enda hafa raunvextir lækkað umtalsvert á árinu 2018 og voru í árslok í kringum 1,4% á löngum verðtryggðum ríkisskuldabréfum. Raunvaxtastig til skemmri tíma er hins vegar komið niður í 1% og lækkar úr 2% frá árinu 2017 og vekur athygli að þessi lækkun vaxta hafi ekki skilað sér meira í eignaverð. Sér í lagi er það athyglisvert að þetta lága grunnvaxtastig skilar sér að litlu leyti til heimila og fyrirtækja sem þurfa enn að fjármagna sig á raunvöxtum á bilinu 3-4% (horft til fastra raunvaxta en ekki breytilegra) sem þýðir þá að niðurstaðan sé sú að áhættuálag á útgefendur á Íslandi hefur verið að hækka.

**Stærsta óvissumálið**

En áhættuálagið er líklega ekki að aukast bara vegna áhættu; enn eru hér innflæðishöft og framboð lánsfjár hefur heldur dregist saman vegna ýmissa samverkandi þátta. Þó má nú loks gera ráð fyrir því að árið 2019 verði innflæðishöftum að fullu aflétt og búið að leysa úr aflandskrónustafla sem var hér enn til staðar. Það eru því ástæður til bjartsýni en stærsta óvissumálið er sem fyrr úrlausn kjarasamninga og því er beðið eftir niðurstöðu í þeim málum en markaðir verðleggja inn átök og neikvæða niðurstöðu. Góð lending í kjarasamningum myndi því að öllum líkindum vera mjög jákvæð fyrir eignaverð sem og á atvinnustig og vaxtastig til heimila og fyrirtækja.


ÚTSALA
30-60%
AF ÖLLUM VÖRUM
35%
af öllum stólum
Dondola®
Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN
Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is
40-60%
af allri Prima vörulínunni
50-60%
af völdum vörum og sýnishornum

# Skotsilfur

## Selur fasteignir í Flórída



**Jón Gerald Sullenberger**, fyrrverandi kaupmaður í Kosti, hefur vent kvæði sínu í kross í kjölfar þess að matvöruverslun hans var tekin til gjaldþrotaskipta og starfar nú sem fasteignasali í Coral Gables í Flórída. Jón Gerald starfar fyrir EWM Realty International en svo skemmtilega vill til að fyrirtækið er hluti af samstæðu Berkshire Hathaway, fjárfestingafélags auðkýfingsins Warrens Buffett.

## Pizza Höft lokar



Fregnir bárust af því í gær að pitsustaðnum við Hverfisgötu 12, betur þekktur sem nafnlausi pitsustaðurinn, hafi verið lokað eftir fimm ár í rekstri. Á meðal þeirra sem sátu í framkvæmdahópi um losun hafta var veitingastaðurinn hins vegar jafnan kallaður „Pizza Höft“. Það stafar af því að sérfræðingarnir, þar á meðal varaformaðurinn **Sigurður Hannesson**, komu upp með margar mikilvægustu hugmyndirnar að lausn vandans á meðan þeir sátu að snæðingi á pitsustaðnum síðla kvölds. Er því kannski við hæfi að í kjölfar þess að höftin fari hverfi Pizza Höft á braut.

## Óvænt inngrip



Síðustu inngrip Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði komu flatt upp á fjárfesta sem hafa hingað til ekki vanist því að bankinn láti til sín taka þegar krónan hreyfist um aðeins 0,6 prósent. Venjulega hefur bankinn ekki gripið inn í fyrr en við um 2 prósenta hreyfingu. Það er því ekki nema von að margir klóri sér í hausnum og bíði eftir því að **Már Guðmundsson** seðlabankastjóri útskýri hvort um grundvallarstefnubreytingu sé að ræða.

# Tesla reisir sína fyrstu verksmiðju í Kína




Elon Musk, forstjóri Tesla, kynnti á mánudag, ásamt Ying Yong, borgarstjóra Sjanghaí, áform bandaríska rafbílaframleiðandans um smíði nýrrar verksmiðju í kínversku borginni sem á að framleiða allt að 500 þúsund bíla á ári. Er stefnt að því að framleiðsla hefjist strax á síðari hluta ársins. Stærsti markaður heims fyrir rafbíla er í Kína, að sögn greinenda, en í landinu er jafnframt að finna marga helstu keppinauta rafbílaframleiðandans. NORDICPHOTOS/GETTY

# Öll púslin skipta máli



**Gunnar Dofri Ólafsson**
lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands.

Tilnefningarnefndir og góðir stjórnarhættir hafa verið í sviðsljósinu undanfarin misseri. Hvers vegna ætli það sé? Skýringarnar eru vafalaust margar en meðal þeirra gæti verið frétt frá síðasta vori, þar sem sagt var frá bréfaskriftum bandaríska eignastýringafyrirtækisins Eaton Vance til stjórna þeirra skráðu félaga þar sem sjóðurinn var hluthafi. Í ljósi þessa mikla áhuga blása útgefendur leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja til morgunverðarfundar um tilnefningarnefndir á Grand Hótel í fyrramálið.

En hvað gera þessar tilnefningarnefndir? Þær eru ekki hluti af árlegri veitingu Óskarsverðlaunanna eins og álykta mætti af nafninu í fyrstu heldur gagnlegt verkfæri hluthafa til að stuðla að góðum stjórnarháttum. Hlutverk tilnefningarnefnda er í sem stystu máli að meta heildstætt og tilnefna einstaklinga sem mynda heildstæðan og fjölhæfan hóp til stjórnarsetu í aðdraganda aðal- eða hluthafafundar.

Í áðurnefndri frétt segir meðal annars: „Fram kemur í bréfinu [...] að góðir stjórnarhættir leiði til aukins virðis fyrir hluthafa til lengri tíma litið. Eitt mikilvægasta atriðið til að tryggja góða stjórnarhætti sé að skipa tilnefningarnefnd. Vakin er athygli á því að 95% af skráðum fyrirtækjum í Svíþjóð hafi yfir að ráða slíkum nefndum.“

Í störfum sínum skal tilnefningarnefnd vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt, eins og segir í nýjustu útgáfu Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gefa út. Í inngangi leiðbeininganna er þeim sérstaklega beint að „einingum tengdum almannahagsmunum, en það eru fyrirtæki með verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, lífeyrissjóðir, lánastofnanir og vátryggingafélög.“

Tilnefningarnefndir komu fyrst fram í leiðbeiningum um góða stjórnarhætti árið 2009. Þrátt fyrir það voru lengst af einungis tvær tilnefningarnefndir starfandi í skráðum félögum. Sýn, áður Fjarskipti, setti á fót tilnefningarnefnd haustið 2014 og Skeljungur árið 2016.

**Og stjórnarsætið hlýtur …**

Undanfarin misseri hafa tveir fagfjárfestar öðrum fremur kallað eftir tilnefningarnefndum í skráðum félögum: Eaton Vance og Lífeyrissjóðurinn Gildi. Töluvert hefur dregið til tíðinda fyrir áhugafólk um stjórnarhætti fyrirtækja í þessum efnum því í hóp Sýnar og Skeljungs hafa bæst Arion banki, Eik, Festi, Hagar, Origo, Reginn, Reitir, Síminn, Sjóvá, TM og VÍS. Í sumar samþykkti svo hluthafafundur HB Granda að fela stjórn að undirbúa að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins. Af átján félögum á aðallista Kauphallarinnar eru því fjórtán ýmist með tilnefningarnefnd starfandi, í burðarliðnum eða með í skoðun að koma upp slíkri nefnd. Þessari miklu aukningu á þessum skamma tíma ber að fagna.

**Bæði verkfæri og markmið**

Sú staðreynd að bæði innlendir lífeyrissjóðir og erlendur eignastýringasjóður leggja kapp á að íslensk fyrirtæki komi á fót tilnefningarnefndum segir ákveðna sögu. Í áðurnefndri frétt teflir Eaton Vance þannig fram því einfalda sjónarmiði að góðir stjórnarhættir og tilvist tilnefningarnefnda innan fyrirtækja leiði til aukins virðis fyrirtækja til lengri tíma. Sjónarmiðið er því ekki eingöngu að góðir stjórnarhættir séu eftirsóknarverðir sem sjálfstætt markmið heldur leiði góðir stjórnarhættir til aukins virðis fyrir hluthafa, og að einn hornsteina góðra stjórnarhátta sé einmitt tilnefningarnefndir. Þetta ætti að vera hluthöfum hvatning til að í það minnsta skoða gaumgæfilega að koma á fót tilnefningarnefndum í sínum félögum til að tryggja fjölbreytni og fjölhæfni í stjórnum. Því þótt allir sem hafa lagst yfir púsluspil byrji á að finna hornpúslin væri útkoman heldur hrörleg, eða myndin sem birtist mjög smá, ef öll púslin væru hornpúsl. Sömu sögu má segja af stjórnum fyrirtækja. Séu stjórnarmenn of einsleitir, jafnvel þótt hver og einn þeirra sé mjög hæfur, kann það að draga úr styrk stjórna því styrkur stjórna felst öðru fremur í þeirri heild sem stjórnarmennirnir mynda.

# Ævintýri líkast

SKOÐUN

**Helgi Vífill Júlíusson**



Saga Siggi's skyr er lyginni líkust. Ungur hagfræðimenntaður Íslendingur með sítt hár og tvær hendur tómar, gerir atlögu að því að selja skyr að íslenskri fyrirmynd í New York árið 2005. Án snefils af reynslu hvað varðar þróun, framleiðslu eða sölu á matvælum.

Það sem gerir söguna enn merkilegri er að á þeim tíma var engin sambærileg vara á boðstólum og því voru Bandaríkjamenn ekki komnir á bragðið. Þetta var áhættusamt nýsköpunarverkefni.

Fyrir um ári seldi stofnandinn Sigurður Kjartan Hilmarsson og fleiri fyrirtækið fyrir himinháar fjárhæðir. Ekki hefur fengist staðfest hvert söluverðið var en í frétt í Markaðnum í dag er upplýst um að það hafi verið að lágmarki 40 milljarðar króna. Það er með ólíkindum. Erfitt er að ímynda sér að íslenskur frumkvöðull hafi náð betri ávöxtun fyrir sjálfan sig og aðra hluthafa.

Uppbygging fyrirtækisins var ekki alltaf dans á rósum. Eflaust hefur Sigurður Kjartan þurft að krossa fingur oftar en hann hefði viljað og vonast til að fyrirtækið myndi standast mótlætið sem það mætti þá stundina.

> **Uppbygging fyrirtækisins var ekki alltaf dans á rósum. Eflaust hefur Sigurður Kjartan þurft að krossa fingur oftar en hann hefði viljað og vonast til að fyrirtækið myndi standast mótlætið sem það mætti þá stundina.**

Það er ekki nóg að detta á réttu hugmyndina eða taka við stýrinu á rótgrónu fyrirtæki til að allt gangi í haginn. Það er eins og Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, sagði við Markaðinn um áramótin: „Það er ekkert gefið í viðskiptum. Það þarf að berjast fyrir öllu.“

Fyrirtæki þurfa ávallt að reyna að sanna fyrir viðskiptavinum og fjárfestum að þau eigi erindi á markað. Gæfan er hverful í viðskiptum. Það getur fljótt fjarað undan hjá fyrirtækjum og fjárfestum.

Flestar atvinnugreinar eru um þessar mundir að taka miklum breytingum og því verða fyrirtæki að bregðast við breyttum aðstæðum eða eiga á hættu að þurfa að draga saman seglin, jafnvel daga uppi. Til dæmis þurfa ýmis stöndug fyrirtæki að bregðast við aukinni sókn Vesturlandabúa í heilnæmar vörur, tækifæri sem Sigurður Kjartan stökk á.

Á sama tíma mættu margir landsmenn vera hófsamari í nálgun sinni gagnvart atvinnulífinu því fá fyrirtæki geta okrað á viðskiptavinum og þau munu ekki gnæfa yfir samfélaginu um aldur og ævi.

Það er nefnilega alltaf einhver Siggi sem ætlar að brjóta sér leið á markaðinn.

### Til leigu tveir

# Veitingastaðir á Húsavík

**Áhugavert tækifæri fyrir rekstraraðila**





*Mjög **góð staðsetning** á hafnarstéttinni á Húsavík þangað sem um **100.000 ferðamenn** koma á hverju sumri til að fara í hvalaskoðun.*



## GAMLI BAUKUR

*Hefðbundinn veitingastaður/pub*



## HVALBAKUR

*Kaffihús með léttum réttum*

Staðirnir leigjast báðir í einu.

Báðir staðirnir eru í eigu Norðursiglingar hf.

Staðirnir hafa verið með fulla opnun frá apríl til september en með minni opnun yfir veturinn.

*Nánari upplýsingar veitir Valdimar, framkvæmdastjóri Norðursiglingar í síma 618 2473 - valdi@northsailing.is*

NORTH SAILING
SINCE 1995

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 9. janúar 2019



FRÉTTABLAÐIÐ.IS
frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins
@frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

## Gamli og nýi

**Gærdagurinn** var birtingarmynd um gamla og nýja tíma í verslun. Á sama tíma og Amazon varð verðmætasta fyrirtæki veraldar, eða um 800 milljarðar dala að markaðsvirði, var formlega tilkynnt að hinn gamalgróni verslunarrisi, Sears, yrði tekinn til gjaldþrotaskipta. Sears var upprunalega pöntunarlisti sem sendur var á heimili fólks, og opnaði síðar verslanir um öll Bandaríkin. Allt til 1989 var Sears stærsta verslunarfyrirtæki Bandaríkjanna hvað tekjur varðar.

**Fall Sears** er auðvitað birtingarmynd nýrra tíma í verslun. Fyrirtækið er löngu hætt að senda bæklinga sína inn á öll heimili, og verslanirnar urðu tímaskekkja eftir því sem árin liðu. Ris Amazon er svo hin hliðin á sama peningi. Netverslun án landamæra og allt sem henni fylgir. Raunar eru fá svið mannlífsins sem Amazon snertir ekki á. Amazon seldi upprunalega tónlist og bækur, en er í dag allt í senn markaðstorg fyrir allt milli himins og jarðar, alhliða afþreyingarveita, gagnageymsla á netinu. Fyrirtækið selur raftæki undir eigin nafni, allt frá lestölvum og spjaldtölvum yfir í raddstýrða hátalara, matvöru og svo mætti áfram telja. Allt er þetta svo sent heim í stofu.

**Það er** í þessum heimi sem fyrirtæki á borð við Sears eiga erfitt með að fóta sig. Skyldi engan undra, þau sitja á langtímaleigusamningum á stöðum sem fólk vill ekki lengur versla á. Af hverju að rífa sig af stað þegar þú getur fengið sent heim í stofu? Kostnaður í breyttum heimi sligaði fyrirtækið að endingu.

**Þetta** er þróun sem á sér stað alls staðar í heiminum og þvert á landamæri. Fornfrægir breskir verslunarrisar eiga í miklum vandræðum. Hér á Íslandi sjáum við að stóru verslunarfyrirtækin láta suma vöruflokka hreinlega ósnerta. Hagar hafa undið nánast alveg ofan af rekstri tískuverslana sinna. Þar skiptir erlend samkeppni vafalaust langmestu.

**Dæmin** sýna hins vegar að ekki er öll nótt úti enn fyrir hefðbundnar verslanir. Þannig hafa Harrods og Selfridges skilað metárangri síðustu misseri. Þeim hefur tekist að feta þetta vandrataða einstigi milli nýja tímans og þess gamla.

**Verslun á** gamla mátann mun ekki leggjast af. Þeir sem sofa á verðinum verða þó ekki langlífir.


UMHVERFIÐ
ÁSTRÍÐA
HREINT
ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## Sjóður GAMMA selur í Arctic Adventures

